# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. ágúst 2006 — 221. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Lýgur til um aldur



Leikarinn Árni Pétur Guðjónsson er fimmtíu og fimm ára í dag en hann hefur leikið mikið með leikhópnum Vesturporti að undanförnu.

**TÍMAMÓT 24**

### Hugsjónabóndi á Vaði

Guðmundur Ármannsson, bóndi á Vaði, á heiðurinn af haganlegum kláfi á mótum Kringilsár og Jöklu. Hann telur að mesta vitleysa Íslandssögunnar sé að verða að veruleika.

**VIÐTAL 28**

### Eins dauði er annars brauð

Nýr formaður Framsóknarflokksins verður kjörinn í dag. Þó frambjóðendur láti í veðri vaka að allt sé með friði og spekt innan flokksins er ljóst að úrslitin munu ráða talsverðu um pólitíska framtíð þeirra sem og stuðningsmanna þeirra.



**STJÓRNMÁL 30**

### Þarfasti þjónn hennar hátignar



Það kemur í hlut Daniels Craig að túlka næsta James Bond. Fréttablaðið leitaði til nokkurra valinkunnra einstaklinga og fékk álit þeirra á því hver væri besti Bondinn fyrr og síðar.

**FÓLK 44**

## VEÐRIÐ Í DAG




**MENNINGARNÓTT Í ÁGÆTU VEÐRI** - Í dag verður ákveðin sunnanátt vestan til annars hægviðri. Dálítil væta vestan til framan af degi en síðan þurrt að kalla. Bjartviðri á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 12-20 stig, hlýjast fyrir austan.



FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

**STIGIÐ AF SVIÐINU** Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður Framsóknarflokksins, lauk ræðu sinni á flokksþinginu í gær á orðunum: „En nú er mál að linni. Nú taka aðrir við. Nú stíg ég niður af sviðinu." Flokksmenn hylltu Halldór að ræðunni lokinni með löngu lófataki.

# Nú er mál að linni – nú stíg ég af sviðinu

**Halldór Ásgrímsson kvaddi flokkssystkini sín í ræðu á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Sagði hann Framsóknarflokkinn hafa gefið sér miklu meira en hann flokknum. Halldór var hylltur með löngu lófataki að ræðunni lokinni.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson staldraði stuttlega við fjölmörg málefni í fjörutíu mínútna langri setningarræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Meðal þess sem hann ræddi um voru breytingar á þjóðfélaginu, útgjaldaaukning til velferðarmála, skattar, varnarmál, Evrópusambandið, sjávarútvegur, landbúnaðarkerfið og Kárahnjúkavirkjun.

Halldór gerði fíkniefnaneyslu að sérstöku umtalsefni þegar hann ræddi það sem hefur misfarist. Sagði hann einhverjar orrustur hafa unnist í baráttunni gegn þessum mesta vágesti samtímans en miklu fleiri hefðu tapast. Lýsti hann áhyggjum sínum af starfsemi alþjóðlegra samtaka um skipulagða glæpastarfsemi hér á landi. Sagði hann það váleg tíðindi, enda tilgangur slíkra samtaka að vega að æskunni, byrla henni eitur og græða á ógæfu annarra. Sagðist hann hljóta að viðurkenna að stjórnvöldum hefði ekki tekist nægilega vel upp í baráttunni og að herða þyrfti tökin með því að efla löggæsluna og gefa henni auknar heimildir í baráttunni. Hnýtti hann aftan við að velsældin ætti sér sínar skuggahliðar.

Í niðurlagi ræðu sinnar þakkaði Halldór samflokksmönnum sínum traust þeirra í gegnum árin. Sagði hann Framsóknarflokkinn hafa gefið sér miklu meira en hann honum og kvað engan einn mann stærri en flokkinn. Þakkaði hann Sigurjónu konu sinni og fjölskyldunni allri fyrir stuðning sem aldrei hefði brugðist. Þakkaði hann samstarfsflokknum í ríkisstjórn, alþingismönnum, embættismönnum og öðrum sem hann hefði unnið mikið með fyrir langt og farsælt samstarf. Þá þakkaði hann þjóðinni fyrir umburðarlyndi og traust.

Lokaorð Halldórs Ásgrímssonar í ræðunni á flokksþinginu voru: „En nú er mál að linni. Nú taka aðrir við. Nú stíg ég niður af sviðinu. Þakka ykkur fyrir."

Risu þingfulltrúar úr sætum og hylltu fráfarandi formann sinn með löngu lófataki. - bþs / sjá síðu 4



**SIMMI MEÐ UNGANN** Langvíuunginn hefur hlotið nafnið Lalli og sést hér á öxl fóstra síns, Sigurmundar Einarssonar ferðafrömuðar. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

Langvíuungi í Eyjum:

## Skemmtir gestum kaffihússins

**VESTMANNAEYJAR** „Pétur Steingrímsson lögregluþjónn fann ungann í síðustu viku og kom með hann í fóstur til okkar," segir Sigurmundur Gísli Einarsson, ferðafrömuður og veitingamaður á Kaffi Kró í Vestmannaeyjum. Langvíuunginn, sem hefur verið nefndur Lalli, hefur vakið mikla athygli gesta kaffihússins og margir hafa lagt leið sína þangað til að skoða hann.

Þá er á Kaffi Kró upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum og hafa margir þeirra skemmt sér yfir unganum síðustu daga, en hann þykir hinn fjörugasti.

„Hann er einn af skemmtikröftunum hér á kaffihúsinu, og raunar sá allra vinsælasti," segir Sigurmundur. Unginn verður á Kaffi Kró þangað til hann verður tilbúinn til að fara út á sjó, en það gætu verið tveir til þrír mánuðir í það. - öhö

Rannsókn á kókaínsmygli:

## Fimm sitja inni

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á tilraun til stórfellds smygls á kókaíni 9. ágúst.

Upphaflega var par handtekið við komuna til landsins. Reyndist konan hafa tæplega tvö kíló af kókaíni í farangri sínum. Rannsókn lögreglu leiddi til þess að þrennt til viðbótar var handtekið dagana þar á eftir, ein kona og tveir karlmenn. Þau sitja nú öll í gæsluvarðhaldi. Einn fimmmenninganna er innan við tvítugt en hin eru öll rúmlega tvítug. - jss / sjá síðu 2






Stór fyrirtæki þrýsta á um breytingar hjá Kauphöll Íslands:

# Krónan og smæðin hamla

**VIÐSKIPTI** Smæð Kauphallar Íslands og íslenska krónan eru skráðum fyrirtækjum sem tekjur hafa frá öðrum löndum fjötur um fót. Stór fyrirtæki þrýsta á um samruna Kauphallarinnar við OMX kauphöllina og stefna á að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt.

Í ræðu á hluthafafundi Marels í gær skoraði Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður félagsins, á Kauphöll Íslands og OMX kauphöllina að enda yfirstandandi viðræður sínar með fullum samruna. Verði af honum íhugar fyrirtækið að breyta skráningu hlutabréfa sinna úr krónum í evrur. Telur Árni Oddur að slíkt myndi henta stórum hópi fyrirtækja í Kauphöllinni.

„Ef af þessari sameiningu verður er ekki þá hleypur bara þróunin frá íslenska hlutabréfamarkaðnum," segir líka Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og kveðst líta á skráningu hlutabréfa Össurar í erlendri mynt sem rökrétt skref.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir viðræður um samstarf við OMX í fullum gangi. „Við höfum gefið út tilkynningu um nánara samstarf við OMX," segir hann og kveður hafa verið ákveðið að vinna málið hratt og fá niðurstöðu fljótt. - óká / sjá síðu 12



**JÓN SIGURÐSSON FORSTJÓRI ÖSSURAR** Össur, Marel og fleiri fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands velta fyrir sér kostum þess að skrá hlutabréf sín í evrum.






## SPURNING DAGSINS

*Steinunn, er kjarnakljúfur í borgarráði?*

„Það eru allavega einhverjir klofnir í borgarráði.“

Meirihluti borgarráðs samþykkti í fyrradag að kljúfa menntaráð og stofna nýtt leikskólaráð. Steinunn Valdís Óskarsdóttir er fulltrúi Samfylkingarinnar í borgarráði.

Yfir sjö þúsund skráðu sig í Reykjavíkurmaraþon Glitnis sem þreytt verður í dag:

# Tölvukerfið stóðst ekki álagið

**MARAÞON** Vegna álags í tölvukerfi Reykjavíkurmaraþons Glitnis þurfti að loka fyrir skráningu í hlaupið á netinu í fyrrakvöld, en mikill fjöldi skráninga í Latabæjarmaraþonið skipti þar mestu. Um eftirmiðdaginn í gær höfðu 2700 börn ellefu ára og yngri skráð sig í Latabæjarmaraþonið og var þröng á þingi í Laugardalshöll þar sem hlauparar náðu í hlaupagögn.

Rúmlega fimm hundruð starfsmenn Glitnis höfðu skráð sig í hlaupið og hlaupa þeir í þágu fjölmargra góðgerðarsamtaka, en samanlögð áheit á starfsmennina eru komin í yfir tuttugu milljónir króna. Þar af eru áheit Glitnis um þrettán milljónir króna, en bankinn greiðir þrjú þúsund krónur fyrir hvern kílómetra sem starfsmennirnir hlaupa.

Alls höfðu vel yfir sjö þúsund manns skráð sig í Reykjavíkurmaraþonið. Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkurmaraþons Glitnis, beinir þeim tilmælum til fólks að leggja í góðri fjarlægð frá rásmarkinu í Lækjargötu, til dæmis við Háskóla Íslands. **-rsg**



**MÁTAR VERÐLAUNAPALLINN** Guðmundur Andri, sem er sex ára, prófar verðlaunapall Latabæjarmaraþonsins í Laugardalshöll, en hann mun hlaupa maraþonið ásamt Ými yngri bróður sínum.

Framsóknarflokkurinn:

# Forystukjör fyrir hádegi

**STJÓRNMÁL** Kosning til embættis formanns Framsóknarflokksins hefst klukkan hálf tíu í dag og stendur í klukkustund.

Nýr formaður mun ávarpa flokksþingið klukkan ellefu. Eftir það verður kosið til embætta varaformanns og ritara flokksins.

Áður en kosningarnar hefjast er stefnt að því að leggja fram stjórnmálaályktun þingsins til samþykktar.

Flokksþinginu verður frestað laust fyrir þrjú í dag og er stefnt að því að framhaldsþing verði haldið síðustu helgina í febrúar á næsta ári. **-bþs**

Alþjóðlegt kosningaeftirlit:

# Brögð voru í tafli í Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Hópur alþjóðlegra eftirlitsmanna með forsetakosningunum í Mexíkó fer nú fram á að hvert og eitt greiddra atkvæða verði endurtalið, en ekki einungis níu prósent þeirra. Hópurinn fylgdist með sextíu kjörstöðum af 130.000 og segir talsmaður hópsins að á hverjum einasta þeirra kjörstaða hafi hópurinn orðið vitni að annaðhvort atkvæðakaupum eða þvingunum og afskiptum stjórnmálamanna og að fleiri hafi kosið en voru á kjörskrá.

Sigurvegari forsetakosninganna sigraði með 0,6 prósenta mun og krefjast margir í Mexíkó þess að endurtalning allra atkvæða fari fram. **- kóþ**



**ENGIN ÖRYGGISLÍNA** Athygli vakti að þessir menn nota ekki öryggislínu meðan þeir flytja sig milli staða á stífluvegg Kárahnjúkavirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Öryggismál á Kárahnjúkum:

# Notuðu ekki öryggislínu

**ÖRYGGISMÁL** Kínverskir verkamenn sem gengu niður steyptan stífluvegg á Kárahnjúkum í vikunni áttu að vera í öryggislínu á meðan en voru það ekki. Þeir settu línuna á sig þegar þeir voru komnir niður.

Harald B. Alfreðsson, öryggisstjóri á Kárahnjúkum, segir að mennirnir eigi að vera með línu en það sé „eilíf barátta að halda öryggismálum að mönnum. Þetta er eitthvað sem við þurfum að taka betur á núna.“ **- ghs**

# Illa gengur að manna alþjóðlega gæsluliðið

**Erfiðlega gengur að manna alþjóðaher sem ætlað er að tryggja vopnahlé milli Hizbollah og Ísraels í Líbanon. Ísraelar vilja ekki að í því verði hermenn ríkja sem ekki viðurkenna Ísrael. Ráðamenn múslimalanda segja að Ísraelar ættu ekki að koma nálægt uppbyggingu hersins.**

**LÍBANON, AP** Ítölsk stjórnvöld skuldbundu sig í gær til að leggja til hermenn í alþjóðaherliðið sem gæta á vopnahlésins milli Hizbollah og Ísraels í Líbanon, en rétt eins og flest þau ríki önnur sem gefið hafa til kynna vilja til að leggja sitt af mörkum var ekki nefnt hversu margir ítölsku hermennirnir yrðu.

Frakkar, sem höfðu þrýst á um að nýja alþjóðlega friðargæsluliðið yrði miklu fjölmennara en það 2.000 manna UNIFIL-lið sem SÞ hefur þegar á vettvangi í Líbanon, ollu sumum vonbrigðum með því að lýsa því yfir á fimmtudag að þeir vildu í bili ekki skuldbinda sig til annars en að senda 200 hermenn til viðbótar þeim 200 frönsku UNIFIL-hermönnum sem fyrir eru.

Ítalir hafa sagt að þeir gætu sent með skömmum fyrirvara allt að þrjú þúsund hermenn til að styrkja raðir UNIFIL. En Romano Prodi forsætisráðherra sagði í gær að það yrði ekki ákveðið fyrr en á næstu dögum hve margir þeir yrðu.

Illa gengur að koma alþjóðaherliðinu saman, að hluta til vegna óljóss orðalags ályktunar SÞ. Í hernum eiga að vera 15.000 hermenn frá ýmsum löndum, en þjóðir heims hafa eingöngu lofað um 4.000 hermönnum. Þó er enn gert ráð fyrir að fyrsti alþjóðlegi liðsaukinn fari til Líbanons á næstu dögum, enda er vopnahléið afar viðkvæmt.

Fram til þessa hefur Bangladess boðið fram flesta hermenn, eða 2.000. Malasía býður á bilinu 850 og 1.000. Þjóðverjar og Danir hafa boðist til að senda herskip á vettvang.

Syed Hamid Albar, utanríkisráðherra Malasíu, sem fer nú með formennsku í stærstu samtökum múslimaríkja, OIC, lét svo ummælt í gær að Ísraelar ættu ekki að gegna neinu hlutverki þegar kemur að samsetningu alþjóðahersins.

„Við verðum á líbanskri grund [...] Við verðum ekki á ísraelskri grund,“ sagði Albar. Hann lét þessi orð falla eftir að fastafulltrúi Ísraels hjá Sameinuðu þjóðunum, Dan Gillerman, lýsti yfir áhyggjum sínum af því að lönd svo sem Malasía og Indónesía tækju þátt í alþjóðahernum, því stjórnir þeirra viðurkenna ekki tilverurétt Ísraels.

Albar minnti á að Líbanonsstjórn vill bæði hafa herinn sem alþjóðlegastan og að múslimaríki taki þátt í honum.

Samkvæmt vopnahlésályktun SÞ mun UNIFIL, ásamt 15.000 hermönnum líbanska hersins, sinna friðargæslu og afvopna Hizbollah-liðsmenn sunnan Litani-árinnar. En líbanska ríkisstjórnin samþykkti á miðvikudag að eingöngu bæri að gera vopn Hizbollah-liða upptæk ef þeir bæru þau meðal almennings.

Talsmenn Evrópusambandsins lýstu því yfir í gær að sambandið myndi taka að sér lykilhlutverk í uppbyggingu Líbanons á ný. **- aa / smk@frettabladid.is**



**LÍBANAR TAKA VIÐ** Líbanski herinn hefur tekið við friðargæslu á átakasvæðinu í Líbanon, en talsmenn Ísraelshers segja herinn hafa dregið sig til baka af tveimur þriðju hlutum þess landsvæðis sem Ísraelsmenn hernámu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alcoa höfðar skaðabótamál:

# Tjónið nemur 40 milljónum

**MÓTMÆLI** Alcoa hefur lagt fram skaðabótakröfur á hendur fjórtán mótmælendum sem fóru inn á byggingasvæði álvers fyrirtækisins í Reyðarfirði síðastliðinn miðvikudag. Stöðvaðist vinna í átta klukkustundir vegna aðgerða mótmælenda og hefur tjón af völdum stöðvunarinnar verið metið 28,6 milljónir króna. Þá hefur Alcoa einnig lagt fram 11,3 milljóna króna skaðabótakröfu á hendur Guðmundi Beck, bónda á Kollaleiru, en hann fór inn á byggingasvæði álversins á mánudag.

„Þetta er tilraun Alcoa til að hefna sín á mér og öðrum andstæðingum þessara athafna,“ segir Guðmundur. Hann segir skaðabótakröfuna fáránlega og er nú að ráðfæra sig við lögfræðing.

„Þótt vinnustöðvanir hafi þannig valdið fyrirtækinu nokkru tjóni, er mest um vert að enginn hefur slasast í mótmælaaðgerðum gegn fyrirtækinu,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa. **- öhö**

### LIÐSSÖFNUN SÞ FYRIR LÍBANON

■ *Lönd sem boðið hafa áþreifanlega aðstoð:*

**FRAKKLAND**
forystu og 200 hermenn

**BANGLADESS**
tvær herdeildir, allt að 2.000 hermenn

**MALASÍA**
eina herdeild, allt að 1.000 hermenn

**INDÓNESÍA**
eina herdeild og verkfræðifyrirtæki

**NEPAL**
eina herdeild

**DANMÖRK**
minnst tvö skip

**ÞÝSKALAND**
herskip og landamæragæslu

**FINNLAND**
allt að 250 friðargæsluliða

Fleiri lönd, þar á meðal Ítalía, hafa lofað aðstoð, án þess að tilgreina nánar hvernig hún verður.
Bandaríkin og Bretland munu ekki senda herlið, en heita aðstoð við skipulagningu.
HEIMILDIR: ERINDREKAR SÞ, BBC FRÉTTASTOFAN




Fimm manns í gæsluvarðhaldi vegna umfangsmikils smygls á kókaíni:

# Kona grunuð um að skipuleggja stórfellt dópsmygl

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns; tvær konur og þrír karlar, sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á tilraun til að smygla til landsins tæplega tveimur kílóum af kókaíni 9. ágúst. Önnur konan er grunuð um að hafa átt þátt í að skipuleggja innflutninginn á fíkniefninu.

Upphaf málsins er það, að par var handtekið 9. ágúst á Keflavíkurflugvelli, en það var að koma frá Spáni, með viðkomu á Bretlandi, þar sem það hafði fengið efnin. Í farangri konunnar fundust tæplega tvö kíló af kókaíni. Karlinn fór í gegnum hlið tollgæslunnar en var handtekinn skömmu síðar í flugstöðinni. Karl og kona sem hugðust taka á móti parinu þar voru einnig yfirheyrð af lögreglu, en sleppt að því loknu. Á næstu dögum voru svo tveir karlmenn og ein kona til viðbótar handtekin. Þau sitja nú öll í gæsluvarðhaldi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er önnur stúlkan rétt innan við tvítugt, en hin eru öll rúmlega tvítug. Einn úr hópnum hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamisferlis.

Parið sem fyrst var handtekið hefur verið úrskurðað í gæsluvarðhald til 24. ágúst. Hinum þremur hefur verið gert að sitja inni fáeinum dögum lengur, þar sem þau voru handtekin síðar. **- jss**



**KÓKAÍN** Rannsókn lögreglu á kókaínsmygli hefur undið upp á sig og nú sitja fimm manns í gæsluvarðhaldi.

120 1886 2006




# Landsbankinn á **Menningarnótt**

## Austurstræti 11 – Aðalsviðið

| | |
|---|---|
| 21.30 | **Mezzoforte**<br>í fyrsta sinn á Íslandi í 20 ár<br>í upprunalegri mynd |
| 21.00 | **Benni Hemm Hemm** |
| 20.30 | **Baggalútur**<br>ásamt gestum |
| 20.00 | **Gunni og Felix ásamt Sprota**<br>skemmta börnum og fullorðnum<br>á útisviði |
| 19.30 | **Þjóðleikhúsið**<br>Brúðuleikhús fyrir fullorðna<br>Umbreyting - Ljóð á hreyfingu |
| 19.00 | **Guitar Islancio** |
| 18.30 | **Íslenski dansflokkurinn** |
| 18.00 | **Gunni og Felix ásamt Sprota**<br>skemmta börnum og fullorðnum |
| 16.00 | **Listaverkaganga um Aðalbanka**<br>Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur<br>sýnir og segir frá listaverkum í eigu<br>bankans |
| Kynnir: | Gísli Einarsson „Út og suður“ |

## Laugavegur 77 – Hitt sviðið

| | |
|---|---|
| 17.15 | **Jeff Who?** |
| 16.50 | **Reykjavík!** |
| 16.25 | **Hairdoctor** |
| 16.00 | **Skátar** |
| 15.35 | **Jakobínarína** |
| 15.10 | **Jan Mayen** |
| 14.45 | **Bogomil og Flís** |
| 14.20 | **Benny Crespos Band** |
| 14.00 | **Capybara** |



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 33608 08/2006

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,47 | 69,81 |
| Sterlingspund | 130,85 | 131,49 |
| Evra | 89,07 | 89,57 |
| Dönsk króna | 11,937 | 12,007 |
| Norsk króna | 11,014 | 11,078 |
| Sænsk króna | 9,681 | 9,737 |
| Japanskt jen | 0,6006 | 0,6042 |
| SDR | 103,25 | 103,87 |

*Gengisvísitala krónunnar*
122,9028

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kosningabaráttan fyrir þingkosningar í Svíþjóð:

# Jafnaðarmenn bæta í loforðin

**SVÍÞJÓÐ, AP** Göran Persson forsætisráðherra og samherjar hans í sænska Jafnaðarmannaflokknum bættu í gær við nýjum kosningaloforðum í viðleitni þeirra til að fá fleiri kjósendur á sitt band en sögðust tilbúnir til að styðja flokkinn í síðustu skoðanakönnunum. Í þeim mældust borgaraflokkarnir með nokkurt forskot á jafnaðarmenn og bandamenn þeirra á vinstri vængnum.

Helstu nýju kosningaloforðin snúa að því að hækka atvinnuleysisbætur, að gera tannlæknaþjónustu ódýrari og að fjárfesta meira í rannsóknum. Persson sagðist hafna tillögum borgaraflokkanna um skattalækkanir; þær auknu skatttekjur sem hagvöxturinn skilaði í ríkiskassann bæri að nýta til að útvíkka velferðarþjónustu og styrkja opinbera geirann.

Kosningabandalag borgaralegu flokkanna hefur heitið Svíum því að lækka skattbyrðina sem á herðum þeirra hvílir, en hún er sú þyngsta í heimi, vinni þeir kosningarnar þann 17. september.

Í niðurstöðum skoðanakönnunar Temo, sem birt var í gær, mældist fylgi borgaraflokkabandalagsins 50,1 prósent en vinstriflokkanna 45,2 prósent.

- aa



**GÖRAN PERSSON** Sænski forsætisráðherrann kynnir kosningastefnuskrá jafnaðarmanna í Stokkhólmi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í bíl** Eldur kom upp í vél sendibíls á Biskupstungnavegi á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Slökkvilið náði að slökkva eldinn en bíllinn skemmdist mikið og er talinn ónýtur. Engin meiðsl urðu á fólki. Eldsupptök eru ókunn.

**Blönduós** Hraðakstur erlendra ökumanna var áberandi í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi, en fimm af tólf ökumönnum sem teknir voru fyrir of hraðan akstur voru erlendir ferðamenn. Þeir voru einnig á mestum hraða, en sá sem hraðast fór var á 130 km/klst.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu seinasta miðvikudag var fjallað um varnarliðsmann sem er nú fyrir rétti vegna morðs. Í fréttinni var maðurinn kallaður „morðingi“ en hið rétta er að hann hefur ekki verið dæmdur. Fréttablaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum.

## Vinstri stjórn rædd 1995

Óformlegar viðræður um myndun vinstri stjórnar áttu sér stað í kringum alþingiskosningarnar 1995.

Halldór Ásgrímsson upplýsti þetta í ræðu sinni á flokksþinginu í gær. Sagði hann að þáverandi formaður Alþýðuflokksins (Jón Baldvin Hannibalsson) hefði kveðið upp úr með það að hann vildi fremur áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn, en kjörtímabilið á undan sátu Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur í ríkisstjórn. Úr varð að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu stjórn eftir kosningarnar 1995 og sagðist Halldór ekki í vafa um sú ákvörðun hefði verið rétt og farsæl.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk 25 menn kjörna í kosningunum 1995 og Framsóknarflokkurinn fimmtán. Alþýðubandalagið hlaut níu menn, Alþýðuflokkurinn sjö, Þjóðvaki fjóra og Samtök um kvennalista þrjá. Stjórnarsamstarf án Sjálfstæðisflokksins hefði því verið ómögulegt nema með samstarfi fjögurra flokka.

Halldór sagði sjálfstæðismenn hafa verið höfuðandstæðinga framsóknarmanna frá fornu fari en samstarfið síðustu ellefu árin hafi verið einstaklega farsælt. Sagði hann því stundum fleygt á vinstri væng stjórnmálanna að Framsóknarflokkurinn hefði gerst hækja íhaldsins en það væri fjarri öllu sanni. Sín skoðun væri að áhrif framsóknarmanna í samstarfinu væru meiri ef eitthvað væri.



**DAVÍÐ OG HALLDÓR** mynduðu ríkisstjórn eftir kosningarnar 1995 eftir að ekkert varð úr þreifingum um myndun vinstri stjórnar.

# Mistök að hafa ofurtrú á samstarfi við Bandaríkin

**Varnarsamstarfið var meðal þess sem Halldór Ásgrímsson fjallaði um í ræðu sinni á þingi Framsóknarflokksins í gær. Hann sagði Sjálfstæðisflokkinn hafa farið fremst þeirra sem haft hafa ofurtrú á samstarfi við Bandaríkjamenn og að skynsamir menn á þeim bæ hljóti að sjá að nú þurfi að skoða margt í nýju ljósi.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður Framsóknarflokksins, harmaði einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna um að draga varnarlið sitt heim frá Varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Í ræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær sagðist Halldór alltaf hafa reiknað með verulegum breytingum en ekki einhliða ákvörðun sem skapaði trúnaðarbrest. Sagði hann ljóst að ekki væri hægt að treysta Bandaríkjunum í einu og öllu og ofurtrú á samstarfi við þá hafa verið mistök.

Þegar Halldór ræddi Evrópusambandsaðild sagði hann því hafa verið haldið fram að hann hefði farið offari í þeirri umræðu. Hún hafi ekki verið tímabær. Sagði hann að í hans huga væri ávallt tímabært að ræða framtíðina. Hann varaði við tómlæti og kæruleysi í Evrópumálum en kvað mikilvægt að ákvarðanir sem varða framtíð þjóðarinnar yrðu teknar á eigin forsendum og þegar okkur hentar en ekki þegar við getum ekki annað. Benti hann á reynsluna af varnarsamstarfinu við Bandaríkin, máli sínu til stuðnings, og sagði Sjálfstæðisflokkinn hafa farið fremst þeirra sem haft hafi ofurtrú á samstarfinu við Bandaríkin og skynsamir menn á þeim bæ hljóti að sjá að nú þurfi að skoða margt í nýju ljósi.

Í ræðu sinni staldraði Halldór við ýmis pólitísk deiluefni síðustu áratuga. Hann sagði það sitt mat að ekki væri skynsamlegt að hrófla mikið við skattkerfinu en brýndi þó skattayfirvöld til að fylgja anda skattalaga og gefa út viðmiðunarreglur um skattskil fólks sem aðeins nýtur fjármagnstekna. Sagði hann því vart trúað að þeir sem eingöngu hafi tekjur af fjármagnstekjum vinni ekkert að öflun teknanna og sé iðjulaust fólk. Þá gerði hann hátt matvælaverð að umtalsefni, sagði óásættanlegt að það væri mun hærra hér en í viðmiðunarlöndunum og kvaðst telja augljóst að vörugjald yrði fellt niður, skattur á matvæli samræmdur og að innflutningsverndinni verði breytt svo samkeppni aukist. Hann spurði hvað réttlætti að við borgum miklu hærra verð fyrir kjúklinga og svínakjöt en aðrir neytendur í Evrópu.

Halldór gerði mikið úr almennum sáttaumleitunum ríkisstjórnarinnar og sagði meiri sátt ríkja um sjávarútveginn nú en oftast áður. Aldrei verði þó hægt að gera svo öllum líki þegar miklir hagsmunir séu í húfi. Þá sagðist hann viss um að mikill meirihluti þjóðarinnar verði ánægður með Kárahnjúkavirkjun þegar upp verði staðið.

bjorn@frettabladid.is



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** varaði meðal annars við tómlæti og kæruleysi í Evrópumálum í ræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Þá gerði hann hátt matvælaverð að umtalsefni og sagði óásættanlegt að það væri mun hærra hér en í viðmiðunarlöndunum. Halldór vill að vörugjald verði afnumið og að innflutningsvernd búvara verði breytt. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

GÓÐA SKEMMTUN OG GANGI ÞÉR VEL Í HLAUPINU Í DAG!

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

Nánari upplýsingar á marathon.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Reykjavíkurborg marathon.is ÍR Barilla asics SUZUKI POWERADE Margt smátt

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MENNINGARVIÐBURÐUR**
Það er alltaf gaman þegar stórviðburðir eru í menningarlífinu. Menningarnótt er klárlega ein af stærstu viðburðum á hverju ári. Ávallt skiptir veðrið hins vegar máli. Og nú horfir bara ágætlega. Það verður reyndar dálítil rigning fyrripartinn í dag en síðan styttir smám saman upp og lægir. Veðrið ætti því ekki að spilla þessum stóra degi þegar þúsundir safnast saman til að hafa gaman.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Sunnan 3-6 m/s, stífastur fyrripartinn. Dálítil væta fyrripartinn, svo þurrt. Milt.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C skúrir | London | 20°C rigning | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 24°C alskýjað | París | 23°C skúrir | Mallorca | 26°C heiðskírt |
| Osló | 20°C skúrir | Frankfurt | 25°C skúrir | Algarve | 25°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 26°C heiðskírt | Krít | 33°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C rigning | Berlín | 26°C heiðskírt | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Bjallan hringir!



## Fjölbreytt skólavöruúrval

Það er alltaf gaman að kaupa inn fyrir nýtt skólaár.
Í Kringlunni færðu allt frá strokleðri upp í fartölvu, skólatöskuna, skólafötin og hvað sem þig kann að vanta.

Einnig geta þeir sem kaupa skóladótið í Kringlunni tekið þátt í skólaleik og átt möguleika á því að vinna Toshiba A100 fartölvu frá BT! BT

**Opið til 18 í dag**

| **Mán. til mið.** | **Fimmtudagur** | **Föstudagur** | **Laugardagur** | **Sunnudagur** |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

Fiton/SÍA



## KJÖRKASSINN

*Á að hækka bílprófsaldur í 18 ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 72% |
| Nei | 28% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt ákvörðun að skipta upp menntaráði Reykjavíkurborgar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Talsmaður norrænu friðargæslusveitarinnar á Srí Lanka:

# Fagnar ákvörðun Valgerðar

**SRÍ LANKA** Þorfinnur Ómarsson, talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar, er ánægður með ákvörðun Valgerðar Sverrisdóttur um að fjölga í liði sveitarinnar.



ÞORFINNUR ÓMARSSON

„Þetta skiptir sköpum fyrir allt starfið hérna úti, við erum önnur tveggja þjóða og því er okkar framlag ómissandi,“ sagði Þorfinnur í gær. Hann fagnar sömuleiðis hugmyndum um að auka hlut kvenna í sveitinni og segir það vera gott fordæmi í friðargæslustörfum.

„Ásýnd eftirlitssveita þarf ekki að vera neitt harkaleg, heldur þvert á móti,“ sagði Þorfinnur og minnti á að sveitin væri ekki í neins konar hernaði.

Keheliya Rambukwella, málsvari stjórnarinnar, hélt því fram í gær að stjórnin væri tilbúin „hvenær sem er“ að halda áfram friðarviðræðum við Tamíltígrana. Þorfinnur segir að þetta sé opinber stefna stjórnarinnar, hins vegar setji Tígrarnir skilyrði fyrir viðræðunum sem stjórnin hafi ekki farið eftir.

Eitt þeirra skilyrða sé að stjórnin standi við tilboð sitt um að afvopna sjálfstæða hópa manna sem fara um með ofbeldi, en standa í raun utan meginátakanna.

Stjórnarher Srí Lanka gerði loftárásir á Jaffna-skaganum í gær, stuttu eftir að ríkisstjórnin hét því að senda þangað hjálpargögn og matvæli, en víða ríkir skortur vegna átakanna.

Norðmenn voru sáttasemjarar þegar samið var um vopnahlé árið 2002, eftir nítján ára blóðuga borgarastyrjöld. **- kóþ**

Keflavíkurflugvöllur:

# Slaka á kröfum

**SAMGÖNGUR** Yfirvöld á Keflavíkurflugvelli ákváðu í gær að slaka á kröfum um öryggisleit og leyfilegan handfarangur. Farþegum á leið til Bandaríkjanna er enn óheimilt að hafa vökva eða vökvatengd efni meðferðis, nema um lyf, matvöru fyrir ungabörn eða varning keyptan í flugstöðinni sé að ræða.

Á öðrum flugleiðum eru vökvar heimilir en yfirvöld vara við því að öryggisstarfsfólk gefi vökvum sérstakan gaum. Ekki verður leitað á skófatnaði allra farþega heldur verður um slembiúrtak að ræða. Yfirvöld á Keflavíkurflugvelli beina þeim tilmælum til farþega að lágmarka handfarangur til að auðvela öryggisleit og mæta tímanlega í flugstöðina. **-rsg**




ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN


# Höfum skyldum að gegna á Srí Lanka

**Íslenskum friðargæsluliðum á Srí Lanka verður fjölgað úr fimm í tíu. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir það skyldu okkar að leggja eitthvað af mörkum. Hún telur að hægt sé að tryggja öryggi íslenskra borgara í landinu.**

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur ákveðið að fjölga í íslensku friðargæslusveitinni á Srí Lanka.

Ákvörðunin er tekin í því ljósi að öryggi Íslendinganna sé tryggt og að vera þeirra skipti máli fyrir friðarferlið á Srí Lanka. „Ég tel að hægt sé að tryggja öryggi íslenskra borgara og deilendur hafa lýst yfir áhuga á að starfið haldi áfram,“ sagði Valgerður í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún grundvallaði ákvörðun sína á upplýsingum frá Atlantshafsbandalaginu og íslensku utanríkisþjónustunni og viðræðum við utanríkisráðherra Finnlands og Noregs.

Íslendingarnir starfa með norrænu friðargæslusveitinni SLMM en Danir, Svíar og Finnar afréðu að kalla sína menn heim eftir að Evrópusambandið skilgreindi Tamíltígra sem hryðjuverkasamtök. Eftir standa því Íslendingar og Norðmenn.

„Ástandið er vissulega slæmt. Þar sem þörf er fyrir friðargæslu er ófriður og þegar ófriður ríkir er einhver áhætta,“ segir Valgerður en bendir á að til sé áætlun um hvernig Íslendingarnir verði fluttir heim með hraði ef á þurfi að halda.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA** Segir ástandið vissulega slæmt á Srí Lanka. „Þar sem þörf er fyrir friðargæslu er ófriður og þegar ófriður ríkir er einhver áhætta.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgerður segir það skyldu okkar Íslendinga að leggja eitthvað af mörkum til að stuðla að friði á Srí Lanka og að mannúðarsjónarmið búi að baki. Þar sé unnið þróunarstarf á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem miði að hreinsun vatnsbóla sem spilltust eftir flóðbylgjuna í Indlandshafi á öðrum degi jóla 2004. „Það væri mikill ábyrgðarhluti að kalla okkar fólk heim,“ segir Valgerður en viðurkennir að það hafi komið til greina. Hún lýsir um leið vonbrigðum yfir því að Danir, Svíar og Finnar hafi ákveðið að kalla sitt fólk heim.

Valgerður telur að um þrjátíu friðargæsluliðar þurfi að skipa SLMM-sveitina svo verkefnið sé framkvæmanlegt og segir að rætt verði nánar við Norðmenn um framkvæmdina.

Ekki er ljóst hvenær íslenski liðsaukinn heldur til Srí Lanka en Valgerður segir einhverjar vikur í það. Þá sé alls óvíst hvenær hægt verður að kalla Íslendingana heim. „Það er ekki hægt að taka ákvarðanir til langs tíma á þessu svæði,“ segir hún. Kostnaður við verkefnið liggur ekki fyrir en til eru peningar af fjárlögum sem notaðir verða til verkefnisins og því þarf ekki nýja fjárveitingu. **bjorn@frettabladid.is**




MENNINGARNÓTT 2006

JAZZ OG MYNDLIST

OPIÐ HÚS Á VINNUSTOFU PÉTURS GAUTS



Verið velkomin á vinnustofu Péturs Gauts, á horni Njálsgötu og Snorrabrautar. Opið er frá kl.16 til 22.

Kl.16 opnar vinnustofusýning á nýjum verkum eftir húsráðandann.



Kl. 20 - 22 mun jazz-dívan einstaka Kristjana Stefánsdóttir og tríó hennar flytja klassíska jazzslagara inn í nóttina.

Verið velkomin!


Utanríkisráðherra vill mýkja ímynd íslensku friðargæslunnar:

# Íslendingar beri ekki vopn

**STJÓRNMÁL** Til greina kemur að íslenskir friðargæsluliðar beri ekki vopn í framtíðinni. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra ætlar að endurskoða friðargæsluna og kynna nýjar áherslur hennar fyrir utanríkismálanefnd Alþingis.

„Ég er að hugsa um hvort ástæða sé til mýkja ímyndina,“ svaraði Valgerður aðspurð um málið í gær. Þá hyggst hún stefna að því að fjölga konum í friðargæslunni og til marks um það telur hún miklar líkur á að kona verði í hópi þeirra fimm friðargæsluliða sem bætast við þá fimm sem þegar eru á Sri Lanka.

Nýlega var óskað eftir að íslensk sprengjuleitarsveit yrði send til Afganistan en Valgerður mat hættuna í landinu svo mikla að hún ákvað að verða ekki við þeirri bón. „Ég tel að það sé mun meiri hætta í Afganistan heldur en á Sri Lanka,“ sagði Valgerður.

Hlutverk íslensku friðargæsluliðanna á Sri Lanka er að bera boð milli stríðandi fylkinga. Þeir bera ekki vopn og eru ekki í herklæðum en eru engu að síður einkennisklæddir. **-bþs**



**ÍSLENSKIR FRIÐARGÆSLULIÐAR** Utanríkisráðherra vill fjölga konum í friðargæslu og mýkja ásýnd hennar frá því sem nú er.


HÉR ÞARF
EKKI
VERÐKÖNNUN
ALLTAF ÓDÝRARI
FRAMHALDSSKÓLA NEMAR SAMEINIST
Almenn sálfræði
HUGUR · HEILI · HÁTTERNI
LÆGSTA VERÐ SKV ASÍ: 4.185
GRIFFILS VERÐ 3.995
Ungdom og galskab
LÆGSTA VERÐ SKV ASÍ: 1.588
GRIFFILS VERÐ 1.399
ÍSLANDS- OG MANNKYNSSAGA NB I
LÆGSTA VERÐ SKV ASÍ: 3.479
GRIFFILS VERÐ 3.279
TÖLFRÆÐI
LÆGSTA VERÐ SKV ASÍ: 3.430
GRIFFILS VERÐ 3.230
STÆ 103
LÆGSTA VERÐ SKV ASÍ: 3.640
GRIFFILS VERÐ 3.440
GLÁS AF BÍLASTÆÐUM
SKEIFUNNI 11
SÍMI 533 1010
OPIÐ VIRKA DAGA 10 -20
LAUGARDAGA 10 -18
SUNNUDAGA 13 -17
GRIFFILL




NFS

NFS verður með puttann á púlsinum þegar borgin mun iða af lífi og vera uppfull af þrótti, menningu og pólitískum stórtíðindum. Útsendingin hefst á flokksþingi Framsóknar- manna, en skipt verður yfir í Lækjargötu og fylgst með starti Reykjavíkur- maraþonsins. Síðar um daginn, þegar Framsóknarmenn hafa valið sér nýja flokksforystu í beinni útsendingu á NFS, mun stöðin beina athygli sinni að Menningarnótt, öllu sem þar verður í boði og mannlífinu sem glæða mun miðborgina langt fram eftir nóttu.

MENNING, MARAÞON OG PÓLITÍSK TÍÐINDI

vísir VefTV digital ísland Skjárinn Breiðband Símans


Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs:

# Vopnahlé í augsýn á Gaza

**ÍSRAEL, GAZA-STRÖNDIN, AP** Þótt áform um að Ísraelsher yfirgefi hernumin svæði á Vesturbakkanum hafi ekki verið gerð ógild, hefur ríkisstjórnin engin áform um að draga herinn til baka um fyrirsjáanlega framtíð. Talsmaður Ehuds Olmert, forsætisráðherra Ísraels, staðfesti þetta í ísraelskum fjölmiðlum í gær, en Olmert mun hafa tilkynnt ráðherrum sínum þetta í vikunni.

Þó hillir undir vopnahlé milli stríðandi fylkinga, því Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, tilkynnti á fimmtudag að palestínskir skæruliðar hefðu lofað að hætta hernaði gegn Ísrael, í von um að ljúka tveggja mánaða herferð Ísraela á Gaza-svæðinu.

Ibrahim Abu Naja, sem leiðir viðræður stjórnarinnar og mismunandi hópa uppreisnarmanna innan Palestínu, staðfesti fregnirnar, en talsmenn einstakra hópa skæruliða neituðu þeim.

Naja bætti við að hugsanlegt vopnahlé ráðist hins vegar algjörlega af afstöðu Ísraels.

Talsmaður Ísraelsstjórnar, David Baker, sagði að Ísrael myndi bregðast vel við stöðvun árása Palestínumanna á Ísrael.

Talsvert hefur dregið úr árásum á Ísrael undanfarna daga. **- smk**



**PALESTÍNA** Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Palestínu, t.v., og Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, á fundi í Gaza-borg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Viðbúnaður lögreglu mun meiri en í fyrra

**Hátt í sjötíu löregluþjónar verða á vakt vegna Menningarnætur í kvöld. Yfirlögregluþjónn segir að stemma eigi stigu við hópamyndun og unglingadrykkju eftir að dagskrá lýkur. Búist er við allt að hundrað þúsund gestum í miðborgina í dag.**

**MENNINGARNÓTT** Löggæsla verður hert á Menningarnótt í kvöld og verða fleiri lögreglumenn á vakt en sama kvöld í fyrra. Miðað er að því að koma í veg fyrir hópamyndun og drykkju unglinga eftir að dagskrá hátíðarinnar lýkur.

Stórum hluta gatna miðborgarinnar verður lokað fyrir bílaumferð. Búist er við að allt að hundrað þúsund manns leggi leið sína í miðborgina á meðan á hátíðinni stendur. Meðal uppákoma eru tónlistaratriði á Ingólfstorgi, dans í Alþjóðahúsi, listsýningar í Gallerí Fold og Reykjavíkurmaraþon.



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**

Fulltrúar þeirra sem koma að öryggismálum á Menningarnótt hittust í Skógarhlíð á miðvikudag og fóru yfir helstu mál. Þar kom fram að hátt í sjötíu lögregluþjónar verða á vakt á Menningarnótt í ár, en þeir voru um fimmtíu í fyrra. Einnig verða tuttugu björgunarsveitarmenn lögreglunni til aðstoðar ef þurfa þykir.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir dæmi um að hópar unglinga hafi myndast í miðborginni eftir að dagskrá Menningarnætur lýkur, enda oft um seinustu fríhelgi að ræða hjá skólafólki. Það var raunin eftir seinustu Menningarnótt og fylgdu drykkjulæti og slagsmál þeim mikla fjölda unglinga sem safnaðist saman í miðborginni eftir að hátíðahöldum lauk.

„Menningarnóttin sjálf hefur gengið tiltölulega vel fyrir sig og ekki þurft neinn sérstakan viðbúnað lögreglu vegna þeirrar dagskrár. Það er síðan sveiflukennt hvað tekur við í framhaldi af því. Það hefur borið við að mjög stórir hópar unglinga hafa komið í miðborgina. Það sem gerðist í fyrra var eitthvað sem við viljum ekki sjá gerast.“

Hann segir lögregluna höfða fyrst og fremst til unga fólksins og foreldra þeirra að láta slíkt ekki koma fyrir aftur. „Ungt fólk er almennt til mikillar fyrirmyndar í dag. Það vill ekki að fréttir af því þegar ungt fólk kemur saman verði eins og gerðist í fyrra,“ segir hann.

Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, segir heimsóknum á slysadeild eftir Menningarnótt ekki hafa farið fjölgandi undanfarin ár. „Þetta hefur verið svipað undanfarin ár en við erum með aukaviðbúnað, það er ekkert vit í öðru. Við höfum alltaf aukið örlítið mönnum hjá okkur á Menningarnótt og gamlárskvöld.“

Menningarnótt í ár einkennist af mörgum smærri uppákomum. Ekki verða haldnir stórtónleikar við Reykjavíkurhöfn en á Miklatúni verða klassískir söngtónleikar um kvöldið. **salvar@frettabladid.is**



**LISTASÝNING UNDIRBÚIN** Einn af viðburðum Menningarnætur er sýning á vegglistaverkum í porti Hins Hússins. Hátíðin verður sett þegar skemmtiskokk Reykjavíkurmaraþons hefst klukkan ellefu.

Sláturfélag Suðurlands tapaði 25 milljónum króna :

# Tap vegna kjötskorts

**VIÐSKIPTI** Skortur á nær öllum kjöttegundum dró úr sölumöguleikum hjá Sláturfélagi Suðurlands á fyrri hluta ársins.



**STEINÞÓR SKÚLASON**

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, telur að velta hefði orðið tíu til fimmtán prósent meiri ef ekki hefði komið til þessa skorts, sem var einkum á nautakjöti. „Það hefur verið verulegur skortur á nautakjöti á innanlandsmarkaði. Svínakjöt hefur okkur vantað líka.“ Þá hefur verið lítið framboð af lambakjöti að sögn Steinþórs. „Það eina sem er nóg af er hrossakjöt.“

Tekjur SS námu 2.259 milljónum króna á tímabilinu og jukust aðeins um tvö prósent á milli ára. Reiknað er með að framboð og velta aukist á næstu mánuðum með haustslátrun. Steinþór segir stöðuna mjög óvenjulega því árin 2002-2003 var alltof mikið framleitt af kjöti sem olli verðfalli. Þetta sé að sumu leyti orsök vandans í dag.

Hækkun fjármagnsgjalda og minni söluhagnaður eigna veldur tapi hjá SS upp á 25 milljónir króna á fyrri hluta ársins. Þetta er mikil breyting frá sama tíma í fyrra en þá nam hagnaður félagsins 182 milljónum króna. Fjármagnsgjöld hækkuðu umtalsvert vegna hærri vaxta, lækkunar á gengi krónu og auknar verðbólgu.

Efnahagur SS er traustur; eiginfjárhlutfall var 46 prósent um mitt ár og hækkaði um fimm prósentustig milli ára. Heildareignir voru 3.243 milljónir króna. **- eþa**



**12.000 DALIR HVER** Íbúi telur 100-dalaseðla sem hann fékk úthlutað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hizbollah-samtökin í Líbanon:

# Útdeilir skaðabótum í reiðufé

**LÍBANON, AP** Hizbollah-samtökin í Líbanon hófu í gær að útdeila skaðabótum til fólks sem missti heimili sín í loftárásum Ísraelshers. Í skóla í suðurhluta Beirút fengu fyrstu fjölskyldurnar tólf þúsund bandaríkjadali hver í reiðufé.

Leiðtogi Hizbollah, Sjeik Hassan Nasrallah, hét því í sjónvarpsávarpi á mánudag að samtökin myndu endurbyggja Líbanon og að þau myndu útvega fólki sem missti heimili sín fé til að greiða fyrir húsaleigu og innbú. Líkum er að því leitt að það sé ættað úr fjárhirslum Íransstjórnar. **- aa**



Við bjóðum til

# Óperutónleika á Miklatúni

## Í KVÖLD
## 19. ÁGÚST KL.20

**Fram koma: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og óperusöngvararnir:**




BM Vallá hf. býður til Óperutónleika á Miklatúni. Þar koma fram allir helstu stórsöngvarar landsins ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Komdu og sjáðu Kristinn Sigmundsson, Arndísi Höllu Ásgeirsdóttur, Ólaf Kjartan Sigurðarson, Kolbein Ketilsson og Sigríði Aðalsteinsdóttur flytja allar helstu perlur klassískrar tónlistar.

Missið ekki af fágætum tónlistarviðburði fyrir alla fjölskylduna á Menningarnótt.

Efnisskrá:

| | | |
|---|---|---|
| G. Verdi: | Forleikurinn að ,,La Forza del destino" | |
| G.Rossini: | Largo al factotum úr ,,Rakaranum frá Sevilla": | Ólafur Kjartan Sigurðarson, barítón. |
| G.Rossini: | Una voce poco fa úr ,,Rakaranum frá Sevilla": | Arndís Halla Ásgeirsdóttir, sópran |
| W.A.Mozart: | Finch'han dal vino úr ,,Don Giovanni": | Kristinn Sigmundsson, bassi. |
| G. Bizet: | Habanera úr ,,Carmen": | Sigríður Aðalsteinsdóttir, Mezzósópran |
| G.Bizet: | La Fleur que tu m'avais jetée úr ,,Carmen": | Kolbeinn Ketilsson, tenór. |
| Ch. Gounod: | Danse antique, balletttónlist úr ,,Faust" | |
| Ch Gounod: | Le veau d'or est toujour deboute úr ,,Faust": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| J.Offenbach: | Barcarolle úr ,,ævintýrum Hoffmanns": | Arndís Halla og Sigríður |
| G.Verdi: | Dio che nell´alma úr ,,Don Carlos": | Kolbeinn og Ólafur Kjartan |
| R.Wagner: | Mögst du, mein Kind úr ,,Hollendingnum fljúgandi": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| G.Verdi: | Un di, se ben rammentomi úr ,,Rigoletto": | Arndís, Sigríður, Kolbeinn og Ólafur Kjartan |
| G.Verdi: | Come dal ciel precipita úr ,,Macbeth": | Kristinn Sigmundsson, bassi |
| G. Verdi: | Libiamo ne' lieti calici úr ,,La traviata": | allir |

**Sérstakur verndari tónleikanna er:**
**Frú Vigdís Finnbogadóttir.**

BM·VALLÁ



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir fríblað dótturfélags Dagsbrúnar sem út mun koma í Danmörku?

2 Hver er stjórnandi nýs skemmtiþáttar á Stöð 2 sem ber nafnið Í sjöunda himni?

3 Frá hvaða landi er tvö hundruð manna sendinefnd sem komin er til landsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Öllum málefnum Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðar vísað frá bæjarstjórnarfundi:

# Engin mál á dagskrá

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðar hafnaði því að ræða mál sem minnihlutihluti bæjarstjórnar hafði lagt fyrir bæjarstjórnarfund í vikunni. Engin mál voru því á dagskrá fundarins, í fyrsta skipti í sögu bæjarstjórnar Ísafjarðar. Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi minnihlutans, segir málið skrípaleik.

Sigurður segir minnihlutann hafa viljað ræða mál sem varða starfshætti og samninga við verktaka og fór fram á að fá stefnumótandi umræðu um þessi málefni. Ingi Þór Ágústsson, starfandi forseti bæjarstjórnar, tók við fyrirspurnunum en sagði að þær hefðu borist of seint og því þyrfti aukinn meirihluti bæjarfulltrúa að samþykkja að þær yrðu teknar á dagskrá. Meirihluti bæjarstjórnar veitti ekki það samþykki og úrskurðaði forseti þá að engin dagskrármál lægju fyrir.

Sigurður segir þetta ekki gott upphaf á nýju kjörtímabili og lofi ekki góðu um samstarfið á kjörtímabilinu.

Ingi Þór Ágústston, starfandi forseti bæjarstjórnar, telur þau mál sem fyrir fundinum lágu ekki vera ágreiningsmál og geti því beðið fram að fyrsta formlega fundi bæjarstjórnar sem boðaður er 7. september.

- hs



**ÁGREININGUR Á ÍSAFIRÐI** Minnihluti bæjarstjórnar gagnrýnir vinnbrögð meirihluta.

Bílvelta á Uxahryggjarleið:

# Slapp án teljandi meiðsla

**BÍLVELTA** Rúmlega sextug kona missti stjórn á jeppabifreið sem hún ók austur Uxahryggjarleið um tíu leytið í gærmorgun, með þeim afleiðingum að jeppinn valt.

Konan meiddist lítillega en gerði sjálf lögreglu viðvart. Konan var ein í bílnum og ók eftir malarvegi þegar hún missti stjórn á bifreiðinni.

Sjúkrabíll flutti konuna á heilsugæsluna í Borgarnesi. Þar var gert að sárum hennar og var hún útskrifuð af slysadeildinni upp úr hádeginu í gær.

Vegurinn sem hún ók liggur á milli Lundarreykjardals og Þingvallasvæðisins.

- æþe

Serbneska lögreglan:

# Býðst til leigu gegn gjaldi

**SERBÍA** Serbneska lögreglan hefur brugðið á sérstætt ráð til auka tekjurnar.

Nú er hægt að leigja sér serbneskan lögregluþjón, sem og tæki og tól lögreglunnar. Þetta kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.

Verðlaginu er haldið í hófi, því þjónusta serbnesks lögregluþjóns kostar um 306 íslenskar krónur á klukkustund, en ef maður vill bara leigja sér einkennisbúning lögreglunnar þá kostar það rúmar 1.100 krónur á dag. Þyrla kostar á milli 45.000 og 145.000 krónur á tímann, eftir því hvaða þyrluteg- und er valin.

Innanríkisráðuneytið ætlar sér að fylgjast grannt með leigustarfseminni, til að koma í veg fyrir misnotkun.

- smk

Ummæli John Prescotts um stefnu George W. Bush:

# Samþingmenn eru sammála Prescott

**LUNDÚNIR, AP** Fjölmargir samþingmenn John Prescotts, sem fer með æðstu völd á Bretlandseyjum í fjarveru Tonys Blair, lýstu í gær yfir stuðningi sínum við meint ummæli hans um George W. Bush. Prescott sjálfur, sem er varaforsætisráðherra Bretlands, virðist ekki sjá eftir ummælunum þrátt fyrir að hafa reynt fyrr í vikunni að sverja þau af sér.

Í gær mun hann hafa látið þau orð falla að áttatíu prósent þingmannanna væru honum hvort sem er sammála um Bush og því væri það „kjaftæði“ að hann ætti að segja af sér.

Nú þrýsta samflokksmenn á varaforsætisráðherrann að ganga opinberlega við ummælunum til að sýna að Verkamannaflokkurinn hafi enn sjálfstæða stefnu í utanríkismálum.

Fyrr í vikunni hafði breska blaðið Independent eftir Prescott, að stefna Bandaríkjastjórnar í Mið-Austurlöndum væri „algjört rugl“.

Einnig á Prescott að hafa líkt George W. Bush við „kúreka með Stetson-hatt“ sem væri „of mikill einfeldningur“ til að ná árangri.

Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins, gerði lítið úr ummælunum. „Bush hefur verið uppnefndur á verri máta, og verður það líklega enn um sinn.“

- kóþ



**DREGUR ÚR ÞENSLU** Vilhjálmur Egilsson bendir á að hægt hafi á byggingaframkvæmdum.

# Vaxtahækkanir valda verðbólgu

**Niðursveiflan verður ekki langvarandi segir framkvæmdastjóri SA. Þó getur baráttan við verðbólgu orðið erfiðari vegna vaxtahækkana Seðlabankans.**

**EFNAHAGSMÁL** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gagnrýnir vaxtaákvörðun Seðlabankans og telur að bankinn sé ekki í takt við þróun efnahagslífsins í landinu. Síðustu tvær vaxtaákvarðanir Seðlabankans geta orðið verðbólguhvetjandi þegar frá líður, að mati Vilhjálms.

Ákvörðun Seðlabankans mætir gagnrýni í þjóðfélaginu. Vilhjálmur telur að öll teikn séu á lofti um að samkomulag aðila vinnumarkaðarins hafi haft tilætluð áhrif. Hægt hafi á fasteignamarkaði og verðbólgan hafi lækkað, framkvæmdir séu að dragast saman og draga fari úr eftirspurn eftir vinnuafli.

Vilhjálmur telur að Seðlabankinn hafi mislesið vinnumarkaðinn og fasteignamarkaðinn í sumar. Bankinn hafi gert ráð fyrir auknum íbúðaframkvæmdum á næsta ári sem sé af og frá. Þá hafi hann gert ráð fyrir launaskriði en fyrirtækin hafi passað sig. „Þetta þýðir að Seðlabankinn hækkar vexti á sama tíma og niðursveiflan er komin í gang. Vandinn er sá að bankinn magnar upp verðbólguna ef hann er ekki búinn að lækka vexti þegar hagkerfið fer upp á við á næsta ári,“ segir Vilhjálmur.

„Við höfðum séð fyrir okkur að það væri komið ágætis jafnvægi í efnahagslífið um mitt næsta ár. Við værum þá að gera kjarasamninga til lengri tíma, byggja upp kaupmátt og sækja fram á nýjan leik,“ segir hann.



**SIGRÍÐUR I. INGADÓTTIR, HAGFRÆÐINGUR HJÁ ASÍ**



**VILHJÁLMUR EGILSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SA**

Hagkerfið hefur hins vegar brugðist hraðar við. „Við reiknuðum með að verðhækkanir á þriðja ársfjórðungi gætu verið 3,7 prósent en hækkunin var svo lítil í júlí að verðhækkanir mega fara yfir þrjú prósent í haust til að vera innan við markmiðið. Svo virðist hægja fyrr á fasteignamarkaði þannig að stöðugleiki gæti komist fyrr á. Árangurinn er því betri.“

Sigríður I. Ingadóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandinu, telur að túlka megi vaxtahækkunina þannig að Seðlabankinn treysti því ekki að samkomulag ASÍ og SA frá því í sumar hafi tilætluð áhrif. „Það er í okkar augum mjög alvarlegt. Þetta samkomulag snerist um að allir legðust á sömu sveif,“ segir hún.

„Þetta mun valda því að á næsta ári verði lendingin í hagkerfinu harðari en annars hefði verið. Það mun leiða til minni hagvaxtar, meira atvinnuleysis og rýrnunar kaupmáttar.“

ghs@frettabladid.is


LYFJA
- Lifið heil

Betri byrjun með Nicorette í Lyfju




Rétt val á nikótínlyfjum með aðstoð starfsfólks Lyfju

Það skiptir miklu máli að meta rétt hvaða nikótínlyf henta best þegar hætta á reykingum. Starfsfólk Lyfju getur aðstoðað þig við að taka prófið og finna hvaða lyfjaform hentar þér best.

Fáðu Nicorette bækling þar sem þú færð góðar upplýsingar um öll 5 lyfjaform Nicorette.

15% afsláttur af eftirtöldum pakkningastærðum til 31. ágúst



Innsogslyf 18 stk.
Dagplástur 15 mg. 7 stk.
Nefúðalyf
Tungurótartöflur 30 stk.
Nikótíntyggigúmmí 30 stk.

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

LYFJA
- Lifið heil

Garðatorgi • Grindavík • Keflavík • Lágmúla
Laugavegi • Smáratorgi • Setbergi • Smáralind
Spönginni • Höfn • Fáskrúðsfirði • Egilsstaðir
Seyðisfirði • Neskaupstað Eskifirði • Reyðarfirði
Ísafirði • Bolungarvík Patreksfirði • Borgarnesi
Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal • Húsavík
Kópasker • Raufarhöfn • Þórshöfn • Sauðárkróki
Blönduósi • Hvammstanga • Skagaströnd
Selfossi • Laugarási

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.661 **+1,87%** **Fjöldi viðskipta:** 445 **Velta:** 8.220 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +4,18% | **Flaga** | -1,25% |
| **Alfesca** | + 3,331% | | |
| **Glitnir** | +2,76% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,60 +1,41% ... Alfesca 4,35 +3,33% ... Atlantic Petroleum 549,00 +0,00% ... Atorka 6,00 +0,84% ... Avion 32,50 +0,00% ... Bakkavör 51,7 +0,98% ... Dagsbrún 4,98 +4,18% ... FL Group 17,00 +1,19% ... Glitnir 18,60 +2,76% ... KB banki 762,00 +2,56% ... Landsbankinn 23,10 +1,76% ... Marel 80,50 +0,63% ... Mosaic Fashions 17,10 +0,59% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 115,50 +0,87%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Skypegróði í Nyhedsavisen

Greint er frá því í viðskiptablaðinu Børsen að Morten Lund, einn stofnenda Skype sem í fyrra áskotnaðist um milljarður króna þegar hann seldi hlut sinn þar, sé meðal fjárfesta sem taka ætli þátt í að hleypa Nyhedsavisen, dönsku útgáfu Fréttablaðsins, af stokkunum. „Ég hef mikla trú á þessu fyrirtæki og finnst spennandi að taka þátt í endurnýjun í umhverfi rótgróinna hefða í danskri blaðaútgáfu," sagði Morten við Børsen og kvað þar ekki síst spila inn í löngunin til að koma á fót blaði sem væri pólitískt óháð. Áður hefur komið fram að Morten og félagi hans úr Skype ævintýrinu, Søren Kenner, hafi tekið að sér að sjá um netútgáfu Nyhedsavisen.



### Valdamikill blaðamaður

Enn af Nyhedsavisen. Danskir fjölmiðlar hafa túlkað þá yfirlýsingu Dagsbrúnar að til standi að stofna sérstakan sjóð um útgáfu fríblaðsins Nyhedsavisen sem vísbendingu um að blaðið sé andvana fætt.

Berlingske Tidende birti frétt í gær sem dönum þótti endanlega færa sönnur á þá kenningu. Greint var frá vörubílstjóra nokkrum sem fékk það verkefni að flytja splunkuný skrifstofuhúsgögn í höfuðstöðvar Nyhedsavisen í miðborg Kaupmannahafnar. Þegar þangað kom mætti bílstjórinn einum blaðamanna Nyhedsavisen, sem ráðlagði honum að snúa við í snarhasti. „Farðu bara heim. Við þurfum engin húsgögn, blaðið á aldrei eftir að koma út," á blaðamaðurinn að hafa sagt. Ljóst er að viðkomandi blaðamaður hlýtur að hafa óvenjulega mikil völd innan fyrirtækisins. Nema þetta hafi verið Gunnar Smári Egilsson sjálfur. Gamli blaðamaðurinn.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Kína hækkaði stýrivexti óvænt um 27 punkta í gær. Í rökstuðningi bankans segir að markmiðið sé að draga úr lántökum og áhættusömum fjárfestingum sem geti raskað stöðugleika efnahagslífsins í Kína.

Avion Group hefur gert samning um kaup á fimm prósentum hlutafjár í ástralsk-asíska flugrekstrarfélaginu Advent Air. Kaupverð er tvö hundruð milljónir króna.

Hagnaður bandarísku fatakeðjunnar GAP dróst saman á öðrum ársfjórðungi um 53 prósent á milli ára. Helsta ástæðan er minni sala og harðari samkeppni frá fyrirtækjum sem selja svipaðar vörur.

# Afkoma IG óásættanleg

Hagnaður Icelandic Group nam 223 milljónum króna á fyrri helmingi árs en hagnaður annars ársfjórðungs nam 125 milljónum króna.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandic Group, segir afkomuna undir markmiðum stjórnenda félagsins. Miklar verðhækkanir á hráefni hafi skilað sér í slælegri afkomu hjá einingum félagsins í Bretlandi, Frakklandi og í Bandaríkjunum. „Þetta var óásættanleg niðurstaða," segir Björgólfur.

Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar í rekstri þeirra eininga Icelandic Group sem skiluðu óviðunandi afkomu. Meðal annars verður frystisvið flutt frá Grimsby í Bretlandi til Wimille í Frakklandi í haust. Þá munu verðhækkanir á afurðum Icelandic Group skila sér inn í afkomutölur félagsins síðar á árinu og er búist við að það skili sér í um fimm milljarða króna rekstrarhagnaði (EBITDA) á árinu. - jab



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON** Forstjóri Icelandic Group segir afkomu félagsins óásættanlega en býst við betri afkomu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tom Hunter með í HoF

Sir Tom Hunter, ríkasti maður Skotlands, ætlar að taka þátt í yfirtökunni á House of Fraser (HoF) með því að leggja fram tíu prósenta hlut að sögn skoska blaðsins The Herald. Hunter hefur oft unnið með Jóni Ásgeiri, forstjóra Baugs og reyndi meðal annars að taka HOF yfir árið 2002 með fulltingi Baugs. Aðrir í fjárfestahópnum verða Baugur, FL Group, Don McCarthy, Kevin Stanford og HBOS eins og áður hefur komið fram. Stanford, sem er hluthafi í Baugi, tekur svipaðan hlut og Hunter. Búist er við að tilboð upp á 47 milljarða króna verði lagt fram á allra næstu dögum en áreiðanleikakönnun vegna kaupanna hefur staðið í nokkrar vikur. - eþa



**SIR TOM HUNTER**

# Minni hagnaður OKG

Hagnaður Opinna kerfa Group nam 46,1 milljónum króna eftir skatta á fyrri helmingi árs. Er það tæplega helmings samdráttur frá sama tímabili í fyrra þegar hagnaðurinn nam 86 milljónum króna. Félagið tapaði sextán milljónum króna á öðrum ársfjórðungi.

Heildarvelta var 6,45 milljarðar króna og jókst um tæpar átta hundruð milljónir króna sé miðað við fyrri helming ársins 2005.

Opin kerfi Group samanstendur af móðurfélaginu, tveimur eignarhaldsfélögum og þremur rekstrarfélögum; á Íslandi, í Svíþjóð og í Danmörku. Hjá fyrirtækinu starfa 450 manns. - jsk

# Hlutabréf hækka

### Lífeyrissjóðir koma inn á markaðinn á nýjan leik.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 5,3 prósent í mikilli veltu í vikunni og stóð í 5.661 stigi við lok markaða á föstudaginn. Fjármálasérfræðingar segja að innkoma lífeyrissjóða hafi haft mikil áhrif og hrifið aðra fjárfesta með sér. „Við höfum almennt á árinu verið að draga aðeins saman seglin í hlutabréfunum en höfum verið að koma inn sem kaupendur á síðustu dögum," segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Gildi lífeyrissjóði.

Ýmislegt gefur til kynna að dregið hafi úr hraðanum í hagkerfinu og fjárfestar geti komið rólegri inn á markaðinn að sögn sérfræðinga. Styrking krónunnar frá því í byrjun júlí gefi, vegna aukinnar krónubréfaútgáfu, væntingar um að verulega muni draga úr verðbólgu á næstu mánuðum. Einnig töldu margir að kauptækifæri hefðu myndast í bréfum fjármálafyrirtækja eftir hálfs árs uppgjör þeirra.

Þótt bjartsýni sé meiri meðal fjárfesta er óvissa um framhaldið. Það velti mikið á því hvort útgefendur þeirra krónubréfa, sem koma til gjalddaga í september, framlengi bréfin eða krefjist greiðslu sem geti valdið gengislækkun krónu. Um 40 milljarðar koma til greiðslu í september.

Fjármálafyrirtækin leiddu hækkanir á hlutabréfamarkaði í vikunni. Hlutabréf í Landsbankanum hækkuðu um tíu prósent, um 8,4 prósent í KB banka og 5,7 prósent í Glitni banka. - eþa

**HELSTU BREYTINGAR Í VIKUNNI**

| | |
|---|---|
| FL Group | 10,4% |
| Landsbankinn | 10,0% |
| KB banki | 8,4% |
| Glitnir | 5,7% |
| Össur | 5,0% |
| Dagsbrún | -8,5% |

# Vilja sameiningu Kauphallar Íslands og OMX

### Stór fyrirtæki þrýsta á um sameiningu Kauphallar Íslands og OMX kauphallarinnar, en í gangi eru viðræður þeirra á milli. Krónan og smæð Kauphallarinnar eru sögð fyrirtækjum fjötur um fót og fæla frá erlenda fjárfesta.

Forsvarsmenn nokkurra stórra fyrirtækja í Kauphöll Íslands hafa áhyggjur af hvert stefni í málefnum Kauphallarinnar og telja nauðsynlegt að samstarf eða samruni náist við erlenda kauphöll auk þess sem skrá þurfi hlutabréf þessara félaga í erlendri mynt. Öðrum kosti er þessum félögum gert mun erfiðara fyrir að laða að sér erlent fjármagn og vangaveltur uppi um hvort þau séu ekki betur komin með skráningu annars staðar.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, segir ríða á að fyrirtæki fái til sín erlenda fjárfesta. Hann ræddi stöðuna á hluthafafundi félagsins í gærmorgun. „Við fylgjumst mjög spennt með hugmyndum um samstarf Kauphallarinnar á Íslandi og OMX kauphallarinnar, sem í eru kauphallir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Við hér hjá Marel skorum á þessi félög að enda viðræður sínar með fullum samruna," segir hann.

Eftir samruna segir Árni Oddur einu hindrunina sem eftir sé í vegi erlendra fjárfesta vera krónuna. „Verði af samrunanum þá mun stjórn Marels taka til alvarlegrar skoðunar að breyta hlutabréfum félagsins úr krónum í evrur," segir hann og bætir við að beinast liggi við fyrir félög sem séu með meirihluta tekna sinna í erlendri mynt að taka upp og breyta bréfum sínum í evrur, enda væri óhentugt að vera með mjög marga gjaldmiðla í gangi í Kauphöllinni í stað krónu. Þarna eru félög á borð við Actavis, Bakkavör, Marel og Össur og sennilega bankarnir líka, sem eru með verulegan hluta tekna sinna í erlendum myntum."

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir fyrirtækið verða vart við mikinn áhuga fjárfesta á Össurarbréfum, enda sé tæplega helmingur bréfa félagsins í höndum erlendra fjárfesta. „Það sem er mjög neikvætt við Össur er að félagið er skráð í krónum, íslenska krónan er fjötur um fót þegar kemur að erlendum fjárfestingum," segir hann og bendir á að allar tekjur Össurar séu í erlendum gjaldeyri og öll lán líka. „Við notum krónuna í raun ekki í annað en skráningu bréfa fyrirtækisins og það er ekki gott." Hann segir ljóst að ef af sameiningu Kauphallarinnar og OMX verði ekki þá hlaupi þróunin frá íslenskum hlutabréfamarkaði. „Og fyrirtæki fara bara að fara til annarra landa," segir hann. „Við lítum á það sem rökrétt skref að taka upp skráningu í erlendri mynt."

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir tilkynningu hafa verið gefna út um nánara samstarf við OMX, en þar sé innifalinn möguleiki á sameiningu. „Við höfum einnig ákveðið að vinna þetta hratt og fá niðurstöðu fljótt. Þessar viðræður ganga einfaldlega eftir áætlun," segir hann, en bætir um leið við að sá möguleiki sé fyrir hendi að félög skrái bréf sín í erlendri mynt, óski þau þess. Hann segir fleiri hluti standa í vegi erlendra fjárfesta og unnið sé að því að sníða af agnúa sem fælt geti þá frá. olikr@frettabladid.is




**ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON** Árni Oddur, sem er stjórnarformaður Marels, hélt ræðu við upphaf hluthafafundar í gærmorgun. Þar hvatti hann til þess að Kauphöll Íslands og OMX kauphöllin sameinuðust sem allra fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Breyta þarf í skattastjórnsýslu

„Stofnanaskipan skattkerfisins og verkaskipting milli þess og aðila sem vinna að tengdum málum hefur verið að mestu óbreytt áratugum saman. Hún reyndist vel á sínum tíma en hæfir ekki núverandi aðstæðum," segir Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri í leiðara nýjasta hefti Tíundar, fréttabréfs RSK.

Indriði, sem lætur af störfum í lok næsta mánaðar, segir að þótt ýmislegt hafi unnist á umliðnum árum sé margt enn ógert til að gera skattastjórnsýslu hér vel úr garði. „Styrkja þarf framkvæmdaþátt skattalöggjafarinnar þannig að skattastjórnsýslan hafi í höndum þau verkfæri sem nauðsynleg eru til að efni skattalaga megi framkvæma með samræmdum hætti og tryggja jafnræði."

Þá segir hann að skapa þurfi skattinum „skipulagslegt sjálfstæði og svigrúm til að laga sig að síbreytilegum verkefnum og viðhorfum." Hann segir núverandi skattalöggjöf sniðna að samfélagi í nokkurri efnahagslegri einangrun með takmörkuð og einföld samskipti við útlönd; alþjóðavæðing og breytt siðferðisleg viðhorf hafi skapað nýjar forsendur. - óká



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON RÍKISSKATTSTJÓRI** Í nýjasta hefti Tíundar, fréttablaðs RSK, fjallar ríkisskattstjóri um skattaumhverfið hér á landi og breytingar sem hann telur þörf.



# MENNINGARNÓTT

KB banki Austurstræti
býður alla hjartanlega velkomna
á Menningarnótt.

## Dagskráin hefst kl. 13.00 í dag

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | Húsið opnar – Skólahljómsveit Kópavogs spilar |
| Kl. 14.00 | Ingó úr Idol mætir með gítarinn |
| Kl. 15.00 | Bríet Sunna úr Idol tekur nokkur lög |
| Kl. 16.00 | Snorri Idolstjarna 2006 skemmtir gestum ásamt Vigni gítarleikara |
| Kl. 17.00 | Bongótrommuleikur & dansatriði fyrir utan |
| Kl. 18.00 | Dagskrá lýkur |

Krökkunum verður boðið upp á frostpinna og andlitsmálningu á meðan fullorðna fólkið fær rjúkandi Lavazza-kaffi.

Hljómsveitin **South River Band** mun svo líta í heimsókn og spila fyrir gesti og gangandi.

KB BANKI

# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖLLINA

## Húsgögn og húsbúnaður á betra verði








**25% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM, HLÍFÐARDÝNUM OG LÖKUM, FYLGIR KEYPTUM DÝNUM**

**ARELIA PT Q**
dýna 152 x 203 cm
**79.980**
verð áður: ~~109.980~~

**ARELIA PT QEEN** vönduð dýna frá Serta.
Stærð: 152 x 203 cm. kr. **79.980**

**NEPTUNE ET Q**
dýna 152 x 203cm
**89.980**
verð áður: ~~129.980~~

**NEPTUNE ET QEEN** vönduð dýna frá Serta.
Stærð: 152 x 203 cm. kr. **89.980**

# BETRI SVEFN OG VINNUAÐSTAÐA



**HEKTOR**
skrifborðsstóll
**7.980**
verð áður: ~~14.980~~

**HEKTOR** skrifborðsstóll kr. **7.980**



**BIT**
skrifborðsstóll
**5.980**
verð áður: ~~7.980~~

**BIT** skrifborðsstóll kr. **5.980**



**PLUTO**
tölvuskrifborð
**19.980**
verð áður: ~~29.980~~

**PLUTO** tölvuskrifborð með yfirhillu úr eik. B 155 x D 70 x H 76/149 cm. kr. **19.980**



**CHEF**
skrifborðsstóll
**4.980**
verð áður: ~~11.980~~

**CHEF** skrifborðsstóll með örmum kr. **4.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

# HÚSGAGNAHÖLLIN



**FOURSTAR**
svefnsófi
**59.980**
verð áður: **69.980**

**FOURSTAR** svefnsófi 90 x 200 cm, út dreginn 180 x 200 cm. Áklæði: sunday svart og sunday sand kr.**59.980**

# FYRIR GÓÐA NÁMSMENN

**Tilboðin gilda fram á miðvikudag 23. ágúst**



**REGATA**
svefnsófi
**28.000**
verð áður: **39.980**

**REGATA** svefnsófi. Kemur samsettur. Stærð: 90 x 190 cm, útdreginn120 x 190 cm. kr. **28.000**



**VIOLETTE**
svefnsófi
**49.980**
verð áður: **69.980**

**VIOLETTE** svefnsófi með rúmfatageymslu og springdýnu. Hægt er að taka áklæðið af og hreinsa. Áklæði, litir: sand og grár. Stærði :100 X190 cm, útdreginn 130 x 190 cm. kr. **49.980**



**SCAN**
tölvuborð
**29.980**
verð áður: **49.980**

**SCAN** tölvuborð fæst í hlyn og kirsuberjalit B:155 D:82 H:150 CM kr. **29.980**



**OFFICELINE**
tölvuborð
**9.980**
verð áður: ~~13.980~~

**OFFICELINE** tölvuborð B96 x D55 x H78/69 cm, fæst í hlyn og kirsuberjalit kr. **9.980**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Ýmis rök hníga að því að betur hefði verið heima setið en af stað farið í Kárahnjúkavirkjun.

## Óháð áhættumat

Vinnu við stærstu framkvæmd Íslandssögunnar er að ljúka. Síðustu vikur hefur efasemdarröddum um virkjunina fjölgað. Deilt hefur verið um arðsemi framkvæmdarinnar og einnig um jarðfræðilegar forsendur hennar.

Ekki er dregið í efa að til mikils var að vinna að gefa atvinnulífi á Austurlandi innspýtingu. Hitt er annað mál að orkufrekur iðnaður er ekki eina leiðin sem fyrir hendi er til að veita slíka innspýtingu og sömuleiðis að möguleikar á að framleiða orku á Íslandi eru fleiri en svo að leggja hafi þurft í slíka stórframkvæmd sem virkjunin við Kárahnjúka er.

Upplýsingar sem fram hafa komið síðustu vikur sýna að sprungusvæðið, sem talið var liggja mun vestar en framkvæmdasvæðið, og umhverfismat á framkvæmdinni byggði á þeim upplýsingum, er á framkvæmdasvæðinu sjálfu. Þetta hefur verið vitað í ellefu mánuði eða frá því að niðurstöður rannsóknar jarðfræðinganna Kristjáns Sæmundssonar og Hauks Jóhannessonar lágu fyrir í fyrrahaust. Þessar niðurstöður komu hins vegar ekki fyrir almenningssjónir fyrr en í Fréttablaðinu í lok síðasta mánaðar. „Að byggja stíflur og lón á virku misgengisbelti, og það á úthafsskorpu, gæti verið ískyggileg bíræfni,“ sagði hinn virti jarðvísindamaður Haraldur Sigurðsson sem starfað hefur við University of Rhode Island í liðlega 30 ár, meðal annars þegar blaðið bað hann að fjalla um þessa skýrslu. Forráðamenn Landsvirkjunar halda því á móti fram að virkjunin standi á traustum stoðum og að hún þoli hreyfingar jarðar.

Vonandi er það svo en þjóðin, sem er fjárhagslega ábyrg fyrir þessari framkvæmd, hlýtur að fara fram á að áður en vatni verður hleypt á Hálslón fari fram á henni óháð áhættumat, mat sem ekki er kostað af sama aðila og gengst fyrir framkvæmdinni, Landsvirkjun.

Upp úr stendur að svo virðist sem undirbúningur undir þessa stærstu framkvæmd Íslandssögunnar sé hvergi nærri nógu vandaður. Allt of mörgum spurningum er enn ósvarað þegar einungis eru nokkrar vikur þangað til vatni verður hleypt á Hálslón, ef áætlanir standast.

Þetta bætist við umhverfissjónarmið sem einnig mæla eindregið gegn virkjuninni. Ósnortið víðerni, að stórum hluta klætt gróðri, fer undir vatn og ósvarað er til dæmis ýmsum spurningum um áhrif virkjunarinnar á lífið í sjónum við Norðausturland og áhrif foks á jökulframburði vegna þess hve yfirborð lónsins verður breytilegt.

Þá er ótalið að verðið sem kaupendur munu greiða fyrir orkuna sem á að framleiða í Kárahnjúkavirkjun er greinilega svo lágt að forsvarsmenn Landsvirkjunar treysta sér ekki til að gefa það upp við íslensku þjóðina sem þó á Landsvirkjun.

Líklega verður úr þessu ekki aftur snúið með Kárahnjúkavirkjun. Vatninu verður hleypt á lónið. Úr því sem komið er verður að vona að ekki gangi eftir verstu spár um áhrif virkjunarinnar. Sömuleiðis verða borgarar þessa lands að gera kröfu um að aldrei verði aftur lagt af stað í svo óafturkræfan leiðangur eins og virkjunarframkvæmdin við Kárahnjúka er án þess að undirbúningur taki af allan vafa um að framkvæmdin sé forsvaranleg bæði með tilliti til umhverfis og arðsemi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óljúfir endurfundir

Blaðamaður Fréttablaðsins varð vitni að endurfundum Ólafs Páls Sigurðssonar og lögreglumannsins sem hann hefur ásakað um að reyna að aka á sig þegar hann var að mótmæla nálægt Kárahnjúkum í júlílok. Vitnisburður þeirra tveggja um það sem þar átti sér stað er afar ólíkur en í máli þeirra kom fram að atvikið hefði verið fest á filmu og því væri fróðlegt ef fólk fengi að sjá myndbandið. Endurfundurinn var að sjálfsögðu ekki kominn til af góðu en lögreglumaðurinn var að gera upptæka bifreið sem Ólafur Páll og aðrir mótmælendur höfðu á leigu og var einn mótmælandi handtekinn fyrir mótþróa.



### Óbeislaðir starfsmenn og mótmælendur

Forsíðumynd Fréttablaðsins í gær er nokkuð tignarleg enda tekin ofan af stíflunni við Kárahnjúka en þar eru tveir kínverskir starfsmenn að fara niður stífluvegginn í tréstiga en eru ekki enn búnir að festa sig við öryggislínu. Þó ekki sé það kannski jafn glæfralegt minnir þetta þó nokkuð á tilburði mótmælenda sem héldu til í háum krönum á lóð álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði með afar takmarkaðan öryggisbúnað. Þeir sem mótmæla Kárahnjúkavirkjun og þeir sem reisa hana eiga kannski meira sameiginlegt en þeir gera sér grein fyrir.



### Mótmælamenning 101

Mótmælendur hafa svo sannarlega sett svip sinn á bæjarlífið á Reyðarfirði en blaðamaður Fréttablaðsins fór austur til að kynna sér viðhorf heimamanna. Flestum þótti það heldur tilgangslaust að vera að mótmæla nú þegar framkvæmdir eru komnar vel á veg. Eyþór Hauksson sagði einnig að mótmælin ættu með réttu að fara fram í Reykjavík þar sem Alþingi og höfuðstöðvar Landsvirkjunar eru. Mótmælendur sögðu hins vegar að eitt af markmiðum þeirra væri að skapa menningu fyrir mótmæli á Íslandi svo landsmenn létu ekki alla hluti yfir sig ganga þrátt fyrir megna óánægju flestra. Það verður gaman að sjá hvort þeim takist að fá Íslendinga til að klifra upp í krana og leggjast fyrir vinnuvélar út af öðru en ölæði. **jse@frettabladid.is**

## Þú getur ekki bæði haldið og sleppt

**Í DAG**
SKATTASKRÁR



**ELLERT B. SCHRAM**

*Nei, þeir ríku mega vera ríkir mín vegna. Mér er miklu hugleiknara að vita hvað skattskráin segir um skattbyrði hins almenna launamanns og ellilífeyrisþegans.*

Kannske er það rétt sem ungir sjálfstæðismenn halda fram, að það eigi ekki að birta skattskrána. Að minnsta kosti ekki um mitt sumar, þegar fólk nennir ekki að æsa sig út af neinu.

Nema þegar skattskráin kemur út. Þá byrjar ballið og svo óheppilega vill til að verslunarmannahelgin dettur inn á sama tíma og þá verða forystumenn verslunarmanna að halda hátíðarræður og hafa úr því einu að moða að hneykslast á tvöhundruðföldum launum nokkurra bankamanna og burgeisa. Og hvort sem það er út af gúrkutíðinni í fjölmiðlum eða af heilagri sannfæringu, þá hleypur Morgunblaðið til og slær þessu upp og segir að Ingibjörg hjá VR hafa hitt á æð og fer að ólundast út í þessi ofurlaun og hringir í stjórnmálaforingja, sem geta auðvitað ekkert annað gert en að taka undir hneykslunarhelluna. Og áður en maður veit af, er þjóðin farin að taka undir að þetta gangi ekki. Gangi bara alls ekki að einhver fái tvöhundruðföld laun á við annan.

Kannske er ég svona vitlaus, kannske er ég orðinn of gamall, en ykkur að segja, stendur mér algjörlega á sama, þótt einhver fái meira borgað en annar. Mér er slétt sama. Verði þeim að góðu. Ég held líka að það sé út úr kú, að stjórnvöld eða einhverjar siðferðilegar skyldur fyrirtækjanna og bankanna krefjist lækkunar á þessu spreði. Ef einhverjir bankar vilja borga einhverjum ungum manni svo himinháar upphæðir að honum mun aldrei endast ævin til að eyða því, þá þeir um það. Enda held ég að það hafi ekkert með gæfu og gjörvileik þeirra milljónamæringa að gera, sem verða fyrir þessu óláni að efnast um efni fram. Segir ekki máltækið að margur verði af aurum api? Segja ekki rannsóknir að þeir verði fyrstir til að missa heilsuna?

Það verður hinsvegar aldrei nógsamlega undirstrikað að þetta fáránlega ríkidæmi er afleiðing frjálshyggjunnar, þeirrar stjórnmálastefnu, sem hér hefur ráðið ríkjum. Þeirra ær og kýr, Moggans og strákanna í Flokknum. Lofsungin á degi hverjum og málpípurnar endurkjörnar æ ofan í æ. Og þá spyr maður: Hvers konar tvöfeldni og hræsni er að boða þetta fagnaðarerindi í einu orðinu en bölsótast út í það í hinu?

Nei, þeir ríku mega vera ríkir mín vegna. Mér er miklu hugleiknara að vita hvað skattskráin segir um skattbyrði hins almenna launamanns og ellilífeyrisþegans. Hvað segir skattskráin um það órétti sem ríkir í skattaálögum, eftir því hvernig tekjurnar verða til? Af hverju reka þeir ekki upp heróp, neyðarkall, Mogginn og ungu sjálfstæðismennirnir, og talast á við samvisku sína yfir því himinhrópandi misrétti sem birtist í þeirri vísu bók, skattskránni?

Hér í blaðinu fyrir hálfum mánuði, skrifaði ég um það ranglæti sem snýr að öldruðu fólki, sem býr við tvöfalt kerfi, þegar kemur að skattlagningu tekna þeirra. Af hverju er ekkert gert í því? Af hverju taka ekki þessir hneyksluðu siðapostular á þeirri staðreynd að skattleysismörkin eru langt fyrir neðan lágmarksframfærslu, sem kemur sér verst fyrir hina lægst launuðu?

Lífið gengur ekki út á að eignast meiri peninga en þú getur nokkru sinni eytt. Lífið er barátta um að eiga í sig og á. Það er verkefni okkar flestra. Fjöldans. Um það snýst þessi vegferð, pólitíkin og réttlætið. Og þar er vandinn, þar er verk að vinna, þar á fókusinn að vera. Um það eiga fjölmiðlarnir að fjalla. Ekki um örfáa, nýríka, spariklædda stráka. Þeir skipta engu. Nema þá í Séð og heyrt.

Frelsið, með öllum sínum kostum og göllum, hefur verið leitt til hásætis í peningalegu tilliti. Fyrir tilverknað þessarar frjálshyggju er bilið að breikka milli ríkra og fátækra. Og þeir sem vilja leiða frjálshyggjuna til öndvegis bera ábyrgð á afleiðingunum. Þeir geta ekki bæði haldið og sleppt. Umræðan á ekki að snúast um hvernig böndum verði komi á þetta frelsi, heldur hitt, hvernig sem flestir geti notið þess. Í efnum, í réttlæti, í jafnrétti og jafnræði, í félagslegum og manneskjulegum grundvallaratriðum. Sá er frjáls, sem getur um frjálst höfuð strokið, sem getur staðið keikur frammi fyrir samborgurum sínum og er sáttur við leikreglurnar. Sú sátt getur hinsvegar aldrei orðið, meðan við sitjum ekki við sama borð, meðan ranglætið hrópar á okkur og almennir heiðarlegir skattborgarar eru hlunnfarnir. Það þýðir ekkert að vísa til siðgæðis og göfugleika. Þau gildi eru ekki til á fjármálamarkaði. En þau gilda í dómgreind okkar og atkvæðum.

Þar liggur hundurinn grafinn.


www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33204 06/2006

Lamisil gel

EINU SINNI Á DAG Í EINA VIKU
DREPUR FÓTSVEPPINN.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en borið er á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þeki allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu („lifrarbrúnir blettir“). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR FRIÐRIK ÖRN HJALTESTED HARALDUR JÓNSSON HRAFNKELL SIGURÐSSON RAGNAR KJARTANSSON



EI LAND

# HUGGULEG OG AFSLÖPPUÐ STEMMNING Á MENNINGARNÓTT

**Paul Lydon** og **Kira Kira** munu með dularfullum og seiðandi tónum að ekta útilegusið skapa indæla og afslappandi stemmingu með tónleikum sínum á **Kaffi Eilandi kl. 21 á Menningarnótt.** Tónleikarnir eru í tengslum við sýninguna Eiland og munu þeir standa til miðnættis.

Sýningin Eiland er listsýning 5 listamanna í Gróttu sem opnaði 15. júlí síðastliðinn. Sýningin er styrkt af Sjóvá og Seltjarnarnesbæ og lýkur á morgun, sunnudag, þann 20. ágúst.
**Opið í dag kl.**10.00 - 12.00 **og frá** 19.00 -01.00

## FJÖRUBÁL KL. 22.00

## FRÁBÆR STAÐUR TIL AÐ NJÓTA FLUGELDASÝNINGARINNAR

## SÍÐASTA SÝNINGARHELGI

Ölgerðin
Egill Skallagrímsson
býður þyrstum upp á sódavatn
og pilsner. Börnunum stendur
Frissi fríski til boða.

www.eiland.is

SJÓVÁ

NÚ LOTTARÐU Í FRÍINU MEÐ ÁSKRIFT

Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú líka unnið einn af 30 stórglæsilegum aukavinningum í áskriftarleiknum.

ÁSKRIFTAR LEIKUR LOTTÓ

lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM22639

Hin árlega menningargrillveisla

Í dag á milli kl. 12 og 15.
Fersk grillað íslenskt grænmeti á hlaðborði.
Tónlistaratriði með Greifunum, Spútnik, Bjargræðiskvartettnum og Halidrome.

Salatbarinn
Salatbarinn Faxafeni 9
Sími 588 0222
www.salatbarinn.is

pipar / SÍA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

MAÐUR VIKUNNAR

# Uppreisnargjarn blaðamaður í ólgusjó viðskiptalífsins

**GUNNAR SMÁRI EGILSSON**
FORSTJÓRI DAGSBRÚNAR

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, stendur í ströngu þessa dagana. Fyrirtækið sem hann stýrir tapaði einum og hálfum milljarði á fyrri helmingi þessa árs og danskir blaðaútgefendur hafa brugðist hart og snöggt við áformum hans um að gefa út fríblað í ætt við Fréttablaðið í Danmörku.

Gunnari Smára er að mestu eignaður heiðurinn að baki velgegni Fréttablaðsins og ævintýraleg velgengni þess hefur gert hann að milljónamæringi og komið honum í yfirburðastöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Ferill Gunnars Smára í fjölmiðlum er langur og skrautlegur. Lengst af var hann utangarðsmaður á íslenskum blaðamarkaði og á heiðurinn af ófáum götublöðum sem öll lognuðust út af eða fóru á hausinn. Þá setti Gunnar Smári Íslandsmet í meiðyrðadómum enda aðhylltist hann harða götublaðamennsku og eirði engum í skrifum sínum.

Gunnar Smári byrjaði í blaðamennsku á Tímanum 22 ára gamall og hefur verið með puttana í blaðaútgáfu allar götur síðan. Hann hefur á ferlinum ritstýrt, auk Fréttablaðsins, Pressunni, Morgunpóstinum, Mánudagspóstinum, Eintaki og síðast Helgarpóstinum. Hann hætti á Helgarpóstinum í ágúst árið 1995 þegar hann „slíðraði pennann“ í kveðjugrein sinni þar sem hann sagði skilið við blaðamennskuna. Ári síðar komst hann í fjárhagslegt þrot og sat uppi atvinnulaus og útlægur.

Einbeittur vilji Gunnars Smára til að halda úti ágengum vikublöðum og þau skakkaföll sem því fylgdu lagði hann þó ekki endanlega að velli og hann sótti aftur inn á blaðamarkaðinn árið 1997 með menningartímaritinu Fjölni sem verður helst minnst fyrir það að hafa birt lengstu greinar sem hafa komið fyrir sjónir íslenskra blaðalesenda.

Fjölnir fjaraði fljótt út en Gunnar Smári skaut aftur upp kollinum ári síðar þegar hann var fenginn til að móta Fókus, vikulegt fylgirit gamla DV. Þáverandi eigendur DV, feðgarnir Sveinn Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson, fengu hann síðar til þess að útfæra hugmynd um ókeypis dagblað sem yrði borið inn á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og Fréttablaðið varð að veruleika. Hugmyndin að baki blaðinu þótti á sínum tíma í besta falli óðs manns æði og hugnaðist Gunnari Smára því vel. „Stærsti kostur Gunnars Smára er að hann er fljótur að grípa góðar hugmyndir á lofti og hann hefur úthald til þess að láta þær verða að veruleika,“ segir félagi Gunnars Smára sem hefur sopið nokkrar fjörurnar með honum í útgáfumálum.

Fréttablaðið kom fyrst út árið 2001 og fyrsta útgáfuárið var að sönnu brösótt en eftir gjaldþrot og eigendaskipti, náði Fréttablaðið flugi og skilaði Gunnari Smára á þann stað sem hann er á í dag. Götustrákurinn og ólíkindatólið sem sat 14 daga í skuldafangelsi árið 1997 og hafði þá ekki efni á að kaupa sér „litla kókflösku,“ eins og hann hefur orðað það sjálfur, stóð uppi með pálmann í höndunum.

Fáir efast um hæfileika Gunnars Smára þegar það kemur að blaðaútgáfu en þær raddir heyrast hins vegar að hann hafi öðlast völd umfram getu í viðskiptalífinu og það muni koma honum í koll í Danmörku.

„Gunnar Smári er ennþá bara Gunnar Smári. Það hefur ekkert breyst,“ segir viðmælandi Fréttablaðsins sem er flestum hnútum kunnur í viðskiptalífinu og bætir því við að Gunnar Smári hafi sýnt litla kænsku í innrás sinni á danskan blaðamarkað með því að tala of fjálglega og of fljótt um áform sín. Þannig hafi hann glutrað niður því forskoti sem hann hafði á Íslandi. Hann hafi verið brautryðjandi á fríblaðamarkaði hér heima fyrir fimm árum en muni koma síðastur inn á sama markað í Danmörku þar sem hann hann hafi gefið andstæðingum sínum tíma til að hasla sér völl og treysta varnirnar.

Sjálfur blæs Gunnar Smári á allar hrakspár og sagði í Fréttablaðinu í vikunni að keppinautarnir í Danaveldi væru: „...í raun ekki alvöru leikmenn. Það má frekar líkja þeim við þá sem hlaupa naktir inn á völlinn til að trufla leikinn.“

Þessi viðbrögð eru um margt lýsandi fyrir Gunnar Smára sem er gjarn á að gera lítið úr andstæðingum sínum og leggja til fólks með orðum þannig að undan svíði.




Þeir sem þekkja Gunnar Smára og hafa unnið með honum lengi segja hann geta verið jafn leiðinlegan og hann geti verið skemmtilegur.

Hann þykir ákaflega frjór og skarpur í hugsun og þegar hann er í ham, sem gerist helst þegar hann verður heltekinn af tilteknum verkefnum, þykir félagsskapur hans upplífgandi og eftirsóknarverður.

Samstarfsfólk hans í gegnum tíðina hefur þó einnig flest fengið að kynnast skuggahliðum hans en hann getur verið afundinn, ósveigjanlegur og ósanngjarn. Þegar þessi gállinn er á honum getur hann verið baneitraður í tilsvörum og þeir eru ófáir blaðamennirnir og viðskiptafélagarnir sem hafa í gegnum tíðina gengið laskaðir af velli eftir snerru við Smárann.

Gunnar Smári er í eðli sínu brautryðjandi og það leynir sér ekkert að hann nýtur sín best í uppbyggingu, en þegar og ef hugarfóstur hans komast á lygnan sjó og áhuginn fjari út og hann snýr sér að einhverju öðru. Fréttablaðið er besta dæmið um þetta en hann lagði líf og sál í uppbyggingu blaðsins en eftir sigurgöngu þess er Ísland ekki lengur nógu stórt og Gunnar Smári er nú kominn á kaf í Danmerkurinnrásina.

Þeir sem hafa unnið með Gunnari Smára eru sumir hverjir mátulega hrifnir af þessum þætti í fari hans og þykjast ekki þekkja hann fyrir sama manninn eftir að hann varð viðskiptamógúll og eiga það til að gantast með að hugsjónamaðurinn sé kominn hinum megin við borðið, að „enfant terrible“ íslenskrar blaðamennsku sé orðinn „einn af hinum“.

Þó Gunnar Smári sé vissulega orðinn uppteknari af afkomutölum en dálksentimetrum er því ekki annað að sjá en hann sé enn samur við sig; kunni illa við sig á lygnum sjó og þegar hann hafi val um frið eða ófrið velji hann atið og ræðst enn jafnan á garðinn þar sem hann er hæstur.

## AF NETINU

### Jón eða Jóna

Hér er því greinilega á ferðinni frábært tækifæri fyrir íslenskar til að bera dýrðina augum og skemmta sér ærlega í leiðinni. Enda eiga fullorðnir einstaklingar að geta farið á slíkar skemmtanir ef þeir kjósa svo.

Það sem kemur á óvart er að ekkert hefur heyrst frá andmælendum slíkra skemmtana. Í gegnum tíðina hafa ýmsir einstaklingar og félög, líkt og Femínistafélag Íslands, gagnrýnt harðlega skemmtistaði sem boðið hafa upp á erótískan dans kvenna og talið það niðurlægjandi fyrir konur. Það vekur því furðu að þegar einn stærsti skemmtistaður landins býður upp á erótísk dansatriði þar sem margir ungir karlmenn munu fækka fötum fyrir framan hundruði kvenna virðist það ekki ámælisvert.

**Ingunn Guðbrandsdóttir af deiglan.com**

### Hryðjuverkavarnir

Upp úr miðri tuttugustu öld var í tísku meðal hryðjuverkamanna að ræna flugvélum og hóta að myrða bæði farþega og áhöfn yrði kröfum þeirra ekki mætt. Það var ekki fyrr en vestræn stjórnvöld tóku upp þá einörðu stefnu að neita alfarið að semja við hryðjuverkamenn að voðaverkamönnum lærðist að þýðingarlaust er að ræna flugvélum. Það sama á við nú. Ef vesturlandabúar eru staðfastir í að láta hryðjuverkamenn ekki breyta lifnaðarháttum sínum, líka hvað flugsamgöngur varðar, þá munu hryðjuverkamennirnir sjá að gagnslaust er að sprengja upp flugvélar. En láti menn hins vegar hryðjuverkaógnina verða til að hefta ferðafrelsi vesturlandabúa er það eins og að semja við hryðjuverkamenn og verður aðeins til að magna ógnina enn frekar.

**Eiríkur Bergmann af eirikurbergmann.hexia.net**

### Halldór

Ég fer ekkert leynt með það að ég tel t.d. að Framsóknarflokkurinn með Halldór í forsæti hafi gengið of langt með því að krefjast forsætis í ríkisstjórninni að loknum kosningunum 2003. Ég tel að Halldór hafi aldrei náð tökum á forsætinu, þar réðu mörg mál og einna mest innanflokksserjur innan flokks undir lok formannsferilsins. Innri átök á heimaslóðum gerðu það að verkum að Framsóknarflokkurinn höndlaði ekki forsætið. Ég tel þó að fleiri þættir en Halldór einn hafi ráðið úrslitum um hvernig fór fyrir stjórnarforsæti flokksins.

**Stefán Friðrik Stefánsson af stebbifr.blogspot.com**

### Desiree Tullos

Þar er reyndar líka auðvelt að sjá að Tullos öðlaðist verkfræðigráðu sína fyrir 6 árum en ekki fjórum eins og Viðar Ólafsson hjá VST. Fyrir fjórum árum lauk hún hins vegar meistaragráðu og reyndar má þar líka sjá að hún lauk á síðasta ári doktorsprófi sem er undarlegt að skildi fara alveg fram hjá Viðari en að hans sögn var forvitnast um bakgrunn hennar vegna hinna „alvarlegu og harðskeyttu árása" prófessorsins. Viðar gerir reyndar líka að umtalsefni að Tullos sé alls ekki prófessor heldur lektor. Eins og Viðar hlýtur að vita hafa aðstoðarprófessorar í Bandaríkjunum jafnan rétt á að kalla sig prófessor og þeir sem eru fastráðnir prófessorar.

**Dofri Hermannsson af dofri.is**

### Verðbólga og skattur

Fjármagnstekjuskatturinn er þeim eiginleikum gæddur að hann er ekki aðeins greiddur af tekjum heldur einnig af engum tekjum og jafnvel hreinu tapi ef verðbólga er meiri en vaxtakjör á bankabókum. Í mikilli verðbólgu leggst skatturinn af miklum þunga á sparifjáreigendur. Eins og dæmin hér að ofan sýna getur skatturinn verið óendanlega hár og sýna þau hve kröfunum að hækka skattinn upp í sama hlutfall og tekjuskatt einstaklinga eru óraunhæfar. En á sama tíma og sparifjáreigendur tapa mjög miklu á samspili verðbólgu og fjármagnstekjuskatts hagnast ríkissjóður verulega því nafnvaxtatekjur hækka verulega og um leið fjármagnstekjuskatturinn.

**Vefþjóðviljinn af andriki.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Skerðing ekki afnumin fyrr en 1. janúar 2010!

UMRÆÐAN
ELDRI BORGARAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara er mikið talað um alls konar umbætur einhvern tímann í framtíðinni. Þetta á við afnám ýmissa skerðinga og umbætur í vistunarmálum aldraðra.

**Er verið að blekkja eldri borgara?**

Það glaðnaði yfir mörgum, þegar þeir heyrðu að afnema ætti skerðingu á lífeyri almannatrygginga vegna tekna úr lífeyrissjóði. En sú gleði stóð ekki lengi. Við athugun kom í ljós,að þessi breyting átti ekki að taka gildi fyrr en 1.janúar 2010. En þetta var birt í yfirlýsingunni eins og þetta væri á næsta leiti. Hvers vegna var það gert? Var vísvitandi verið að blekkja lífeyrisþega? Það er engu líkara en svo hafi verið. Og hið sama er að segja um afnám ýmissa annarra skerðinga og aðgerðir í vistunarmálum aldraðra. Þetta á fyrst og fremst að gerast í framtíðinni og því er alger óvissa um framkvæmdina. Hún er háð fjárveitingum alþingis og þeirra sem stjórna í framtíðinni.

**Engin skerðing á hinum Norðurlöndunum**

Á hinum Norðurlöndunum er ellilífeyrir ekki skertur vegna tekna úr lífeyrissjóði. Eldri borgarar halda óskertum lífeyri frá almannatryggingum þó þeir hafi góðan lífeyrir frá lífeyrissjóði. Enda er það eðlilegt. Lífeyrissjóðirnir eru eign þeirra,sem greitt hafa í lífeyrissjóðina á starfsævi sinni. Lífeyririnn er nokkurns konar sparnaður, sem menn taka síðan út þegar þeir eldast. Það er fráleitt að hegna mönnum fyrir þann sparnað með því að skerða bætur Tryggingastofnunar vegna hans. Og það er einnig fráleitt að skattleggja lífeyri úr lífeyrissjóði jafnhátt og atvinnutekjur þ.e. með 37% skatti. Það ætti í mesta lagi að leggja 10% skatt á lífeyrinn en helst ætti hann að vera skattfrjáls.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# OPNUM

## NÝJAN SKODA-SAL Á LAUGAVEGI 172

Skoda nýtur sívaxandi vinsælda meðal íslenskra bíleigenda, enda einhver hagstæðustu bílakaup sem í boði eru. Þess vegna opnum við nú nýjan og glæsilegan sýningarsal fyrir **Skoda á Laugavegi 172.**




Aukabúnaður á mynd: álfelgur

## Opnunartilboð



**6 stk. Skoda** Octavia 2,0 FSI

150 hestöfl beinskiptur, skriðstillir, ESP stöðugleikastýring, aksturstölva, loftkæling, hiti í sætum, þokuljós í framstuðara, 6 loftpúðar og fleira.

Aðeins **2.190.000 kr.**
Verð áður **2.370.000 kr.**



**4 stk. Skoda** Octavia Combi

102 hestöfl beinskiptur, skriðstillir, ESP stöðugleikastýring, aksturstölva, loftkæling, hiti í sætum, þokuljós í framstuðara, 6 loftpúðar og fleira.

Aðeins **1.990.000 kr.**
Verð áður **2.190.000 kr.**



**5 stk. Skoda** FABIA Terno

Rafdrifin sóllúga, 14" álfelgur, aksturstölva, fjarstýrðar samlæsingar, leðurklætt stýri, þokuljós og upphitaðir hliðarspeglar.

Aðeins **1.390.000 kr.**
Verð áður **1.560.000 kr.**

**Tilboðin gilda aðeins í dag, laugardag**

SIMPLY CLEVER



# OPNUNARHÁTÍÐIN VERÐUR Í DAG
## LAUGARDAG KL. 11–16. ALLIR VELKOMNIR.



Forsýning á nýjum Skoda – **Skoda Roomster.**
Kynnum einnig **Octavia RS, 200 hestöfl.**
Grillaðar pylsur, gos, íspinnar og blöðrur fyrir börnin.

**Taktu forskot á Menningarnótt og líttu inn í Skoda-salinn.**

HEKLA

HEKLA, Laugavegi 172 - 174 • Sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA-6936

# Kæfubelgur eða „smoothie“?

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá útsölum, blóðtökum, mannúðarmálum, heilsufari katta, nýstárlegri útfararþjónustu og hagsýnum drykkjuvenjum. Einnig er fjallað um grundvallarspurningar eins og tilganginn í lífinu og hvort Framsóknarflokkurinn sé kæfubelgur eða „smoothie“.*

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar

**LAUGARDAGUR, 12. ÁGÚST**

## Útsala, útsala!

Fórum á útsölulok í Kringlunni. Því miður fann ég engar glæsiflíkur að spóka mig í en við keyptum föt á krakkana.

Ég er alveg hættur að voga mér inn í eina af mínum uppáhaldsfataverslunum. Þar starfar ofvirkur sölumaður sem ræðst að mér um leið og ég birtist í dyrunum og byrjar að djöflast í mér, tínir fram flíkur sem ég hef engan áhuga á og rausar um verð og gæði.

Maðurinn fattar greinilega ekki að ég er þverhaus. Ef einhver heldur því fram að ég verði að gera eitthvað er alveg pottþétt að ég geri það ekki, hversu mikið sem mig kann að langa til þess.

Fórum út að borða í kvöld, Austur Indíafjelagið á Hverfisgötu 56. Frábær staður.

**SUNNUDAGUR, 13. ÁGÚST**

## Hressandi blóðtökur

Fór niður á Ingólfstorg að heilsa upp á þrjá vaska drengi Guðjón, Dagbjart og Gísla sem tóku sig til og hjóluðu kringum landið í fjáröflunarskyni fyrir barnaþorpið sem Spes rekur í Tógó. Þar hitti ég líka gamla góða Villa sem nú er orðinn borgarstjóri í Reykjavík. Hann kom færandi hendi sem og Guðlaugur frá Orkuveitunni.

Mikið vildi ég að einhver álpaðist til að fela mér að stjórna einhverju risafyrirtæki, ég mundi svo sannarlega tappa rösklega af því til mannúðarmála. Það er fátt eins hressandi og blóðtökur fyrir fólk og fyrirtæki. Það vita allir góðir forstjórar og tappa þess vegna óspart af fyrirtækjunum – í eigin vasa.

En alveg er það merkilegt að ungir strákar skuli taka það upp hjá sjálfum sér að hjóla hringinn í kringum landið í mótvindi og rigningu til styrktar fátækum börnum í landi sem þeir hafa aldrei komið til. Svona ungmenni eru dáldið spes. Greinilega mannsefni.



**MÁNUDAGUR, 14. ÁGÚST**

## Sjúkrasaga dýra

Loksins komum við því í verk að fara til Dagfinns dýralæknis með kettina okkar. Aladín vegna eyrnameiðsla sem hann varð fyrir í nætturlífinu og Alíbaba vegna ormahreinsunar og almenns eftirlits, þeir eru 12 og 14 ára feðgarnir, farnir að reskjast.

Faðirinn Aladín er reyndar snöggt um hressari en sonurinn og ákaflega skemmtanasjúkur og reynir að laumast út á kvöldin. Fyrir nokkru kom hann heim alblóðugur með annað eyrað lafandi. Ég reyndi að sótthreinsa sárið og vonaði að það mundi gróa. En það hefst illa við.

Alíbaba er hins vegar varfærinn og forðast meira að segja börn eins og pestina; þrátt fyrir varkárnina lenti hann þó í umferðarslysi fyrir nokkrum árum og þar fuku nokkur líf af þessum níu. Hann fótbrotnaði og var settur í gifs sem hann nagaði síðan af sér um leið og hann kom heim af spítalanum.

Hjá dýralækninum var þykkildi skorið úr eyranu á Aladín og sárið saumað saman. Hann bar sig nokkuð vel en sendi mér ásakandi augnaráð, hélt greinilega að dýralæknirinn væri böðull sem ég hefði leigt til að pína hann mér til skemmtunar.

Alíbaba fékk ormahreinsun og gigtarmeðal því að okkur sýnist hann vera nokkuð hrumur í göngulagi, en mér sýndist hann ekki þurfa á gigtarlyfjum að halda þegar ég reyndi að handsama hann til að troða í hann pillunni við heimkomuna.

Hjá dýralækninum sá ég að auglýstar voru líkkistur handa gæludýrum. Nú ætti einhver framsýnn aðili að setja upp útfararstofu og bjóða upp á alvöru jarðarfarir með tónlist, minningarræðu og góðri erfidrykkju.

Ég er feginn að sjá það í fréttum að löggan segir að drykkjuskapur tengist ekki frekar miðborginni en öðrum hverfum. Það hefur stórlega dregið úr því að fólk flykkist í miðborgina til að drekka frá sér ráð og rænu enda er bæði fyrirhafnarminna og ódýrara að gera það heima hjá sér.

**ÞRIÐJUDAGUR, 15. ÁGÚST**

## Kæfubelgur eða „smoothie“?

Það er líf og fjör núna hjá Framsóknarflokknum, margir frambjóðendur í hvert embætti. Svona á þetta að vera.

Í fyrstunni var ég hræddur um að þetta yrði eins og þegar gömlu Sovétríkin voru að líðast sundur, þá var stillt upp þeim forngripum sem lifað höfðu af flestar hreinsanir og þeir svo sjálfkjörnir með 101% atkvæða. Það var ekki lífvænlegt fyrirkomulag. En núna er sem sagt fjör í Framsókn, margir góðir frambjóðendur og úr nógu að velja eins og á velheppnaðri búnaðarsýningu.



Nú er það spurning hvort Framsóknarflokkurinn er kæfubelgur eða „smoothie“.

**MIÐVIKUDAGUR, 16. ÁGÚST**

## Biksvartur dagur

Yfirleitt finnst mér tíminn undrafljótur að líða. En stundum koma dagar sem mér finnast óyfirstíganlegir strax á morgnana, dagar sem aldrei ætla að taka enda. Slíkur dagur var dagurinn í dag. Án nokkurrar sýnilegrar ástæðu.

Á svona degi er það mikið lán fyrir þjóðina að ég skuli ekki vera í ábyrgðarhlutverki. Mér er sama um allt, finnst allt innantómt og fánýtt. Ef ég væri seðlabankastjóri myndi ég fella niður alla vexti næsta árið og panta bílfarm af fimmþúsund köllum handa hverjum landsmanna. Svo mundi ég taka símann úr sambandi.

Ég hef heyrt fólk tala um að það sé blúsað, undirlagt af einhverri blámatilfinningu. Mín tilfinning er ekki blá, hún er kolbikasvört.

Engin tónlist getur lýst þessari tilfinningu, allrasíst jazz; næst væri sennilega hægt að komast með því að spila Sögusinfóníu Jóns Leifs á gamlan grammifón við undirleik breima katta og blikksmiðju.

En svo hljóðnar skarkalinn í höfðinu á mér og biksvartur dagurinn breytist í blúsað kvöld og mér finnst ég sjá grilla í nýjan og glaðan morgun gegnum kristalstært myrkur sumarnæturinnar.

Nýr morgunn sem lofar nýjum og betri degi.

**FIMMTUDAGUR, 17. ÁGÚST**

## Skáldið frá Krít

Það fór eins og mig grunaði. Dagurinn í dag var skárri en



dagurinn í gær, enda gat varla annað verið. Svona svartnætti hvolfist yfir mig alltaf annað veifið og þá get ég lítið annað gert en halda áfram að bryðja lyfin mín og vona að upp birti um síðir.

Mér til hugarhægðar er ég að lesa ævisögu Krítverjans mikla, Nikos Kazantzakis, þess sem frægastur er fyrir að hafa skrifað „Grikkinn Zorba“ og „Síðasta freisting Krists“.

Kazantzakis segir þessa sögu:

Ég sagði við möndlutréð: „Segðu mér frá Guði.“

Og möndlutréð blómstraði.

Kazantzakis leitaði að Guði alla ævi sína og fann hann/hana/það að lokum. Guð er alls staðar. Guð er alheimurinn. Guð er allt sem er.

Í ævisögu hans stendur: „Nei, maður sem annaðhvort vonast eftir himnaríki eða óttast helju getur ekki verið frjáls.“

Áður en hann dó samdi Kazantzakis grafskrift handa sjálfum sér. Gröf hans stendur uppi á hinu forna Martinengovirki í Heraklion á eynni Krít.

Grafskriftin er svona:

Ég vænti einskis.
Ég óttast ekkert.
Ég er frjáls.




## Sólarhliðarnar á Stígamótum
## Á menningarnótt 19. ágúst kl. 17-22

Menningardagskrá Stígamóta verður kærkomin tilbreyting frá hefðbundinni starfsemi í húsinu. Áherslan verður á sólarhliðarnar í samskiptum fólks og allt tal um ofbeldi og svik sem þrífast í skugga samfélagsins verður lagt til hliðar. Gestum og gangandi verður boðið að flytja í stuttu máli uppáhaldstextana sína, syngja eða segja frá eigin reynslu af hlýju, ást, samkennd, kynlífi, fyndni eða vináttu eða bara koma og njóta samverunnar.

Dagskrá:



| | |
|---|---|
| Kl. 17.00 | Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri<br>Rósa Ólöf Svavarsdóttir skáldkona<br>Karla Dögg Karlsdóttir frá Stígamótum<br>Anandi Marke jógakennari syngur |
| Kl. 17.30 | Orðið er laust |
| Kl. 18.00 | Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra<br>Halldóra Halldórsdóttir frá Stígamótum<br>Guðrún Ásmundsdóttir leikkona<br>Anna Scalk Sóleyjardóttir 6 ára |
| Kl. 18.30 | Orðið er laust |
| Kl. 19.00 | Kolbrún Halldórsdóttir alþingiskona<br>Alma Ágústsdóttir 11 ára<br>Thelma Ásdísardóttir frá Stígamótum<br>Ásta S. Ólafsdóttir leikkona |
| Kl. 19.30 | Orðið er laust |
| Kl. 20.00 | Þórunn Valdimarsdóttir, Didda skáldkona og Lilja Valdimarsdóttir<br>Erla Karlsdóttir<br>Kolbrún Erna Pétursdóttir leikkona |
| Kl. 20.30 | Orðið er laust |
| Kl. 21.00 | Erna Ragnarsdóttir, Hrólfur Gestsson og Eva María Hrólfsdóttir<br>Björg G. Gísladóttir frá Stígamótum<br>Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona |
| Kl. 21.30 | Orðið er laust |

Boðið verður upp á svalandi drykki og ávexti.
Verið öll hjartanlega velkomin
Stígamót við Hlemmtorg, Laugarvegi 115




HÉR & NÚ / SÍA

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

BILL CLINTON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1946.



*„Við getum ekki byggt upp okkar framtíð án þess að hjálpa öðrum við að byggja upp sína eigin.“*

*Bill Clinton var forseti Bandaríkjanna á árunum 1993-2001.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 19. ÁGÚST 1991

## *Mikhail Gorbachev hrakinn frá völdum*



Mikhail Sergeyevich Gorbachev fæddist í Rússlandi árið 1931. Hann gekk til liðs við ungliðahreyfingu kommúnistaflokksins þegar hann var fimmtán ára og stjórnaði samyrkjubúi í Stavropol í fjögur ár. Frami Gorbachevs reis hratt innan flokksins og árið 1978 varð hann landbúnaðarráðherra og tveim árum síðar meðlimur í Politburo sem var framkvæmdastjórn kommúnistaflokksins. Á meðan á stuttri valdatíð Yurys Andropov sem aðalritara kommúnistaflokksins stóð, á árunum 1982 til 1984, tókst Gorbachev að verða einn æðsti maður Politburo. Við dauða Konstantin Chernenko, eftirmanns Andropov, kaus Politburo Gorbachev sem aðalritara flokksins árið 1985.

Fyrsta verk Gorbachevs var að koma efnahag landsins á réttan kjöl með því að auka framleiðni og tæknivæða landið. Aðgerðirnar skiluðu þó litlum árangri og Gorbachev sá að hann þyrfti að gera róttækari breytingar. Hann kom á auknu frelsi innan Sovétríkjanna, frelsi fjölmiðla var aukið, hann kom á takmörkuðum markaðsbúskap, friðmæltist við Vesturveldin og kom á auknu lýðræði. Hann dró úr valdi Sovétríkjanna yfir löndum sem tilheyrðu þeim og samþykkti meðal annars sameiningu Vestur- og Austur-Þýskalands.

Aðgerðir Gorbachevs nutu lítilla vinsælda kommúnistaflokksins og þann nítjánda ágúst rændu harðlínumenn Gorbachev og fjölskyldu hans og höfðu þau í haldi í þrjá daga. Gorbachev hafði í raun engin völd eftir þetta og sagði af sér sem forseti Sovétríkjanna á jóladag árið 1991 og í kjölfarið liðu þau undir lok.

## MERKISATBURÐIR

**1274** Edward I er krýndur konungur Englands í Westminster.
**1458** Enea Silvio Piccolomini er kjörinn páfi og fékk nafnið Píus II.
**1871** Hið íslenska þjóðvinafélag er stofnað af alþingismönnum.
**1919** Afganistan fær sjálfstæði frá Bretlandi.
**1960** Bandaríkjamaðurinn Francis Gary Powers er dæmdur til tíu ára fangelsisvistar af sovéska herdómstólnum.
**1990** Leonard Bernstein stjórnar sínum síðustu tónleikum.
**1993** Íslenskir togarar hefja veiðar í Smugunni í Barentshafi en veiðisvæðið er fyrir utan tvö hundruð mílna landhelgi landsins.

## AFMÆLI



**Erlingur Þorsteinsson, háls-, nef- og eyrnalæknir** er 95 ára, hann verður að heiman.



**Kristinn H. Gunnarsson** er 54 ára.



**Telma Tómasson** er 44 ára.

## ÚTFARIR

**11.00 Sigurjón Arnar Tómasson**, bifvélavirkjameistari, Brekastíg 22, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju.
**13.00 Bóas Guðmundur Sigurðsson**, Bleiksárhlíð 10, Eskifirði, verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju.
**13.00 Skafti Kristján Atlason** verður jarðsunginn frá Fáskrúðsfjarðarkirkju.
**14.00 Ingiríður Árnadóttir**, frá Bakka, Kópaskeri, verður jarðsungin frá Snartarstaðakirkju.
**14.00 Óli Kristinsson**, fyrrverandi kaupmaður á Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.
**14.00 Sveinbjörn Stefán Sveinbjörnsson**, Vitastíg 14, Bolungarvík, verður jarðsunginn frá Hólskirkju, Bolungarvík.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.








**ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON LEIKARI** Fannst skelfilegt að verða þrítugur en var í sjöunda himni á fertugsafmælinu og segist oft vera eldri en hann í raun er. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON LEIKARI: 55 ÁRA

# Lýgur til um aldur

„Ég hef verið mikið að vinna með Vesturporti, búinn að vera með þeim í allt sumar, við vorum að leika í Rómeó og Júlíu og Woyzeck bæði í Þýskalandi, Póllandi og London,“ segir Árni Pétur Guðjónsson leikari sem fagnar fimmtíu og fimm ára afmæli sínu í dag.

„Ég tók mér smá frí á milli og gekk Camino, það er til Santiago de Compostela, pílagrímaleiðina, þetta var algjört æði, ég labbaði fjögur hundruð kílómetra á sautján dögum, mjög gott einmitt þegar menn standa á tímamótum,“ segir Árni og bætir við að þetta hafi verið eitt besta frí sem hann hafi upplifað. „Maður labbar svona tuttugu og fimm kílómetra á dag og gistir í klaustrum og svefnskálum,“ segir Árni, sem fór einn í ferðalagið.

„Maður fer þessa leið að einhverju leyti af því að maður ætlar sér að fá eitthvað út úr því og breyta einhverju í lífi sínu eða upplifa tilgang lífsins en svo eftir svona viku þá hættir þetta allt að skipta máli og ég komst bara í samband við sjálfan mig, ástandið var bara stórfínt eins og það var, það þyrfti ekkert að breytast,“ segir Árni. „Dóttir mín hafði farið þarna fyrir nokkrum árum og ýtti mér út í þetta. Ég átti náttúrulega frí á milli Þýskalands og London og ég er búinn að fara svo oft á sólarströnd og liggja þar til einskis að ég ákvað að gera þetta í staðinn“.

„Ég er núna að byrja að æfa leikrit með Sigrúnu Sól sem heitir Hestar og Chekov og verður frumsýnt í október í reiðhöllinni Gusti,“ segir Árni. Í nóvember fer Árni síðan aftur út með Vesturporti þar sem sýningar verða í Þýskalandi og Noregi. Í haust geta Íslendingar síðan séð Árna sem Ríkislögreglustjóra Íslands í danska þættinum Erninum sem hefur notið mikilla vinsælda hér á landi.

„Ég er nú vanur að labba alltaf Esjuna nálægt þessu tímabili til þess að sanna að ég sé ekki alveg dauður. Ég tók nú mjög langan tíu tíma göngutúr á Hengilssvæðinu í gærdag (fimmtudag), ég villtist á Hengilssvæðinu þannig að þetta varð tíu tíma ferð,“ segir Árni.

„Ég man að þegar ég varð fertugur ætlaði ég ekkert að halda upp á það, þá var ég með nokkrum leikurum í Finnlandi og allt í einu steyptist yfir mig fögnuður og ég tilkynnti auðvitað öllum að ég væri orðinn fertugur og sérstaklega þar sem við vorum í fríhöfninni í Stokkhólmi og ég svona benti á hvaða vörur væri á tilboði í fríhöfninni svo fólk hefði nú tíma til að kaupa handa mér,“ segir Árni. „Mér finnst voða gaman að halda upp á afmælið mitt og einhverra hluta vegna, því eldri sem ég er, því montnari verð ég, ég er farinn að ljúga til aldurs, þykjast vera eldri en ég er,“ segir Árni og minnist óttans sem greip hann þegar hann varð þrítugur.

gudrun@frettabladid.is

# Afturelding vinsæl í Þýskalandi

Stærsti bókaklúbbur Þýskalands ákvað á dögunum að gefa út Afturelding eftir glæpasagnahöfundinn Viktor Arnar Ingólfsson. Bókin kom út hérna heima um síðustu jól en hefur nýlega verið gefin út í Þýskalandi. Þetta er önnur bók Viktors sem bókaklúbburinn gefur út en sú fyrri var Flateyjargáta.

Rakel Pálsdóttir, kynningarstjóri Eddu-útgáfu, segir að bókaklúbburinn sé einn sá stærsti í Þýskalandi og að þetta þýði mikla dreifingu fyrir bókina ytra. Rakel segir að bækur Viktors, sérstaklega Engin spor og Flateyjargáta, séu mjög sögulegar og að Þjóðverjar séu mjög hrifnir af sögulegum glæpasögum. Hún segir að í Afturelding kveði við nokkuð nýjan tón þar sem um er að ræða hreinræktaðan krimma, en sögur Viktors gerast allar í íslensku umhverfi.

Auk þessara þriggja hefur Viktor gefið út tvær aðrar bækur, Dauðasök sem var gefin út árið 1978 og Heitur snjór sem kom út árið 1982.



**VIKTOR ARNAR** Glæpasögur hans njóta velgengni í Þýskalandi þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Tilboðin gilda í ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

ICELANDAIR FRÉTTABLAÐIÐ marathon.is POWERADE

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST

# ALLIR SIGRA!

**Reykjavíkurmaraþon Glitnis er hátíð fyrir alla fjölskylduna. Dagskráin er við allra hæfi og stendur frá morgni til kvölds. Hátíðinni lýkur með hljómsveitamaraþoni ungs tónlistarfólks í Lækjargötu.**

Við skorum á fólk að hvetja hlaupara með söng og hljóðfæraleik á hlaupaleiðum.

Nánari upplýsingar er að finna á www.glitnir.is.



MENNINGARNÓTT HEFST KL. 11.00 LAUGARDAGINN 19. ÁGÚST
HJÁ GLITNI Í LÆKJARGÖTU

# DAGSKRÁ 19. ÁGÚST

**LAUGARDAGUR 19. ÁGÚST**

08.00 Ræsing fyrir þá sem áætla hlaupatíma 5–7 klst.

**AÐALRÆSING**

09.00 **MARAÞON** – ræsing
09.40 **10 KM** – ræsing
10.05 **HÁLFMARAÞON** – ræsing
10.45 Upphitun fyrir skemmtiskokk, – Dísa í World Class og Georg sparibaukur



11.00 **3 KM SKEMMTISKOKK** – ræsing Borgarstjóri ræsir hlaupið sem markar upphaf Menningarnætur

11.30 Hljómsveitin Í svörtum fötum
12.00 Skólahljómsveit Kópavogs
12.20 Georg sparibaukur
12.30 Karlakórinn Fóstbræður
13.00 Hljómsveitin Í svörtum fötum
13.45 Upphitun fyrir **LATABÆJARMARAÞON** – Íþróttaálfurinn hitar þátttakendur upp

14.15 **LATABÆJARMARAÞON**, 1,5 km, hefst
15.00 Tímatöku hætt í 10, 21 og 42 km
15.00 Danssýning – Dansdeild ÍR

15.15 **HLJÓMSVEITAMARAÞON**
Ungt og efnilegt tónlistarfólk stígur á svið í Lækjargötu milli kl. 15.15 og 19.30 þegar hljómsveitin Í svörtum fötum hnýtir endahnútinn á dagskrána.

- **Nanna Bryndís Hilmarsdóttir**
- **Klístur**
- **Kenya Nemor**
- **Sudden Weather Change**
- **Grasrætur**
- **Ramses**
- **My Summer as a Salvation Soilder**
- **Telepathetics**
- **Mammút**
- **Bermuda**

19.30 **Hljómsveitin Í svörtum fötum**

20.30 **DAGSKRÁRLOK**

**MARAÞONHÁTÍÐ VIÐ KIRKJUSAND**

Andlitsmálning og blöðrutrúðar.
Boðið verður upp á ávexti, ís og kaffi.

09.30 Dagskrá hefst með tónlist
09.45 Georg sparibaukur skemmtir og heilsar upp á börnin

10.00 Karlakórinn Fóstbræður
10.30 Skólahljómsveit Kópavogs
11.00 Danssýning – Dansdeild ÍR
11.20 Skólahljómsveit Kópavogs
12.30 Dagskrárlok

**MARAÞONHÁTÍÐ VIÐ EIÐISTORG**

Andlitsmálning og blöðrutrúðar.
Boðið verður upp á ávexti, ís og kaffi.

08.30 Dagskrá hefst með tónlist
09.00 Georg sparibaukur skemmtir og heilsar upp á börnin

09.30 Danssýning – Dansdeild ÍR
10.00 Lúðrasveit Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi
11.00 Karlakórinn Fóstbræður
12.00 Lúðrasveit Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi
12.30 Dagskrárlok





GLITNIR

# Hugsjónabóndinn á Vaði

Ferðamenn sem gengið hafa um Kárahnjúkasvæðið í sumar hafa margir hverjir fengið sér salibunu með haganlega byggðum kláf á ármótum Kringilsár og Jöklu. Heiðurinn að kláfnum á **Guðmundur Ármannson,** bóndi á Vaði í Skriðdal, sem í mörg ár hefur verið ötull talsmaður fyrir verndun hálendis Austurlands. ***Snæfríður Ingadóttir*** sótti hugsjónabóndann heim sem trúir vart að þessi mesta vitleysa Íslandssögunnar sé að verða að veruleika.

Umferð ferðamanna um Kárahnjúkasvæðið hefur aldrei verið meiri en í sumar enda er nú síðasta tækifærið til að skoða það landsvæði sem brátt fer undir Hálslón. Kláfurinn á ármótum Kringilsár og Jöklu hefur átt sinn þátt í því að létta aðgengi um svæðið en með honum kemst fólk auðveldlega yfir á Kringilsárrana sem er griðland hreindýra og gæsa. „Ég setti kláfinn upp fyrir málstaðinn, svo fleiri gætu skoðað þetta land," segir Guðmundur hæverskur þegar hann er spurður út í tilurð kláfsins, en mörgum hefur fundist óskiljanlegt að einhver leggi slíka sjálfboðavinnu á sig vitandi að kláfurinn muni fljótlega fara undir vatn. Guðmundur segir að hugmyndin hafi komið upp fyrir nokkrum árum innan félags um verndun hálendis Austurlands. Það hafi síðan lent á honum að koma hugmyndinni í framkvæmd síðasta sumar með ómetanlegri hjálp vina og kunningja. Heimildir segja að þarna hafi áður verið ferjustæði en engar minjar sjást þó um það. „Ég verð að fara að líta á kláfinn og athuga hvort allt sé ekki í lagi. Maður þorir ekki annað, það er búin vera svo mikil traffík þarna um í sumar," segir Guðmundur.

### Margir kjósa að þegja

Það er í túnfætinum á Vaði í Skriðdal sem rætur Guðmundar liggja. Bærinn hefur verið í eigu sömu ættarinnar í margar kynslóðir og nú er það Guðmundur og eiginkona hans Gréta Ósk Sigurðardóttir sem ráða þar ríkjum. Bóndinn tekur á móti gestum með bláberjum og rjóma beint úr kúnum og umræðuefni dagsins er framkvæmdirnar á Kárahnjúkum.

„Ég er svo heppinn að starfa við þennan búskap og get því sagt það sem ég vil en ég veit dæmi þess að menn hafa nánast lent í einelti á vinnustöðum þar sem þeir hafa viðrað skoðanir sínar og sagst vera á móti virkjun. Það eru því margir á móti þessari framkvæmd þótt þeir þegi," segir Guðmundur sem er titlaður formaður Félags um verndun hálendis Austurlands. „Þetta var nokkuð stórt félag á sínum tíma en það hefur ekki nýlega verið tekið félagatal enda hafa hlutirnir breyst hratt og sennilega er sumt af þessu fólki sem var í félaginu búið að snúast í hina áttina, maður veit um slík dæmi." En Guðmundur hefur ekki skipt um skoðun og hann skammast sín heldur ekki fyrir skoðanir sínar. „Ég skammast mín ekki fyrir það að halda uppi vörnum fyrir mína ættjörð."

### Dæmt til að mistakast

Guðmundur hefur frá upphafi fylgst náið með framkvæmdunum á Kárahnjúkum og reynt að hafa sín áhrif á þær, meðal annars með því að skrifa bréf til ráðamanna þjóðarinnar, en fæstum þeirra hefur verið svarað. Í fyrrasumar hýstu þau hjónin svo mótmælendur sem reknir voru af Kárahnjúkum og voru þá töluvert í fjölmiðlum. „Rökin hafa verið sú að það sé allt í lagi að sökkva þessu landi af því enginn þekkir það. En það er eins og að segja að það sé í lagi að drepa mann svo lengi sem þú þekkir hann ekki," segir Guðmundur, sem nefnir aðallega þrenn rök gegn framkvæmdunum.



FRÁBÆR FERÐAMÁTI Margir ferðamenn hafa nýtt sér kláfinn, sem Guðmundur setti upp með hjálp góðra manna, til að komast yfir í Kringilsárrana í sumar og þannig njóta betur þess landsvæðis sem brátt fer undir vatn.



BÓNDINN „Ég skammast mín ekki fyrir það að halda uppi vörnum fyrir mína ættjörð," segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ég hef alltaf sagt að þessi virkjun sé fyrirfram dæmd til þess að mistakast á þennan hátt, efnahaglega, félagslega og umhverfislega, en mér datt í sjálfu sér aldrei í hug að hún gæti verið svona mikið vandamál tæknilega séð og núna er það kannski að verða alvarlegasti þátturinn í þessu öllu."

Guðmundur segir það dapurlegt að ekki sé nema hálf öld síðan Íslendingar voru í stríði við að ná yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni en nú séu íslensk stjórnvöld hreinlega að gefa frá sér auðlindirnar. „Íslendingar eru orðnir að annars flokks þegnum í eigin landi hvað varðar raforkuverð því hér kemur erlendur aðili sem fær að kaupa orkuna á mun lægra verði en við sjálf, fær þar að auki skattafslátt og í ofanálag er landið sem er fórnað einskis metið. Sú þjóð sem afhendir auðlindir sínar á niðursettu verði heldur ekkert uppi lífskjörum sínum til lengdar. Efnahagslega mun þetta aldrei ganga upp og þjóðin mun borga með þessari framkvæmd. Það er reyndar sagt að engin virkjun sé svo vitlaus að hún borgi sig ekki einhvern tímann en ef eitthvað fer úrskeiðis þarna þá er virkjunin hreinlega stopp. Og eins og þessi framkvæmd hefur verið hönnuð þá má alveg búast við því að eitthvað fari úrskeiðis. Framkvæmdin hefur í raun verið hönnuð frá degi til dags, það eru alltaf að koma upp nýjar og nýjar aðstæður og þá er bara hannað áfram út frá því. Það er þveröfugt við alla hagfræði því fyrsta boðorðið í hagfræði er það að það sé búið að ganga frá öllum málum áður en ráðist er í framkvæmdir. Við sjáum til dæmis bara að samningar við landeigendur eru enn í fullum gangi nú þegar virkjunin er að verða búin. Enginn veit heldur hver endirinn verður með reikningana frá Impregilo en ég er hræddur um að þeir geti orðið háir því útboðsgögnin sem þeir fengu í hendurnar þegar þeir byrjuðu á þessu verki hafa engan veginn staðist. Þannig að við gætum þurft að punga út einhverjum aurum þar," segir Guðmundur.

Talið berst að umhverfislega þættinum á framkvæmdinni.

„Það er vitað að það verður leirfok og það þarf ekki að hreyfa mikinn vind til þess að það blási og það er ávísun á gróðureyðingu því sandurinn kæfir allan gróður. Það veit enginn hvaða áhrif þetta hefur á Lagarfljót. Það verður sjálfsagt reynslan að skera úr um og svo með ströndina því sjórinn sækir á þegar framburðurinn heldur ekki á móti. Nú fyrir utan bæði efnahagslega og umhverfislega þáttinn þá má ekki heldur gleyma félagslega þættinum á þessari framkvæmd en sá þáttur varð þess meðal annast valdandi að Norsk Hydro hætti við en þeir töldu þetta allt of stóra framkvæmd fyrir svona fámennt byggðarlag. En þeirra framkvæmd var nú samt miklu minni heldur en sú sem nú er í gangi."

*„Rökin hafa verið sú að það sé allt í lagi að sökkva þessu landi af því enginn þekkir það. En það er eins og að segja að það sé í lagi að drepa mann svo lengi sem þú þekkir hann ekki."*



**Margfaldur ferðamannastraumur**

Hleypa á vatni á lónið í haust, en hefur Guðmundur einhverja trú á að hætt verði við?

„Ég veit það ekki. Þeir sem standa fyrir þessu hafa í sjálfu sér engan kost annan en að halda áfram, það liggur nú alveg fyrir. En þetta er klárlega mesta vitleysa Íslandssögunnar og þjóðin græðir mest á því að hætta við núna. Sennilega myndi það líka bara margfalda ferðamannastraum um svæðið. Ferðamenn gætu komið og skoðað hvernig Íslendingar ætluðu að standa að mestu þjóðarskömm landsins,“ segir Guðmundur og bætir við hlæjandi að réttast væri að hafa þá ráðamenn sem stóðu fyrir þessu í glerbúrum til sýnis yfir háannaferðamannatímann.

Sumri er tekið að halla og það fer hver að verða síðastur að skoða landsvæðið sem brátt fer undir vatn. Dagar kláfsins hans Guðmundar verða líka fljótlega taldir en gestabókin sem geymd er við ferjustæðið vitnar um þakklæti og ánægju þeirra sem tekið hafa sér far með kláfnum í sumar. Bókin er full af nöfnum, bæði innlendra og erlendra ferðalanga, sem skoðað hafa Kringilsárrana og notið náttúru svæðisins í síðasta sinn. ■



**HJÓNIN** Wladimir og Olga er mjög samhent hjón enda eiga þau útgáfufyrirtæki samanog troða upp saman sem plötusnúðateymi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Plötusnúður í plómurækt

„Ég hélt að Ísland væri alveg hræðilegur staður áður en ég kom hingað og það var eiginlega þess vegna sem ég ákvað að koma,“ segir Wladimir Kaminer einn þekktasti plötusnúður og rithöfundur Þýskalands sem staddur er hér á landi í tilefni af útgáfu bókarinnar „Plötusnúður Rauða hersins“. Það er fyrsta bók hans og hefur hún farið sigurför um heiminn. Þótt hann sé Rússi þá skrifar hann á þýsku enda búsettur í Berlín.

Kaminer myndar plötusnúðateymi og útgáfu undir heitinu Russendisko ásamt eiginkonu sinni Olgu. Þau er mjög þekkt í Þýskalandi og uppbókuð nánast allar helgar enda margir í Þýskalandi sem vilja dansa við þarlenda danstónlist. „Við hjónin vinnum vel saman og ólíkt öðrum venjulegum fjölskyldum í Berlín þá greinum við ekki á milli einkalífs og vinnu. Við eigum tvö börn og þau ferðast oft með okkur sama hvort við erum að fara til Ibiza eða Kákasus,“ segir Kaminer aðspurður hvernig sé að vinna svona náið með konunni sinni.

Kaminer hefur ávallt verið mikill tónlistarunnandi og spilar hann bara rússneska og austurevrópska danstónlist á frægum danskvöldum sínum. Honum fannst leiðinlegt hversu lítið var til af rússneskri samtímatónlist. „Ég þoldi ekki hve margir voru alltaf að fara á diskótek til að hlusta á teknó og ameríska tónlist. Því hófst ég handa við að sanka að mér danstónlist frá Austur-Evrópu og byrjaði að spila. Fólki fannst þetta mjög nýstárlegt og skrítið á sínum tíma en svo uppgötvaði fólk að stundum er betra að líta sér nær og hlusta á tónlist frá sínum heimahögum.“

Kaminer er þekktur fyrir stórbrotnar uppákomur hvort sem hann sé að spila eða að lesa upp úr verkum sínum. Nýverið gaf hann út kokkabók ásamt Olgu sem innihélt safn af gömlum kommúnistaréttum.

Kaminer og kona hans segjast vera reglufólk og því séu þau búin að endast svona lengi í þessum bransa. „Ég les upp tíu til tólf sinnum í mánuði og biðlistinn hjá umboðsmanni mínum er langur. Ég gæti þannig verið að spila alla daga vikunnar og verið með upplestra allt árið en ég vil frekar hafa meiri tíma með fjölskyldunni minni enda er ég heimakær maður,“ segir Kaminer. Hann dvelur hér fram sunnudag en þá verður hann að drífa sig heim í garðinn sinn að taka upp plómu enda mikill uppskerutími í ágúst.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kaminer kemur hingað til lands en hann kom hingað fyrir þremur árum síðan og ferðaðist um landið í fimm daga ásamt konu sinni. Hann spilaði í gær á Nasa þar sem Íslendingar dönsuðu við gott rússneskt rokk og mun lesa upp úr bók sinni í dag í bókabúð Máls og Menningar á Laugaveginum.



**RÚSSNESSKUR ROKKARI** Wladimir er mikil fjölskyldumaður og segir að það sé lykillinn að því að hann sé ennþá í þessum plötusnúðabransa.


Landsbankinn TM

# Sæktu núna um húsnæði fyrir skólann í haust



Nemendur í stúdenta- og nemendafélögum innan Byggingafélags námsmanna geta sótt um húsnæði á meðan á námi stendur.

**Framundan er úthlutun á nýjum par- og einstaklingsíbúðum að Klausturstíg og Kapellustíg í Grafarholti.**

Sæktu um húsnæði á www.bn.is. Umsóknum er einungis hægt að skila rafrænt á heimasíðu BN. Á heimasíðunni færðu allar nánari upplýsingar um íbúðirnar, úthlutunarreglur og fleira.

Byggingafélag námsmanna

Sími 552 6210, www.bn.is



pipar / SÍA

BÍSN HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Stúdenta- og nemendafélög eftirtalinna skóla eru aðilar að BN: Kennaraháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands, Fjöltækniskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Iðnnemasamband Íslands.

FORMANNSKJÖR Í FRAMSÓKNARFLOKKNUM

# Eins dauði er annars brauð


JÓHANN HAUKSSON


BIRGIR GUÐMUNDSSON

Nýr formaður Framsóknarflokksins verður kjörinn í dag. Valið stendur milli þeirra Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðis- og tryggingaráðherra og Jóns Sigurðssonar iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þó svo að báðir frambjóðendur láti í veðri vaka að allt sé með friði og spekt innan flokksins og litlu máli skipti hvort þeirra sigri, er ljóst að úrslitin munu ráða talsverðu um pólitíska framtíð þeirra beggja og ekki síður margra stuðningsmanna þeirra. *Sigurður Þór Salvarsson* blaðamaður fékk tvo valinkunna fjölmiðlamenn, þá **Birgi Guðmundsson**, lektor við Háskólann á Akureyri, og **Jóhann Hauksson** blaðamann, sem báðir þekkja vel til innviða Framsóknarflokksins, til að velta vöngum yfir áhrifum úrslitanna á hvorn veginn sem fer.

## Ef Siv vinnur styrkist staða þeirra:



**BG: Guðni Ágústsson** mun vafalaust styrkja stöðu sína að því gefnu að hann falli ekki í kosningunni um varaformannsembættið. Guðni hefur verið hálf vængstýfður í samstarfi sínu við Halldór og viljað halda friðinn. Búast má við hann hafi meira svigrúm ef Siv vinnur og hann komi inn sem varaformaður sem stóð af sér áhlaup.

**JH:** Guðni mun styrkjast vegna vinsælda hans á landsbyggðinni, hann stendur fyrir þessi gömlu góðu gildi flokksins. Þannig að það kæmi sér best fyrir hann ef Siv yrði formaður.



**BG: Óskar Bergsson varaborgarfulltrúi** hefur verið stuðningsmaður Sivjar um langt árabil og tekið að sér ýmis trúnaðarstörf fyrir hana svo sem að stýra hálendisnefndinni. Óskar hefur átt erfitt uppdráttar í flokknum vegna beinskeyttrar gagnrýni á forustuna, meðal annars þegar hann telur vegið að Siv.

**JH:** Óskar hefur stutt Siv opinberlega og mun vafalaust njóta þess verði hún kjörin formaður. Samt er ekki víst að hann tapi sérstaklega á því að Jón vinni vegna þess að hann náði sáttum við Björn Inga í vor og þar með Halldórsarminn í flokknum.

**BG: Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra** hefur reyndar verið í „Jónsliðinu“ en er líklegur til að vilja vinna með Siv.

**JH:** Magnús hefur haldið sig nokkuð til hlés í átökum innan flokksins en hefur átt gott samstarf við Siv og mun styðja hana heilshugar.



## Ef Jón vinnur styrkist staða þeirra:



**BG:** Valgerður Sverrisdóttir er einn af helstu stuðningsmönnum Jóns og hún hefur jafnframt verið áhrifamikil enda hefur samstarf hennar og Halldórs Ásgrímssonar verið gott. Verði Jón formaður er ekki við að búast við mikilli breytingu á þessu mynstri og Valgerður mun áfram verða áhrifamikil.

**JH:** Valgerður hefur stutt Halldór og það mun eflaust gagnast henni ef Jón vinnur. En almennt séð verður hún áfram þungavigtarmanneskja í flokknum hvernig sem formannskjörið fer.



**BG: Björn Ingi Hrafnsson** hefur verið áhrifamikill ráðgjafi hjá Halldóri og margir úr gömlu forustusveitinni hafa trú á Birni Inga. Þar sem þetta fólk mun áfram njóta skjóls frá Jóni mun Björn halda áhrifum sínum.

**JH:** Það er engin spurning að það yrði til hagsbóta fyrir Björn Inga ef Jón ynni. Hann er augljóslega í stuðningsmannaliði Jóns enda handgenginn Halldóri Ásgrímssyni til margra ára.

**BG: Halldór Ásgrímsson**. Sumir ganga svo langt að segja að Jón sé beinlínis fulltrúi Halldórs í formannskjöri. Þó það sé ef til vill ofmælt sýnir það hvernig flokksmenn skynja tengslin milli þessara manna. Halldór mun því halda áfram að hafa mikil áhrif þótt hann hætti ef hann á annað borð hefur áhuga á því.

**JH:** Halldór getur haft áhrif á sjálfum landsfundinum en formleg völd hans verða engin að honum loknum. Það er hins vegar líklegra að Jón myndi leita meira til Halldórs eftir ráðgjöf en Siv myndi gera, hún þarf minna á fyrrverandi formanni að halda með alla þá reynslu sem hún hefur að baki.





**BG: Hjálmar Árnason** er líklegur til að halda sínum áhrifum í flokknum í skjóli Jóns. Hjálmar hefur gengið mjög langt í stuðningi sínum við Halldór og stjórnunarstíl hans og tekið að sér að verja hann í óvinsælum málum, svo sem Íraksmálinu. Þess mun hann njóta verði Jón formaður og halda þannig umtalsverðum áhrifum hvort sem hann heldur áfram í pólitík eða ekki.

**JH:** Það væri Hjálmari tvímælalaust ávinningur innan flokksins fari svo að Jón verði formaður.

## ... en staða þeirra veikist:



**BG: Valgerður Sverrsdóttir** mun tapa verulegum áhrifum þótt hún verði áfram áhrifamikill forustumaður. Hún og Siv hafa eldað saman grátt silfur þó það hafi verið kurteisislegt á yfirborðinu. Valgerður hefur staðið þétt með Halldóri alla tíð, líka í að halda Siv niðri og frá áhrifum. Gæti þýtt að Valgerður drægi sig í hlé fyrir þarnæstu kosningar.

**JH:** Valgerður mun að mestu halda sínum völdum og áhrifum þó svo að hún tilheyri Halldórsarminum og Siv mun tæpast gera atlögu að henni þó hún verði formaður. Það væri ekki skynsamlegt af henni og Valgerður nýtur reynslunnar og mun eflaust gera kröfu um ráðherradóm eftir kosningar verði flokkurinn þátttakandi í ríkisstjórnarsamstarfi.

**BG: Dagný Jónsdóttir** hefur með afgerandi hætti verið í herbúðum Halldórs og Árna Magnússonar á sínum tíma og vann sem slík gegn Siv. Það gæti orðið til þess að Dagný hætti í pólitík fyrir næstu kosningar.



**JH:** Dagný er vissulega Jónsmegin en hún kemur tæpast til með að gjalda þess þó Siv vinni. Siv hefur engan hag af því að leggja til atlögu við þá Austfirðinga sem styðja Dagnýju.



**BG: Hjálmar Árnason** hefur nartað í hæla Sivjar árum saman í Reykjaneskjördæmi. Hann myndi ekki missa öll áhrif en fjarlægjast þau talsvert.

**JH:** Hjálmar hefur klárlega verið Halldórsmaður og er Jóns maður þannig að það er ekki víst að hann eigi upp á pallborðið ef Siv vinnur. Hann hefur ekki þess tekist á við Siv um forystuhlutverkið í gamla Reykjaneskjördæminu.



**BG: Páll Magnússon,** fyrrum aðstoðarmaður Valgerðar, mun missa einhver áhrif þó það verði í minna mæli en búast hefði mátt við þar sem hann hefur skipt um vettvang og virðist ekki eins áhugasamur um að hafa áhrif sjálfur.

**JH:** Páll studdi Siv á sínum tíma en lenti svo upp á kant við hana í átökunum um kvenfélögin í Kópavogi og hún kann honum eflaust litlar þakkir fyrir það.

## ... en staða þeirra veikist:

**BG: Kristinn H. Gunnarsson** hefur verið umdeildur í flokknum eins og alkunna er og ekki átt upp á pallborðið hjá forustunni. Ef Jón verður formaður er ekki líklegt að mikil breyting verði þar á því sökum þess að sama fólkið mun að verulegu leyti vera áfram áhrifamikið í flokknum, fólk sem ekki kann að meta stíl Kristins.

**JH:** Kristinn er í erfiðri stöðu innan flokksins en það er búið að reyna einu sinni að reka hann á dyr og það tókst ekki og það verður tæpast reynt aftur. Samband hans og Sivjar hefur verið ágætt og hvort sem Siv eða Jón vinnur munu þau hvorugt fara gegn Kristni.





**BG: Guðni Ágústsson**, sérstaklega ef hann verður ekki kosinn varaformaður. En þótt hann verði ekki kosinn mun hann áfram verða hálf utanveltu í flokknum.

**JH:** Ef Guðni verður ekki kosinn varaformaður þá er ljóst að þau sjónarmið sem hann stendur fyrir innan flokksins hafa orðið undir og að sama skapi sjónarmið Halldórsarmsins orðið ofan á og þar með segir það sig sjálft að Guðni mun einangrast í flokknum.



1200gramma pitsutilboð!
2+1 FRESCHETTUR
699 KR.
1200g
12 lítrar
599 KR.
Coca-Cola light
Bragð fyrir alla!
Svínakótelettur, hunangsmarineraðar, úrbeinaðar og léttreyktar frá ALI
30% afsláttur
ALI REYKTAR SVÍNAKÓTELETTUR
1518 kg KR.
MERKT VERÐ 2168 KR.
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999 KR.
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299 KR.
30% afsláttur við kassann
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g FROSNIR OG FRÁBÆRIR
XL 4 tröllahamborgara brauð!
4 XL brauð
98 KR.
XL hamborgarabrauð * 4 í pakka
Laugardagur til lukku!
500g
BÓNUSÍSINN
159 KR.
2 LÍTRAR!
MILKA SÚKKULAÐI
98 KR.
STYKKIÐ
100g
299 KR.
500g
ALI grill svínakótelettur og úrbeinaður svínahnakki
30% afsláttur við kassann
ALI GRILLKÓTELETTUR / HNAKKI
1189 kg
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1699 KR.
KÍLÓ BRAUÐ
295 KR.
740g
ÍSLANDS GRÍSASTEIK
1118 kg KR.
MERKT VERÐ 2598 KR.
30% afsláttur við kassann
ÍSLANDS LAMBASTEIK
1608 kg KR.
MERKT VERÐ 2298 KR.
Villikryddaðar framhryggjarsneiðar með rifi frá KF
40% afsláttur við kassann
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
1199 kg KR.
MERKT VERÐ 1998 KR.
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
KF SALAT
98 KR.
350g
350g
www.bonus.is
bonus.is

# Lambaveisla
## alla helgina
## í Nóatúni



Sparaðu 900 kr.

LAMBA RIB-EYE
Í HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN

2.398 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
ÚR KJÖTBORÐI
1.398 kr. kg.



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg.



Úr Fiskborði Nóatúns

SÆLKERABÖKUR
ÚR FISKBORÐI
299 kr. stk.



LÍF SAFI
3 TEGUNDIR
99 kr. 1l.

Gouda ostur 17%
stór eða lítill í sneiðum

15% afsláttur

30% afsláttur

McCAIN
FRANSKAR
KARTÖFLUR
279 kr. pk.



BIOLINE PIZZA
M. SPÍNATI OG OSTI
99 kr. stk.

TSZZZ




# Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN

5 á dag

## Rautt reynist vel

Með því að auka hlutfall rauðra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- Heilbrigðu hjarta
- Góðu minni
- Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum
- Minni líkum á krabbameini

## Gult gleður

Með því að auka hlutfall gulra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- Heilbrigðu hjarta
- Sterku ónæmiskerfi
- Sjónheilsu
- Minni líkum á krabbameini

## Hvítt heillar

Með því að auka hlutfall hvítra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- Heilbrigðu hjarta
- Lágu kólesterólmagni
- Sterkum beinum og tönnum
- Minni líkum á krabbameini

## Grænt er gaman

Með því að auka hlutfall grænna ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- Minni líkum á krabbameini
- Sjónheilsu
- Sterkum beinum og tönnum

## Blátt bætir

Með því að auka hlutfall blárra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- Minni líkum á krabbameini
- Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum
- Góðu minni
- Heilsusamlegri öldrun

## Borðaðu 5 á dag

Með því að borða 5 eða fleiri skammta af litríkum ávöxtum og grænmeti á dag stuðlar þú að heilsusamlegra lífi. Litríkir ávextir og grænmeti sjá þér fyrir fjöl-breyttri flóru vítamína og bætiefna sem líkami þinn þarfnast til að viðhalda góðri heilsu og orku. Auk þess minnka þeir líkur á krabbameini og hjartasjúkdómum.

## Veldu heilsulitina

Rauður, gulur/ appelsínugulur, hvítur, grænn, blár/fjólublár. Láttu litina ráða ferðinni þegar þú gerir matarinnkaup-in, skipuleggur máltíðirnir eða ferð út að borða og lifðu lífinu í lit.

## Auðveldara en þú heldur

Það er auðveldara en þú heldur að borða fimm ávexti eða grænmeti á dag í öllum litum. Einn skammtur er til dæmis meðal-stór ávöxtur, 100 g af grænmeti eða 1 glas af hreinum ávaxtasafa.




...mmm NÓATÚN -hljómar vel!



**FREISTA GÆFUNNAR Í KÍNA** Þau Elín Ólafsdóttir og Rúnar Sigurbjörnsson hafa búið í Kína í tæpt ár og láta vel af dvölinni. Kínverjar séu eitt jákvæðasta og hlýlegasta fólk sem þau hafi kynnst um dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**GÖTUMYND FRÁ XIAMEN** Farartæki eru fjölbreytt í Kína og menn víla það ekkert fyrir sér að draga kerrur með þungu hlassi á eftir sér langar leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÚNAR SIGURBJÖRNSSON

# Kína verður næsti efnahagsrisi heims

Í borginni Xiamen á suðausturströnd Kína er að myndast lítil íslensk nýlenda. Þar býr nú þegar tæpur tugur Íslendinga og þeim fer fjölgandi. Þau **Elín Ólafsdóttir** og **Rúnar Sigurbjörnsson** fluttu til Xiamen fyrir tæpu ári ásamt sonum sínum og sögðu ***Sigurði Þór Salvarssyni*** frá reynslu sinni af því að búa í Kína.

Xiamen er meðalstór hafnarborg um það bil miðja vegu milli Shanghai og Hong Kong. Þar býr um ein og hálf milljón manns, margir af taívönskum uppruna enda er eyjan Taívan einungis í 180 km fjarlægð handan sundsins sem skilur að eyjuna og meginland Kína.

**Langaði að breyta til**

„Við vorum búin að vera að fást við ýmislegt hér heima undanfarin ár, tónlist, fatahönnun og fleira en svo ákváðum við að breyta til og prófa að búa annars staðar en á Íslandi og Kína varð fyrir valinu. Okkur langaði til að prófa eitthvað algjörlega nýtt og Kína er rosalega forvitnilegt, öll þessi stærð og þessi menning sem við þekkjum ekki, það er svo margt að sjá þarna,“ segja þau Rúnar og Elín, sem eru í stuttri heimsókn til Íslands þessa dagana.

Og þau völdu að setjast að í Xiamen vegna þess að þau þekktu til Íslendings sem verið hefur í borginni. Sá er Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður sem hefur verið með annan fótinn í Kína síðustu ár ásamt konu sinni. „Pabbi minn þekkir Sigurð og þess vegna ákváðum við að skoða okkur um þar,“ segir Elín.

**Könnunarferð til Kína**

Þau fluttu þó ekki umsvifalaust heldur fór Rúnar í könnunarferð til Kína í fyrrasumar og í beinu framhaldi af því ákváðu þau að drífa sig út. Með þeim fluttu líka faðir Elínar og tvær hálfsystur hennar og nú stendur til að fleiri úr fjölskyldu þeirra flytji út til lengri eða skemmri dvalar. „Ætli við verðum ekki um tuttugu Íslendingar í Xiamen um jólin,“ segir Elín og hlær að tilhugsuninni.

Hún rifjar upp í framhaldinu að íslenski hópurinn hélt 17. júní hátíð í sumar og Norðmenn, Svíar og Danir á svæðinu komu líka og vildu fá að vera með. „Við bökuðum pönnukökur, spiluðum íslenska tónlist og sungum Maístjörnuna og þetta vakti allt svo mikla lukku að Skandinavarnir vildu bara gera 17. júní að þeirra þjóðhátíðardegi líka.“

**Tekið opnum örmum**

Tónlist er reyndar stór þáttur í því sem Elín og Rúnar eru að fást við í Kína. Rúnar gaf út plötu á Íslandi í fyrra en náði ekki að fylgja henni eftir þar sem þau voru á förum til Kína. „Ég fylgdi henni bara eftir í Kína í staðinn og hún hefur örugglega selst betur þar en á Íslandi,“ segir hann og brosir breitt.

Rúnar og Elín hafa gert nokkuð af því að halda tónleika í Kína og þau segja það mjög sérstaka upplifun. „Það hefur verið mjög erfitt að koma vestrænni tónlist á framfæri þarna, en af því að við búum þarna er okkur tekið opnum örmum,“ segir Elín.

Hún lýsir því svo hvernig Kínverjar séu allt öðruvísi áheyrendur en þau eigi að venjast. „Þeir eru svo opnir, einlægir og ósnobbaðir að þeir hika ekki við að fagna og klappa í miðju lagi ef þeim finnst ástæða til og eftir tónleikana kemur fólk í hópum og vill fá eiginhandaráritanir og segja okkur hvað því finnst þetta allt frábært.“

**Kínverjar yndislegt fólk**

Þau upplifa Kínverja reyndar almennt sem ákaflega opið og glaðlynt fólk. „Það er eitt það besta við að vera þarna hvað fólkið er gott, afslappað og rólegt,“ segja þau og viðurkenna að þau hafi gert sér allt aðra mynd af Kínverjum áður en þau komu til landsins. „Þetta voru ekki beint fordómar heldur hafði maður búið sér til einhvern ramma sem Kínverjarnir áttu að passa inn í en svo gerðu þeir það ekki. Kínverjar eru eitthvert jákvæðasta og fallegasta fólk sem ég hef kynnst á ævi minni, þeir eru svo góðir og yndislegir við mann,“ segir Elín af hjartans einlægni.

Rúnar bætir því við að viðmót fólksins hafi eiginlega haft úrslitaáhrif á þá ákvörðun að flytja til Kína. „Auðvitað vekur maður athygli þarna sem hvítur Evrópumaður en fólkið er bara svo jákvætt, brosmilt og viðkunnanlegt að manni getur ekki annað en líkað vel við það.“

**Vekja mikla athygli**

Strákarnir þeirra Elínar og Rúnars, sem eru níu og tveggja ára, hafa líka vakið óskipta athygli Kínverjanna að þeirra sögn. „Þegar við erum einhvers staðar á ferðinni er stundum eins og sirkus í kringum þá, sumir þarna hafa aldrei séð hvítan mann eða mjög fáa að minnsta kosti og hvað þá hvít börn þannig að þau vekja gífurlega forvitni. Stundum safnast 50-60 manns í kringum okkur úti á götu og það hefur gerst að fólk eltir okkur en þetta er jákvæð athygli og okkur líður ekkert illa með þetta,“ segja þau.

Rúnar sem dvalið hefur í Bandaríkjunum segir að þetta sé gjörólíkt því að vera hugsanlega eltur af hópi fólks í New York. „Þá yrði maður hræddur en þetta er bara forvitni sem maður skilur alveg.“

**Komin í viðskipti**

Tónlistin er ekki eina lifibrauð Rúnars og Elínar í Kína því þau eru að hasla sér völl á viðskiptasviðinu. „Við erum búin að stofna fyrirtæki þarna úti sem heitir Trade Time (www.trade-time.com) sem sérhæfir sig í að aðstoða íslensk fyrirtæki og einstaklinga sem eru að leita sér að vörum og varningi í Kína,“ segja þau.

Trade Time tekur þannig við fyrirspurnum frá fyrirtækjum hér heima, til dæmis byggingafyrirtækjum sem vantar kannski mikið magn af tilteknu byggingarefni, steini eða hverju sem er. „Við leitum svo tilboða í Kína, finnum besta verðið og komum á viðskiptum. Við tryggjum líka að öll gæði standist kröfur og þess háttar og sjáum svo um að varan sé send til viðtakanda hér heima,“ útskýrir Elín.

Hún hefur líka verið að hanna föt í Kína en hún hefur fengist við slíka hönnun undanfarin fjögur ár. „Ég hef verið að hanna kjóla meðal annars og það gengur mjög vel og verslunin Húfur sem hlæja á Skólavörustígnum er meðal annars að selja kjóla eftir mig.“

**Kínverjar miklir kaupmenn**

Viðskipti er nokkuð sem á vel við Kínverja segja þau. „Kínverjar eru einhverjir mestu kaupmenn í heimi. Þrátt fyrir að hafa búið við kommúnískt skipulag í áratugi þá eru viðskipti þeim í blóð borin, það eru allir þarna að reyna að selja eitthvað,“ segir Rúnar og hlær.

En það þýðir ekki, segir Elín, að þeir séu ósáttir við sitt þjóðskipulag og orðnir afhuga kommúnismanum heldur er fólk farið að átta sig betur á því að það á rétt á að fá sinn skerf af efnahagskökunni sem er sífellt að stækka í Kína. „Það má segja að hjarta Kínverja tilheyri kommúnismanum en hugurinn kapítalismanum. Þetta er mjög sérstakt ástand sem er þarna og ég held að það sé alveg ljóst að Kína verður orðið stærsta efnahagsveldi heims eftir nokkur ár,“ segir Elín og bætir við að þau verði ekki vör við að yfirvöld séu að skipta sér mikið af lífi fólks dags daglega og viðskipti virðast mjög frjáls.

**Vestræn borg**

Xiamen er raunar mikil viðskiptaborg enda fríverslunarsvæði og ein af stærri útflutningshöfnunum í Kína. Þar gætir því meiri vestrænna áhrifa en víða annars staðar á þessu svæði, þar er meðal annars talsvert um háhýsi, tískuvöruverslanir og aðrar vestrænar verslanir. „Þetta er ekki stór borg á kínverskan mælikvarða en þetta er talin ein fallegasta og hreinasta borgin í Kína,“ útskýrir Rúnar og nefnir sérstaklega í því sambandi að borgaryfirvöld hafi bannað umferð mótorhjóla í borginni. „Svo er líka bannað að flauta þannig að þetta er ekki eins og í mörgum öðrum borgum í Kína þar sem hávaðinn er gífurlegur,“ skýtur Elín inn í.

**Tónleikar og plötuupptaka**

Þau Elín og Rúnar hafa ekki tekið neina ákvörðun um það hversu lengi þau ætla að dvelja í Kína. „Það kemur bara í ljós, við erum ekki mikið fyrir að skipuleggja hlutina langt fram í tímann og höldum þessu bara opnu,“ segja þau og eru bjartsýn á framtíðina.

Framundan eru líka spennandi verkefni, þeim hefur verið boðið að koma fram á stærstu svokallaðri „indie“ tónlistarhátíð Kína sem haldin verður í Beijing næsta vor og svo er plötuupptaka og tónleikaferð í bígerð þegar þau koma aftur til Kína. „Fyrst ætlum við þó að troða upp hér heima, því við munum hita upp í kvöld fyrir hljómsveitina Mínus og Langa Sela og skuggana í Sirkusportinu á menningarnótt,“ segja þau Elín og Rúnar og hvetja sem flesta Íslendinga til að kynna sér Kína. ■



**FÓLK Á GÖTU Í XIAMEN** Kínverjar eru einstaklega brosmilt og vingjarnlegt fólk, segja þau Elín og Rúnar um kynni sín af heimamönnum í Xiamen. FRÉTTABLAÐIÐ/RÚNAR SIGURBJÖRNSSON

## HERÞOTA TIL HVERSDAGSNOTA



Áhrif frá flugvélaframleiðslu gætir í hönnun Saab 93.

BÍLAR 2

## SAGT SKILIÐ VIÐ LITI

Svart verður áberandi í hausttískunni.

TÍSKA 7



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ TÍSKA BÍLAR FERÐIR ]**



**Tískan** leikur stórt hlutverk á Menningarnótt. Í Þjóðmenningarhúsinu verður sýnd íslensk tískuhönnun frá kl. 16.00, sérsaumaðir brúðarkjólar verða til sýnis á saumastofunni Hnappur, kl. 15.30 er tískusýning á vegum Verslunarskólans í Iðnó og kl. 11.00 veitir Hildur Inga Björnsdóttir tískuhönnuður innsýn í það hvernig tískan verður til í Xirena. Á menningarnott.is er hægt að skoða fleiri tísku- og hönnunarviðburði dagsins.

**Skoda** opnar nýjan sýningarsal í dag. Kl. 11-16 verður opið í nýjum og glæsilegum sýningarsal að Laugavegi 172. Í tilefni opnunarinnar verður frumsýndur nýr og glæsilegur Skoda Roomster, sem var sérstaklega fluttur til landsins vegna opnunarinnar. Grillaðar pylsur, gos, íspinnar og blöðrur fyrir börnin.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 19. ágúst, 231. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.30 | 13.31 | 21.30 |
| Akureyri | 5.05 | 13.16 | 21.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Robert og Witek við bílinn. Þeir hittust fyrst þremur dögum fyrir rallið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Keppir í ralli með stýrið hægra megin

***Robert Harford stefnir á eitt af fimm efstu sætunum í alþjóðaralli sem haldið er á Suðvesturlandi.***

Meðal keppenda í 27. alþjóðarallinu á Íslandi, sem lýkur í dag, er Bretinn Robert Harford sem ekur á sérsmíðuðum 300 hestafla Land Rover Freelander. Robert til aðstoðar verður Witek Bogdanski en hann hefur verið aðstoðarökumaður í íslenska rallinu síðan 1987. „Þetta verður í fyrsta skipti sem ég keppi hér á landi í vinstra sætinu og reikna með að það verði svolítið skrítið,“ segir Witek hlæjandi því Freelander Roberts er vitaskuld með stýrið hægra megin að breskum sið.

Þetta er þriðja árið sem Robert tekur þátt í alþjóðarallinu hérlendis og hefur einnig keppt í Frakklandi, auk þess sem hann hefur tekið þátt í torfærukeppnum í Bretlandi síðan 1978.

Bíllinn sem Robert og Witek keppa á er settur upp fyrir ójafna vegi og þeir vonast til að vinna tíma á erfiðustu leiðunum. „Bíllinn er með hámarkshraða í rúmlega 180 km þannig að við verðum ekki fljótastir á hröðu köflunum,“ segir Robert en stefnir ótrauður á að komast í eitt af fyrstu fimm sætunum.

*einareli@frettabladid.is*

## Skýrar línur hjá Honda

LITLIR BÍLAR VERÐI TVINNBÍLAR, STÓRIR BÍLAR DÍSIL.

Honda hefur ákveðið að setja nýjan og mjög ódýran tvinnbíl á markað 2009.

Hondu í Bandaríkjunum þykir orðið ljóst að þrír þættir séu tvinnbílum til framdráttar. Í fyrsta lagi þurfa þeir að vera á mjög viðráðanlegu verði. Í öðru lagi eru eigendur þeirra stoltir af því að vera á tvinnbíl og því eiga þeir ekki að vera útgáfur af bensín- eða dísilbílum heldur alveg sérstakir bílar. Í þriðja lagi eru það litlu vélarnar sem eru að gera góða hluti í tvinnbílatækninni. Stærri vélar ættu að halda sig við dísilolíuna.



Samkvæmt nýjustu ákvörðun Honda í Bandaríkjunum voru það mistök að framleiða Civic-tvinnbíl. Hann fær því 2,2 lítra dísilvél eftir þrjú ár.

Með allt þetta að leiðarljósi er ætlunin að kynna alveg nýjan bíl, sem gengur bæði fyrir bensíni og rafmagni, og selja hann í Bandaríkjunum í 100.000 eintökum. Á sama tíma stendur til að setja á markað 2,2 lítra dísilvél fyrir stærri bílana.



**Að hringsóla um miðbæinn** í mikilli umferð getur auðveldlega eyðilagt góða menningarskapið. Það borgar sig að nota þann stóra gula eða taka sér hressandi göngutúr í miðbæinn.




# HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSMIÐ



BIFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**



LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is

**GERÐU HREINT GÓÐVERK!**

**GEFÐU VINI ÞVOTT**

Löður, miðstöð bílaunnenda, hvetur fólk til að gera hreint góðverk vikuna 19.-26. ágúst og gefa þvott – já, gefa þvott!

- Þú þværð bílinn þinn í svampburstastöðinni okkar í Bæjarlind 2 (kjallara) í Kópavogi.
- Þegar þú greiðir fyrir þvottinn færðu ávísun á hreint góðverk, **ókeypis bílaþvott**. Ávísunin gildir sama dag.

Gerðu hreintverk núna!

**Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18.**
Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara.




concept


REYNSLUAKSTUR



Bíllinn er laglegur á að líta, nútímalegur og sportlegur, en þó svo yndislega mikill Saab. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þægileg og örugg herþota til hversdagsnota

*Reynsluakstur Saab 93 1,8t.*

Það má segja að Saab sé næstum því jafnþekkt fyrir herþotur sínar og fyrir vinalega fólksbíla. Áhrifa frá flugvélaframleiðslunni gætir alla jafna í hönnun bílanna og Saab 93 (lesist „níu þrír“) er engin undantekning þar á.

Um leið og sest er inn í bílinn blasir við mælaborð sem minnir á stjórnklefa í flugvél. Ávalar línur, skraut og prjál eru ekki á döfinni, heldur stórt flatt borð með skýrum álestrarskjám og fjölda rofa sem allir eru baklýstir í grænum lit. Flott, einfalt, töff og pínu Top Gun.

Fyrir mig skiptast flugferðir í tvennt. Annars vegar er skemmtilegt augnablik áður en vélin fer í loftið, þegar allar vélar eru settar í botn og maður þrýstist í sætið. Hins vegar er restin af fluginu, leiðinleg bið eftir að eitthvað gerist. Það síðarnefnda á sem betur fer ekki við um Saab 93 en augnablikið þegar 1,8 lítra túrbóvélin tekur kipp úr kyrrstöðu er hins vegar jafn skemmtilegt og í fluginu.

Mótorinn skilar 150 hestöflum og togar 240 Nm, hvort tveggja nóg til að gæða bílinn mjög sportlegum eiginleikum. Við bætist að eyðslan í reynsluakstrinum var 6-10 lítrar á hundraði, sem er ósköp viðunandi í sprækum bíl með 5 þrepa sjálfskiptingu. Beinskipting, stærri vél og dísilvél eru einnig í boði.

Af bílum í sínum flokki er Saab 93 einna öruggastur og þrátt fyrir sex árekstrarpúða, virka höfuðpúða og úthugsaða yfirbyggingu er það stöðugleikabúnaðurinn sem stendur upp úr. Hann samanstendur af ABS hemlalæsivörn, ESP og nokkrum skammstöfunum í viðbót sem sameinast við að aðstoða ökumanninn við að aka bílnum fumlaust og örugglega við hvaða aðstæður sem er.

### SAAB 93

**Vél:** 1,8 l m/forþjöppu
150 hestöfl / 240 Nm
**Eyðsla, bl. akstur:** 7,7 l/100 km
0-100 km/klst: 9,5 sek.
**Þyngd:** 1.440-1.570 kg
**Farangursrými:** 425 lítrar

**PlÚS**
Þægilegur í notkun
Mjög gott stöðugleikakerfi
Öruggur
Bílstjórasæti stillanlegt í hæð

**MÍNUS**
Stýri heldur of létt
Hættir til yfirstýringar
Sæti mættu umlykja betur

**Verð frá:** 2.590.000 kr.
**Verð prufubíls:** 2.990.000 kr



Litli upplýsingaskjárinn við framrúðuna gegnir margvíslegu hlutverki og er skýr og þægilegur aflestrar.

Ein af sérstöðum bílsins eru ReAxs afturhjólin. Til að koma í veg fyrir undirstýringu (þegar bíllinn beygir minna en hann ætti að gera) eru afturhjólin látin beygja örlítið með framhjólunum. Afraksturinn er hins vegar tilhneiging til yfirstýringar (beygir meira en hann ætti), sem er töluvert erfiðari fyrir hversdagsökumenn en undirstýring. Við sérstakar aðstæður, eins og þegar ekið er yfir ójöfnu í beygju, missir maður tilfinningu fyrir veginum eitt augnablik ef maður er óvanur bílnum.

Fjöðrunin kom mjög skemmtilega út á malarvegi en tryggir mjúkt og þægilegt ferðalag á malbiki. Stýrið er létt og þægilegt innanbæjar, en sportlegri vélinni hefði passað þyngra stýri á vegum úti.

Fyrir bíl í millistærð er Saab 93 laglegur, skemmtilegur og á frekar sanngjörnu verði, sérstaklega ef horft er til hversu öruggur hann er. *einareli@frettabladid.is*



Innréttingin er óvenjuleg en ágætlega lukkuð. Hanskahólfið er með því stærra sem gerist.



Í stýrinu eru stjórntæki fyrir útvarp og einnig síma sem hægt er að kaupa með bílnum.



Glasahaldarar fyrir aftursætisfarþega falla inn í sætið þegar ekki er verið að nota þá.


NÝJASTA ÆÐIÐ!



HVELLUR.com
.. í einum grænum

G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6
• sími: 577 6400 • www.hvellur.com
• hvellur@hvellur.com



allt heimili
Alla fimmtudaga



# Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Upphaf nýrra tíma

Það sem helst einkennir bílaiðnaðinn í dag, fyrir utan að allir keppast við að framleiða bíla sem líta næstum því nákvæmlega eins út, er öll sú mikla þróunar- og tilraunavinna sem fram fer til að finna hentugan orkugjafa sem getur leyst jarðolíu af hólmi.

Einna mest fer fyrir efnaraföðlum, sem framleiða rafmagn úr vetni eða öðrum gastegundum, en lífdísilolía gæti orðið spennandi kostur líka. Þar fyrir utan eru margar aðrar hugmyndir sem allar miða að því sama, að losa okkur undan því oki að vera háð svartagullinu.

Líklega er hinn einfaldi rafmagnsbíll, með stórar rafhlöður sem þarf að hlaða reglulega, sú hugmynd sem hefur mest verið unnið að í gegnum árin. Ferdinand Porsche var að fikta við rafmagnsbílaframleiðslu fyrir um hundrað árum, reyndar á svipuðum tíma og Diesel notaði hnetuolíu til að sýna dísilvélina sína. En ólíkt jurtaolíunni hefur rafmagnsbíllinn skotið upp kollinum reglulega síðan. Háskólanemar keppast um að gera þá sparneytna, bílaframleiðendur kynna hugmyndabíla og sumir þeirra hafa meira að segja sett í sölu rafmagnsbíla.

Allt er þetta gott og blessað, fyrir utan eitt: Rafmagnsbílar hafa til þessa varla komist úr sporunum og helst ekki mátt fara lengra en 10 km frá næstu innstungu. Hraði og drægni hafa verið stærstu þröskuldarnir í framleiðslu þeirra fram til þessa dags.

Sem jeppamaður legg ég mikið upp úr því að geta verið heila helgi á fjöllum og sem almennur bílaáhugamaður finnst mér það alltaf frekar af hinu jákvæða ef bílar komast að minnsta kosti það hratt að fótgangandi maður taki ekki fram úr þeim. Því hef ég fussað og sveiað (og fleira í þeim dúr) yfir allri þessari rafmagnsbílaumræðu. Dísil og bensín hafa verið fyrir mér hinir einu sönnu orkugjafar og ég hef verið staðráðinn í að halda áfram að borga meira fyrir lítrann en nokkuð annað mannsbarn í heiminum, því ég gat ekki hugsað mér bílamenninguna án hans.

Þangað til Tesla varð til. Tesla er bíll sem er nýbyrjað að framleiða í samstarfi við Lotus-verksmiðjurnar og hefur verið kynntur til leiks sem fyrsti ofurbíllinn sem knúinn er rafmagni. Tesla er tæpar 4 sekúndur í hundrað og kemst rúma 400 km á hverri hleðslu, sem kostar örfáar krónur í rafmagni.

Þegar ég las fyrstu fréttina um Tesla varð mér litið út um gluggann á gamla Renaultinn minn sem er sirka korter í hundrað og fer ekkert mikið lengra á bensíntankinum sem kostar rúmar átta þúsund krónur.

Ætli sé langt í að Tesla búi til jeppa líka?



Bílaleigubílar þurfa ekki endilega að vera sparneytnir, þröngir, kraftlausir og leiðilegir.

# Draumabíll til leigu

*Fjölmargar leigur á einum stað og verðið kemur á óvart.*

Ertu á leiðinni ti Ameríku? Er stefnt á að taka bílaleigubíl? Er ekki málið að vera flottur á því og tæta Kaliforníu endanna á milli í Porsche Boxter?

Á vefslóðinni www.rentexoticcars.net er hægt að velja fylki Bandaríkjanna og fá uppgefnar bílaleigur sem sérhæfa sig í „exótískum“ bílum, allt frá Mini Cooper blæjubíl yfir í Hummer H2 eða jafnvel Ferrari 360 Spyder.

Allir eiga að geta fundið draumabílinn sinn og leigt hann til lengri eða skemmri tíma, að því gefnu að þeir geti lagt fram tryggingu með kreditkorti og pungað út nokkrum dollurum fyrir leigunni, sem en stundum minni en ætla mætti. Boxterinn í Kaliforníu kostaði á einni leigunni 88.000 krónur fyrir viku. Til samanburðar kostar Toyota Corolla 68.000 krónur í viku á Íslandi, sé skipt við eina af stóru bílaleigunum.


# Til sölu



**Notaður Elnagh King 660 Ford tranit.** Mjög vel með farinn og fallegur 2,5lt turbo Diesel ekinn 105.231 km. Árgerð 1994 - skráður á Íslandi mars 2006. Lengd 6,760 m. Tvöföld dekk að aftan. Svefnpláss f. 6 – 3ja punkta öryggisbelti f. 4. Hjónarúm aftur í sem breyta má í koníakstofu (U sófa) Markisa, króm hjólkoppar, sjónvarpsloftnet

**Verð 2.800.000 kr** með vsk.



**Notaður Auto Roller húsbíll.** Fyrst skráður apríl 2000. Framleiðsluár 1998. Ekinn aðeins 118.000 km. Fiat Ducato turbo Diesel vél. Svefnpláss fyrir 5 - Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra.

**Verð 2.150.000 kr** með vsk.



**Notaður Rockwood húsbíll.** Einn með öllu - Íbúð á hjólum Ford Econoline V8 - Sjálfskiptur. Ekinn 100 þ.km - Árgerð 1993. Svefnpláss f. 6-8. Ísskápur-Bakaraofn-Örbylgjuofn-Sturta og baðkar.

**Verð 3.300.000 kr** með vsk.

**Bílexport á Íslandi ehf.**
**Bóas sími 0049-175-271-1783**
**Eðvald sími 896-6456**
**bilexport.dk**



Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr 2.690.000 eða
Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

LÝSING




Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

**Það er alltaf** gott að vera með skyndihjálparkassa við höndina. Í styttri eða lengri ferðum, sem og í sumarbústaðnum og fellihýsinu.




## HVAÐAN ERTU AÐ KOMA?

# Teygt úr sér á ströndinni

INGA DÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR MYNDLISTARKONA ER NÝKOMIN AF BRYGGJUHÁTÍÐINNI Á DRANGSNESI.

„Upphaflega var þetta fjölskyldumót sem hlóð smám saman utan á sig og varð að heljarinnar útihátíð," segir Inga Dóra, sem fór í tjaldferð í góðra vina hópi frá Reykjavík til Drangsness um síðustu helgi.

Að sögn Ingu Dóru hófst hátíðin á laugardegi og stóð yfir alla helgina með skipulagðri dagskrá. „Við fórum í gönguferð á laugardagsmorguninn. Síðan var boðið upp á sjávarréttasmakk, siglingu til Grímseyjar, útreiðartúra og grásleppusýningu, sem ég sleppti reyndar," bætir hún við og hlær.

Það kom Ingu Dóru á óvart hversu mikil afþreying var í boði fyrir hátíðargesti. „Fyrir utan áðurnefnda viðburði má nefna fótboltamót þar sem lið frá Hólmavík og Drangsnesi öttu kappi hvort við annað," segir hún. „Hápunktinum var síðan náð með balli á laugardagskvöldinu, þar sem Ingó og veðurguðirnir spiluðu."

Inga Dóra bætir við að þrír heitir pottar standi í fjörunni í Drangsnesi og séu þeir opnir allt árið um kring, en þar hafi verið gott teygja úr sér eftir allt fjörið.

*roald@frettabladid.is*



Inga Dóra skemmti sér konunglega á Bryggjuhátíðinni á Drangsnesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sigurður, annar frá vinstri, og Jón Bjarki, lengst til hægri, í félagsskap heimamanna í Pakistan. Eins og sjá má eru þeir félagar klæddir að hætti innfæddra. MYND/BURKUS

# Pólópartí í Pakistan

***Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson hafa síðan í ágúst í fyrra ferðast um heiminn og lent í miklum ævintýrum. Í júlí ferðuðust þeir félagar um Pakistan og á meðan aðrir Íslendingar horfðu á úrslitaleik HM í knattspyrnu voru þeir staddir á hinu árlega Shandur-pólómóti sem fram fór í 3.800 metra hæð yfir sjávarmáli. Jón Bjarki sendi Fréttablaðinu eftirfarandi frásögn.***

Helgina 7.-9. júlí fór fram hin árlega Shandur-keppni í póló. Þar koma saman pólóspilarar alls staðar að frá norðursvæðum Pakistans og sýna fram á snilli sína í þessum áhugaverða leik. Keppnin er haldin miðja vegu á milli höfuðstaðanna Gilgit og Chitral, hátt uppi í Shandur-skarðinu.

Ein meginástæða þess að við komum til Pakistans voru stór og tignarleg fjöll, en þegar við sáum þau varð mér hugsað til þess að kannski hefðum við leitað langt yfir skammt. Á Íslandi eru fjöll, þau eru ekki eins stór og þau teygja sig ekki eins langt til himins en þau eru tignarleg og full af karakter. Þegar ég sá pakistönsk fjöll með fallegu snævi þöktu toppunum varð mér hugsað til fallegrar íslenskrar náttúru, ég fór að spyrja sjálfan mig hvort það væri kannski kominn tími til þess að halda heim.



Mikið var um dýrðir á pólómótinu.
MYND/BURKUS

Þegar litið var yfir tjaldbúðirnar fyrsta morgun pólómótsins blasti við sérstök sýn, svæðið minnti helst á flóttamannabúðir og mætti halda að fólk hefði búið þarna í tugi ára. Í einu tjaldi var eldað og í öðru var sofið. Sandstormur feykti upp fíngerðum brúnum sandinum og svæðið minnti einna helst á eyðimörk. Á svæðinu mátti finna allt það sem okkur vanhagaði um, hatta, grímur, geitamjólk, brauð og hrísgrjón.

Pakistan er almennt þurrt land, áfengi er stranglega bannað og það kom okkur þess vegna virkilega á óvart að sjá ölvaða bændur stíga trylltan dans fyrsta kvöld leikanna. Fram hjá lögreglu og her höfðu greinilega komist hundruð lítra af heimabrugguðu apríkósu- og greipvíni.

Þegar við gengum um svæðið fyrsta kvöldið komum við að búðum Chitral-manna sem buðu okkur velkomna. Við brögðuðum á apríkósuvíni og stigum Chitral-dansinn margfræga. Karlarnir stóðu allt í kring og klöppuðu í takt við trommurnar, stemningin jókst hægt og sígandi og mikil gleði ríkti í tjaldbúðunum þetta kvöld.

Pólómótið var allt saman einn stór karlaklúbbur, karlar að dansa við karla, karlar að spila póló og karlar að drekka apríkósuvín. Hvergi var konu að sjá. Í slíkum aðstæðum fer hugurinn óneitanlega að reika heim þar sem íslensku stúlkunum leyfist að dansa uppi á borðum og skella svo í sig ísköldu öli.

Seinasta daginn var svo úrslitaleikur mótsins haldinn og Pervez Musharaff, hershöfðingi og forseti, kom sem heiðursgestur. Öryggisgæslan var gríðarleg, hermenn allt í kring og lífverðir forsetans fylgdu honum hvert fótmál. Það fylgir ekki sögunni hvernig leikar fóru en þetta var áhugaverð upplifun.

Eftir að pólópartíinu í Pakistan lauk sætti ég mig við það að tími flakksins væri á enda, ég hef ferðast um heiminn í heilt ár og hugur minn hefur tekið völdin og haldið til Íslands á undan mér. Ég læt mig dreyma um kaldar dimmar vetrarnætur, lakkrísreimar, lambið hennar mömmu og rútínuna sem ég var orðinn svo leiður á. *valgeir@frettabladid.is*

**Mest**
lesna
tímaritið*

birta
*Gallup Október 2005

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



*Í útileguna*

ÍS HESTAR

**ÍSHESTAR RIDING TOURS**
**Sörlaskeið 26 – IS-220 Hafnarfjörður – Iceland**
**Tel.: +(354)-555-7000 – Fax.:+(354)-555-7001**
**E-mail: info@ishestar.is – website: http://ishestar.is**

## "Drottning um stund"

**Dekurdagar fyrir konur í hestaferð um Þingeyjarsýslu.**

**Lengd: 3 dagar/ 2 nætur – ca. 100 km**
**Verð: 54.000**
**Dags: 1.- 3. september 2006**



**Dekur í mat og drykk**
Dekrað verður við þátttakendur bæði í mat og drykk og er vín með mat innifalið í verðinu. Báðar næturnar er gist í Saltvík þar sem eru 2 nýir heitir pottar með glæsilegu 5 stjörnu útsýni yfir Skjálfandaflóann og Kinnafjöllin.

**Fararstjóri: Unnur Steinsson**
Fararstjóri er engin önnur en hestakonan Unnur Steinsson og mun hún ásamt öðru starfsfólki hugsa vel um farþegana og sjá til þess að allir fari endurnærðir og glaðir heim.

# Litrík nútímaborg

***Ferðaskrifstofan Vestfjarðaleið - TREX býður í haust upp á ýmsar spennandi ferðir til St. John´s í Kanada.***

Meðal þeirra ferða sem í boði eru hjá ferðaskrifstofunni eru borgarferðir til St. John´s, höfuðborgar Nýfundnalands í Kanada sem farnar hafa verið undanfarin átta ár. St. John´s hefur síðustu ár vakið verðskuldaða athygli fyrir hagstætt verðlag og uppfyllir borgin auðveldlega allar kröfur ferðamannsins.

St. John´s er litlu stærri en Reykjavík og þykir hún í senn falleg, litrík og lífleg nútímaborg. Borgin á sér ríka sögu sem ein mikilvægasta hafnarborg Norður-Ameríku. Það hefur gjarnan verið sagt um St. John´s að hún sé töfrandi samblanda af gamla og nýja heiminum



St. John´s er falleg og litrík borg sem iðar af mannlífi á haustin.

og eru keltnesk áhrif víða mjög ríkjandi.

Í borginni er margt að skoða og má þar nefna útsýnisstaðinn Signal Hill og George Street sem er frægasta kráargata borgarinnar, en hún iðar af lífi í kringum Hrekkjavökuhátíðina sem haldin er á hverju hausti. Farnar verða þrjár skipulagðar ferðir í haust á vegum ferðaskrifstofunar. *- vör*



## Veiðisumarið
með Stefáni Jóni Hafstein

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

# Smáir smálaxar

Það er því miður ekkert óvenjulegt á þessu sumri að setja í og landa 3ja punda smálaxi, sumir geta jafnvel sagt sögur af þeim miklu minni! Fiskur sem gengur eftir eitt ár í sjó ætti að vera 5-6 pund og helst 7-8 til að slaga upp í forna frægð Norðurlands. Upp úr norðlenskri á kom í vikunni einn sem mátti kannski ljúga upp í 3 pund þegar ég var nærstaddur og ég spurði gagnkunnuga hverju sætti. Auðvitað er bara eitt svar: Harðræði í hafinu. Þessir smáu smálaxar sáust strax í vor.

Viðmælendur mínir fyrir norðan bentu á að smálaxinn virðist hafa farið smækkandi ár frá ári að undanförnu. Þessu til viðbótar virðist nú ljóst að fyrir öllu Norðurlandi er smálaxabrestur, göngur eru mun fáliðaðri í ár en í fyrra. „Auðvitað var 2005 metár,“ segja menn og telja líklegt að 2006 endi í meðaltali síðustu 25 ára. En veiðin dreifist ekki jafnt. Allt frá Húnaflóa að Skjálfanda vantar mikið upp á smálaxinn. Til dæmis má taka Fnjóská. Hún var með sömu veiðitölu um mánaðamótin júlí/ágúst og í fyrra enda gekk talvert af stórlaxi, sem er snemmgengari en hinn. Síðan þá hefur sigið á ógæfuhliðina og veiðin nú næstum 100 löxum minni en á sama tíma í fyrra, vegna þess að smálaxinn kemur ekki. Og sá sem kemur lítur ekki vel út. Ef hann er ekki beinlínis lítill, þá er hann mjósleginn. Er loðnan komin of norðarlega fyrir hann?



Una þreytir lax! Ungar stúlkur gera sig gildandi í veiði nú sem aldrei fyrr, hér er vel að verki staðið í Selá í Álftafirði.

### Hvað með bleikjuna?

Mér skilst að víða sé sömu sögu að segja með sjóbleikjuna. Reyndar ekki í Fnjóská þar sem viðmælendur mínir segja talsvert af henni, en á flestum öðrum stöðum virðist hún hörfa hratt. Bleikjan er kaldsækinn fiskur, sumir telja hlýnandi veður á liðnum árum sýni sig í þessu, sjórinn sé orðinn of hlýr. Sama ástand er talið vera í nokkrum vötnum sunnanlands þar sem bleikjan er sögð á hraðri niðurleið, vatnshiti sé orðinn of mikill fyrir hana. Það er sem sagt um nóg að ræða meðal veiðimanna þegar þeir setjast niður í veiðihúsum þessa dagana.

### Og fleiri hörfa

Þeir sem vel þekkja til í dýrustu veiðhúsum landsins segja fleiri hörfa þessi árin en bara fiskar. Erlendir veiðimenn sem mest og best borga verða færri og færri. Fullyrt er að afföll séu umtalsverð í ár, og væri ekki fyrir veiðigleði íslensku bankamannanna væri ansi tómlegt í helstu veiðihúsum landsins nú þegar aðaltíminn er að líða undir lok. Einhver ætti að hnýta fluguna „Vaxtahækkun“ þessu ástandi til heiðurs!



Elín S. Sigurðardóttir forstöðumaður og Ingibjörg Björnsdóttir safnvörður.
MYND/SIGURÐUR JÓHANNESSON

# Ánægðir gestir auglýsa safnið

***Nú fer hver að verða síðastur að nýta sér sumaropnun Heimilisiðnaðarsafnsins á Blöndósi.***

„Það hefur verið mjög góð aðsókn að safninu í sumar og aukningin er greinileg frá ári til árs,“ segir Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins, þegar forvitnast er um fjölda heimsókna að undanförnu. „Það er alveg ljóst að ánægðir gestir auglýsa safnið,“ bætir hún við. Elín segir sýningu Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar hafa vakið verðskuldaða athygli. „Tenging Steinunnar við þjóðbúningana sem hér eru hefur komið mjög vel út og gestir róma einnig aðrar sýningar safnsins sem alltaf eru nokkuð breytilegar á milli ára.“

Nú styttist í að safninu verði lokað þetta sumarið að sögn Elínar. Það er opið alla daga frá kl. 10 til 17 út ágústmánuð og eftir það er opið fyrir hópa – lágmark tíu manns eftir samkomulagi. *-gg*



Kjóll úr íslenskri ull sem Hulda Á. Stefánsdóttir skólastýra Kvennaskólans á Blönduósi óf efnið í og saumaði en Steinunn Frímannsdóttir spann í hann þráðinn. MYND/GUN

## BJÖRGUNARSVEITIR Á HÁLENDINU



Frá Sprengisandsleið. Ástand vega mun vera nokkuð gott, þrátt fyrir þvottabretti.
LJÓSMYND: KRISTBJÖRN GUNNARSSON

# *Sprengisandur: Ástand vega gott og lítið að gera*

Nýliðin vika var sú síðasta í verkefninu Björgunarsveitir á hálendinu. Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð var við hálendisgæslu á Sprengisandi. „Svæðið nær upp úr Skagafirði, Eyjafirði og Bárðardal og niður að Hrauneyjum,“ segir Guðmundur Rúnar Guðmundsson, formaður sveitarinnar en hann var á vaktinni við annan mann.

Helstu ferðamannastaðir á svæðinu eru Nýidalur og Laugafell en Guðmundur segir líka mikla örtröð við Hrauneyjar. „Við erum búnir að fara svona átta sinnum fram og til baka á milli Nýjadals og Laugafells og nokkrum sinnum niður í Hrauneyjar. Svo reynum við að fara alla slóða sem við sjáum á korti.“

Þónokkuð af ferðafólki var á Sprengisandi fram að síðustu helgi en Guðmundur segir hafa fækkað í vikunni. „Meirihlutinn eru útlendingar en það er þó nokkuð af Íslendingum á mótorhjólum og bílum. Flestir eru vel búnir þó að einn og einn mætti vera betur búinn og á bíl sem hentar þessum vegi. Hér eru nokkrar ár sem þarf að fara yfir og maður veit aldrei hvernig veðrið verður.

Fólk ætti ekki að vera á ferðinni hér nema á sæmilega vel útbúnum bílum. Svo þarf að skoða árnar áður en farið er út í þær, sérstaklega ef ekki er verið á mjög stórum bílum. Helstu leiðir hér eru greiðfærar, það er helst á Gæsavatnsleið niður í Öskju sem fólk þarf að passa sig ef það er vatn á flæðunum þar. Annars er ástand vega nokkuð gott, mikið um þvottabretti en annars gott,“ segir Guðmundur.

Vikan hefur gengið stórtíðindalaust fyrir sig hjá þeim félögum. „Það er búið að vera ótrúlega lítið að gera. Við höfum tvisvar hjálpað bílum í Hagakvíslinni og svo erum við að leiðbeina mönnum um hvernig á að keyra yfir vöðin og vísa veginn. Og aðstoða skálaverði ef einhver þörf er á því,“ segir Guðmundur sem fór heim í gær, þegar verkefninu lauk þetta árið. „Við höfum verið að tala við skálaverði og ferðafólk og það eru allir mjög ánægðir með að við séum hérna uppi og vonast til að við verðum aftur hérna næsta sumar. Þetta er líka gott fyrir hinn almenna björgunarsveitarmann, að komast hingað til að kynnst hálendinu betur,“ segir Guðmundur að lokum.

*- elí*

Fyrst í fjallið



Þú ert í forgangi hjá Avis

Bílaleigubíll í Þýskalandi
Vika á flokk I Opel Vectra station eða sambærilegum bíl 333 Evrur.
Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS®
We try harder.®

pipar / SÍA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





**Þykkar prjónapeysur og svarti liturinn** eru hluti af hausttiskunni. Það er því ekki verra að fjárfesta í svartri þykkri peysu og tolla í tískunni.








Dömudeildin í Debenhams hefur stækkað og úrvalið aukist að sama skapi.FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ný vörumerki og bjartari búð í Smáralind

***Debenhams í Smáralind hefur aukið við rými kvenfata-, tösku- og skódeildar og bætt við nýjum fatamerkjum í bæði dömu- og herradeild.***

„Við höfum fært undirföt, töskur og skó niður á neðri hæð og sú deild er á björtum og þægilegum stað. Þar með rýmkaðist um dömudeildina á efri hæðinni. Breytingarnar hafa heppnast vel þannig að við teflum nú fram enn skemmtilegri og þægilegri búð en áður,“ segir Bryndís Hrafnkelsdóttir framkvæmdastjóri Dembenhams. Hún segir plássið fyrir töskurnar og skóna hafa verið fundið hjá heimilisdeildinni, þar hafi rammar, vasar og skálar vikið. Vinsælustu vörumerkin verða að sjálfsögðu áfram í fatadeildunum að sögn Bryndísar en mörg ný merki bætast við svo sem Jane Norman, Part Two; Fransa og Esprit Collection. Auk þess bætast við tveir hönnuðir frá Debenhams, Betty Jackson fyrir dömuna og Nigel Cabourn fyrir herrann, ásamt sérmerkjum Burbaker og Parks. Bryndís segir Debenhams eiga að höfða til enn breiðari hóps en áður. „Viðskiptavinir á öllum aldri og með mismunandi fatastíl ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir hún. Að lokum bætir hún við að ýmis tilboð séu í boði í tilefni breytinganna, meðal annars brjóstahaldarar í undirfatadeild, herðaslár í dömudeild og stutterma skyrtur og undirföt í herradeild.

*- gg*



Svartar buxur, sígildar.

Stórir kragar koma sterkir inn í haust. Bolur eftir Betty Jackson.

Rósótt skyrta eftir hönnuðinn Betty Jackson.

Léttur jakki eftir Nigel Cabourn.

Herrabuxur eftir hönnuðinn Nigel Cabourn.






# Hryðjuverk skaða snyrtivöruiðnaðinn

***Snyrtivöruframleiðendur hafa miklar áhyggjur af nýju varrúðarráðstöfunum á breskum flugvöllum sem banna alla vökva í handfarangri, þar á meðal ilmvötn.***

Eftir hryðjuverkaógnina sem skók Bretland og allan heiminn í síðustu viku voru settar á sérstakar öryggisreglur sem meðal annars bönnuðu fólki að vera með vökva í handfarangri. Ýmsir snyrtivöruframleiðendur hafa nú lýst yfir áhyggjum sínum varðandi þessar öryggisreglur og telja þeir að þær muni hafa varanlegan skaða á til dæmis sölu ilmvatna í fríhöfnum.

John Dempsey, forseti Estée Lauder snytrivöruframleiðendans, tekur svo djúpt í árina og sagði hann nýlega að öryggisreglurnar muni ganga af snyrtivöruiðnaðinum dauðum. Benti Dempsey til dæmis á að ekki væri einu sinni leyfilegt að taka með sér gloss í flugvélar. Ekki er þó enn vitað hversu lengi öryggisreglurnar verða í gildi þannig að snyrtivöruiðnaðurinn gæti enn átt von.

*- sha*



Hryðjuverk ógna ekki bara ríkisstjórnum Vesturveldanna heldur einnig snyrtivöruiðnaðinum.

## Marie Antonette

KVIKMYNDIN MARIE ANTONETTE HEFUR VALDIÐ STRAUMHVÖRFUM Í TÍSKUHEIMINUM.

Eftir frumsýningu kvikmyndarinnar hafa hönnuðir leitast við að innleiða 18. aldar tísku inn í nútímann. Tilraunirnar virðast hafa borið árangur hvort sem horft er til haustlínu Ralph Lauren, Beau Brummel hjá Chanel eða Jean Paul Gaultier, þar sem greinilegra áhrifa gætir frá kvikmyndinni um drottninguna umdeildu. Klæðskerasaumaðir jakkar, tölur úr málmi, leðurstígvél og skyrtur með löngum blúnduermum voru meðal þess sem var áberandi á sýningarpöllunum.

*- rve*



Þessi flík er undir áhrifum frá 18. aldar tísku. MYND/GETTYIMAGES






Natalie Portman hefur getið sér gott orð fyrir leik og þykir smekkleg í fatavali. Hér klæðist hún svörtu sem verður áberandi í haust.MYND/GETTYIMAGES

# Sagt skilið við liti

***Með hausttískunni í ár er horfið til nokkuð lágstemmdari litbrigða en ríkt hafa í sumar.***

Eftir litríkt sumar, þar sem ólíklegustu litum, mynstrum og fatasamsetningu hefur verið blandað saman, tekur við lágstemmt litaval í haust.

Svart og hvítt er ávallt í tísku, þó miskmikið eftir árum og árstíma en verða ríkjandi seinni hluta ársins. Litadýrðin hverfur með haustinu



Hér sjást föt eftir hönnuðinn Stefano Pilati fyrir haust- og vetrarlínu Yves Saint Laurent. MYND/GETTYIMAGES



Kremað með gylltu mynstri. Þessi fallegi kjóll var til sýnis á Valentino tískusýningunni.MYND/GETTYIMAGES

eins og laufin af trjánum þannig að þeir sem eru komnir með nóg af fatnaði og fylgihlutum í æpandi appelsínugulu og skærgrænu ættu að geta tekið gleði sína.

Eitthvað verður þó um liti, enda ekki hægt að skilja þá litaglöðu eftir á ystu nöf. Litirnir verða aðallega í dempaðri kantinum og má þar helst nefna kremaða liti sem fara einstaklega vel með svörtu og hvítu. Fjólublár fær að fljóta með hausttískunni enda myndar hann skemmtilegt mótvægi gegn ríkjandi áhrifum og hressir upp á haustið. *-rve*

## Nýtt Prada Men ilmvatn

PRADA TÍSKUHÚSIÐ HEFUR SENT FRÁ SÉR NÝTT ILMVATN FYRIR KARLMENN SEM SKARTAR AFAR FLOTTRI HÖNNUN.



Karlmenn eiga fyrir löngu að vera hættir að kalla ilmvötn rakspíra þó að sumum finnist það karlmannlegt, enda mikill munur á After Shave (rakspíri) og Eau de Toilette (ilmvatn).
Flestir karlmenn eru líka farnir að spá mikið í þeim ilmvötnum sem þeir bera og eiga jafnvel margar gerðir.
Einn áhugaverður kostur fyrir áhugasama karlmenn um ilmvörn er nýjasti ilmur Prada tískuhúsins. hann heitir því einfalda nafni Prada Men og mun innan tíðar koma á markaðinn. ILmurinn skartar líka flottri hönnun sem er einmitt nátengd þessari „hræðslu“ karlmanna við ilmvötn. Hugmyndin að pumpinni sem dælir út ilminum er fengin frá gamaldags kvenmannsilmum sem voru í flöskum sem höfðu stórar loftpumpur. Karlmenn þurfa þó ekki að hræðast, króm og hvassar línur gera ilmvatnsflöskuna nógu karlmennlega til þess að karlmenn fari ekki að finnast þeir of kvenlegir. *- sha*

# Ilmur af gulu sumri

***Í júlí verða fáanlegar sérstakar sumarvörur í Verbena línu L´Occitane sem framleiddar eru í takmörkuðu upplagi.***

Vörur þessar anga af hressleika sumarsins en þær eru úr lífrænum verbena ekstrakt, sítrónum frá Sikiley og ítölskum greipávöxtum. Í línunni er hægt að fá hand- og líkamssápu sem er sérlega falleg því hún er í laginu eins og sítrónulauf, ferðailmkerti sem fælir burt flugur, sturtugel og ilmvatn. Gulur er litur allra þessara vara og minna þær því óneitanlega á sól og sumar. Sítrusilmur er líka talinn hafa hressandi hughrif og því ilmar maður ekki bara vel af þessum vörum, heldur líður einnig vel með sítruslyktina í vitunum.



Sumarvörurnar anga af hressleika sumarsins.





GEGGJUÐ ÚTSÖLULOK

á Laugaveginum

allt að 70% afsláttur





| Herradeild: | | Dömudeild: | | Diesel Barnadeild | |
|---|---|---|---|---|---|
| gallabuxur | frá kr. 2.990 | gallabuxur | frá kr. 3.990 | gallabuxur | frá kr. 3.490 |
| jakkar | frá kr. 2.990 | jakkar | frá kr. 2.990 | peysur | frá kr. 1.490 |
| peysur | frá kr. 1.990 | peysur | frá kr. 1.590 | bolir | frá kr. 990 |
| bolir | frá kr. 990 | toppar | frá kr. 990 | skór | frá kr. 2.990 |
| Diesel skór | frá kr. 3.990 | skór | frá kr. 1.990 | | |
| | | stígvél | frá kr. 3.990 | | |

HAPPDRÆTTI
Allir sem versla hjá okkur laugardag og sunnudag geta verið með í happdrætti.
Í vinninga eru
4 x 25.000 kr. gjafabréf
í verslunum NTC

OPIÐ
LAUGARDAG - 11 - 21
SUNNUDAG - 13 - 18

galleri sautján
Laugavegi 91

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# LISTAGÓÐ MENNINGARNÓTT 2006

LAUGARDAGINN 19. ÁGÚST



# TÓNLISTARVEISLA LANDSBANKANS

## BENNI HEMM HEMM ÁSAMT FRÍÐU FÖRUNEYTI

*Ljósmynd/Silja Magg*

**Landsbankinn býður gestum Menningarnætur upp á veglega dagskrá í ár en bankinn hefur frá upphafi verið sérlegur bakhjarl hátíðarinnar. Í ár verður bankinn með hljómsveitir á tveimur sviðum, á aðalsviðinu við útibúið í Austurstræti 11 og hitt sviðið við Laugaveg 77. Dagskráin á aðalsviðinu hefst kl. 16 og þar koma meðal annars fram Íslenski dansflokkurinn, Gunni og Felix sem skemmta börnunum, Guitar Islancio, Baggalútur og Mezzoforte sem kemur saman í upprunalegri mynd í fyrsta sinn í 20 ár. Benni Hemm Hemm stígur á svið kl. 21 en hann sló rækilega í gegn fyrr á árinu þegar hann hlaut tvenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum, annars vegar fyrir bestu plötu ársins í flokknum „ýmis tónlist“ og hins vegar Bjartasta vonin í íslenskri tónlist. Verðlaunin hlaut hann fyrir frumburðinn Benni Hemm Hemm sem er mestmegnis heimatilbúin plata sem Benni gaf út sjálfur.**

### MEÐ NÝTT EFNI

Benni Hemm Hemm mætir galvaskur til leiks á Menningarnótt þar sem hann mun spila nýtt og gamalt efni í bland. „Já, við erum búin að taka upp heila plötu og munum spila lög af henni. Ég ætla að gefa hana út á Íslandi í desember. Þetta verður jólaplatan í ár,“ segir Benni glaður með nýju plötuna. „Ég er mjög ánægður með hana, hún er svolítið frábrugðin hinni, ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því en hljómurinn er einhvern veginn dimmari og lögin öðruvísi.“ Benni gefur plötuna út sjálfur á Íslandi en hin þekkta þýska plötuútgáfa Morr mun gefa hana út í Evrópu og Bandaríkjunum. Benni er einmitt nýkominn frá tónleikaferðalagi um Þýskaland með hljómsveitinni. Benni hefur til liðs við sig stórsveit hlaðinni miklu hæfileikafólki. Það eru tíu til tólf manns sem spila á trommur, bassa, gítara, básúnur, trompeta, kornett, klukkuspil og slagverk. „Það er svolítil rótering í bandinu af því að það komast ekki alltaf allir á sama staðinn á sama tíma. Þess vegna æfum við voðalega sjaldan, en það er mjög góð æfing að spila svona stanslaust í heila viku eins og við vorum að gera úti, þannig að hljómsveitin verður í fínu formi á laugardagskvöldið,“ lofar Benni ánægður með Þýskalandsferðina.

### FRÁBÆRT AÐ SPILA Á MENNINGARNÓTT

Benni segir að það leggist frábærlega í hann að fá að spila á Menningarnótt. „Ég hef eiginlega aldrei verið niðri í bæ á Menningarnótt eftir að þetta varð svona risastórt dæmi þannig að ég veit varla við hverju ég á að búast. Mig hlakkar mikið til að spila fyrir fólkið og það er mjög skemmtilegt að fá að spila nýju lögin fyrir svona marga þar sem allir skilja textana,“ segir Benni en nýju lögin eru á íslensku. Mest spiluðu lögin hans Benna eru „I can love you in a wheelchair baby“ og perlan „Til eru fræ“ eftir Hauk Morthens. „Mig dreymdi að ég væri að spila þetta lag í kokteilboði og það var hljómsveit að spila það í þessum fíling, þess vegna tók ég það upp,“ útskýrir hann. Útsetning Benna fékk mjög góð viðbrögð og hann lofar að spila það á tónleikunum.

Sviðið verður staðsett við hornið á Austurstræti og Pósthússtræti og vísar í áttina að krossgötunum og að Dómkirkjunni. Það má búast við að fólk muni flykkjast til að sjá þessa einstöku tónleika þannig að á Austurvelli verður risakjár, hljóðkerfi og góð stemning eins og á alvöru útitónleikum, frá kl. 20 og þar til Mezzoforte lýkur tónleikadagskránni. *-hbv*

### HITT SVIÐIÐ: UNG OG FERSK BÖND

Á hinu sviðinu við Laugaveg 77 munu tíu ungar og ferskar hljómsveitir stíga á svið. Capybara hefja tónleikana kl. 14 en síðan koma fram Benny Crespo´s Gang, Bogomil og Flís, Jan Mayen, Jakóbínarína, Skátar, Hairdoctor og Reykjavík! en Jeff Who? endar tónleikana kl. 17.15. Hugmyndin var að búa til svið með tónlistarmönnum sem höfða kannski hvað helst til yngra fólks og breikka þannig flóru tónlistarmanna sem bankinn býður fólki að hlýða á.

GEFIÐ ÚT AF REYKJAVIKMAG / 365 PRENTMIÐLAR
ÁBM. ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON
EFNI HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR OG KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR
HÖNNUN REYKJAVIKMAG / HELGA GUÐNÝ ÁSGEIRSDÓTTIR







# PARTÍ , SÚPA & STÓLAR

Hönnunarverslunin Pikknikk hefur vakið mikla lukku í sumar en verslunin hefur haft aðsetur í „Brooklyn“ hverfi Reykjavíkur – Mýrargötunni – undanfarna þrjá mánuði. Pikknikk er eins konar lífsstíls/hönnunar/matarverslun og er hugarfóstur Áslaugar Snorradóttur ljósmyndara og Hlínar Helgu Guðnadóttur hönnuðar. Þær bjóða upp á vörur eftir þekkta íslenska iðnhönnuði og þar gefur að líta allt frá súkkulaðifjöllum og lopapeysum upp í innanhússmuni, bækur og mat. En allir góðir hlutir taka enda og því er Menningarnótt síðasti opnunardagur Pikknikks, sem mun þó líklega fara í aðra lautarferð fyrr en síðar á öðrum stað. Í dag verður því allsherjar lokapartí í Héðinsporti, Seljavegi 2 frá klukkan 18-22. Dásamleg fiskisúpa verður borin fram í fögrum pappaglösum og partíið myndað fyrir Súpubókina sem beðið hefur verið með eftirvæntingu. Gestum gefst tækifæri á að sitja í ævintýralegum stólum sem hver á sína sögu. Stólar sem listamenn af ýmsum toga hafa skreytt og breytt, listamenn eins og Helgi Þorgils, Tolli, Birgir Snæbjörn og margir fleiri.

**PIKKNIKK / SELJAVEGI 2 / 101 REYKJAVÍK**



# LJÓSADÝRÐ Á HAFI ÚTI

Orkuveita Reykjavíkur heldur veglega flugeldasýningu á Menningarnótt en hún verður með nýstarlegu sniði í ár. Sýningin verður ekki á Hafnarbakkanum eins og áður heldur mun Landhelgisgæslan sigla með tertur og flugelda á haf út og verður þeim skotið af Varðskipinu Ægi sem liggur við akkeri rétt utan við Sæbrautina. Stundvíslega kl. 21.31 mun Hjálparsveit skáta skjóta upp púðrinu og má búast við miklu sjónarspili. Flugeldasýningin hefur verið hápunkturinn á Menningarnótt undanfarin ár. Með henni lýkur opinberri dagskrá Menningarnætur.



# DANS GLEÐI & SKÖPUN!

Það er nóg að gerast í porti Alþjóðahússins á Menningarnótt. Á milli klukkan þrjú og fimm fá börn að læra að búa til eigin hljóðfæri og vinna með þemað tröll og þjóðsögur. Þau fá að horfa á trölladans og fá meira að segja að bragða á trölladrykk! Klukkan fimm fara börnin í skrúðgöngu með hljóðfærin sín undir stjórn Unnar Guðjónsdóttur ballettkennara sem mun leiða fjörugan hópinn alla leið yfir í Listasafn Íslands, en þar fá þau að hengja upp listaverkin sín og hlusta á tröllasögur. Á milli fimm og sjö geta gestir og gangandi notið ljúfrar djasstónlistar í porti Alþjóðahússns, en svo byrjar fjörið fyrir alvöru þegar dansdagskrá næturinnar hefst. Félagar úr Taílensk-íslenska vinafélaginu sýna okkur taílenska dansa klukkan sjö, en klukkan átta koma Vinir Ghana og kenna fólki að dansa allskyns dansa frá Afríkuríkinu. Klukkan níu byrjar danshátíð frá Balkanskaga með danshópi frá Búlgarska félaginu. Það er svo hinn suður-ameríski Carlos Sanchez sem lýkur dagskránni með því að kenna Íslendingum að dansa almennilegan salsa, og suðrænir tónar munu án efa óma frá Alþjóðahúsinu langt fram á rauða menningarnótt.

**ALÞJÓÐAHÚSIÐ / HVERFISGATA 18 / DAGSKRÁ FRÁ KL. 15.00 TIL MIÐNÆTTIS.**




## *Ekki missa af neinu*

**ÖLL DAGSKRÁIN Á ÍSLENSKU OG ENSKU**

Öll dagskrá Menningarnætur fylgdi með Fréttablaðinu á fimmtudaginn í handhægu riti sem þú getur kippt með þér í bæinn. Dagskrá er einnig að finna á vefnum www.menningarnótt.is. Þar hefur Gagarín í samstarfi við Reykjavíkurborg unnið að einstakri framsetningu dagskrárinnar „í tíma og rúmi“ þar sem fólk getur sett saman sína eigin dagskrá. Einnig er hægt að nálgast alla dagskrána á ensku í nýjasta eintaki ReykjavikMag sem er dreift á helstu upplýsingamiðstöðvum, söfnum, búðum og kaffihúsum í miðborginni. ReykjavikMag og vefurinn Reykjavik.com er gátt inn í heimsborgina Reykjavík og eru lifandi, traustar og skemmtilegar upplýsingaveitur um alla þá menningarviðburði, tónleika, skemmtistaði, veitingastaði, söfn, gallerí, tísku, verslanir, næturlíf og afþreyingu sem þar er að finna. Þar eru einnig fáanlegar upplýsingar sem snúa að þjónustu fyrir ferðamanninn í höfuðborginni – hótel, veitingastaði og afþreyingu.

**SKOÐIÐ DAGSKRÁNA VEL – ÞAR ER EITTHVAÐ FYRIR ALLA. GÓÐA MENNINGARNÓTT!**

*Á Eilandstónleikunum verður kassagítarinn í aðalhlutverki að útilegusið.*



## *Huggulegt fjörubál í Gróttu og síðasti séns að sjá*

# EILAND

Á Menningarnótt verður mikil tónlistardagskrá í Gróttu sem hefst kl. 21. Það eru þau Paul Lydon og Kira kira sem halda tónleikana í tengslum við sýninguna Eiland. Tónleikarnir verða við Kaffi Eiland þar sem hægt verður að kaupa kaffiveitingar, öl og vín og er aðgangur ókeypis. Kveikt verður fjörubál í Gróttu og er ætlunin að skapa huggulega og afslappaða stemmningu í útjaðri höfuðborgarinnar, en tónleikunum mun ljúka um miðnætti. Paul og Kira eru bæði miklar hetjur í framsækinni íslenskri tónlist. Kira er ein aðaldriffjöðurin í starfsemi Tilraunaeldhússins og hefur haldið tónleika og myndlistasýningar víða um heim. Paul Lydon hefur verið viðriðinn íslenskt tónlistarlíf síðan hann fluttist hingað frá Boston seint á níunda áratugnum. Tónlist Paul er seiðandi, einlæg og áleitin og semur hann einhverja fallegustu íslensku texta sem heyrst hafa hin síðari ár. Kira hefur mest unnið sem raftónlistarmaður en á Eilandstónleikunum á menningarnótt verður kassagítarinn í aðalhlutverki að útilegusið.

Í vitanum í Gróttu hefur listsýning fimm listamanna staðið frá því um miðjan júlí, undir yfirskriftinni Eiland. Listamennirnir eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Haraldur Jónsson, Friðrik Örn Hjaltested og Hrafnkell Sigurðsson. Á menningarnótt eru síðustu forvöð að líta á sýninguna því hún verður tekin niður daginn eftir. Opið er frá kl. 19.00 í Eilandi til kl. 1 eftir miðnætti þegar byrjar að flæða að.




# 22:31

Flugeldasýning Orkuveitu Reykjavíkur á Menningarnótt verður með nýstárlegu sniði í ár.

Laugardagskvöldið, 19. ágúst, kl. 22:31 stundvíslega mun Hjálparsveit skáta

skjóta upp púðri af Varðskipinu Ægi sem liggur við akkeri rétt fyrir utan Sæbrautina.

Mætið og fagnið með okkur listagóðri Menningarnótt í höfuðborginni.

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGL+SINGASTOFAN EHF./SIA.IS

# GÁMAFÉLAGIÐ KEMUR TIL HJÁLPAR



**Skipuleggjendur Menningarnætur hafa notið liðsinnis fjögurra ungra menningarpáfa sem sett hafa mark sitt á dagskrána í ár. Lára Jóhanna Jónsdóttir, Ólöf Haraldsdóttir, Hilmir Jensson og Sigurður Arent Jónsson voru úrræðagóð og hugmyndarík fyrir en hafa lært heilmikið af öllu tilstandinu í sumar.**

„Þetta kom nú eiginlega til þannig að við sóttum um Skapandi sumarstörf hjá Hinu húsinu en fengum ekki úthlutað þar," segir Hilmir og Sigurður bætir við að verkefnisstjóri Hins hússins, Ása Hauksdóttir, hafi síðan bent Höfuðborgarstofu, sem heldur utan um skipulagningu Menningarnætur, á starfskrafta þeirra. „Við höfum ágætis yfirsýn yfir það sem ungt fólk er að gera í listinni því við höfum öll starfað eitthvað að menningarmálum," útskýrir Sigurður en hópurinn sem kallar sig Gámafélagið hefur starfað einnig á vegum Hins hússins. „Því var ákveðið að við bættum okkar sýn við dagskrá Menningarnætur. Við byrjuðum með fundum og alls kyns hugmyndavinnu og svo höfum við verið í allskonar snatti og í þessum praktísku hlutum," segir Sigurður.

Hilmir segir að markmið hátíðarinnar í ár hafi verið að breikka aldurshópinn sem sækir hana. „Hópurinn á aldrinum 16-24 ára hefur alltaf verið mesti vandræðahópurinn sem hangir niðri í bæ og við reyndum að finna lausn á því hvernig hægt væri að dreifa þessum hóp og virkja hann til þátttöku – í staðinn fyrir að vera passívir þátttakendur reynum við að fá þau til að taka þátt," segir hann.

Meðal þeirra dagskrárliða sem verða sérstaklega sniðnir að fyrrgreindum aldurshópi er heilmikið húllumhæ sem nokkrir framhaldsskólanna í Reykjavík skipuleggja í Iðnó og stendur allan daginn. Þar verður til dæmis vegleg ljósmyndasýning og ræðukeppni þar sem þjóðþekktir mælskusnillingar takast á og dágóður skammtur af músík – hvort heldur er pönk eða klassík, auk þess sem settar verða upp leik- og tískusýningar.

„Við komum líka með tillöguna að svokölluðu „open mike" sviði sem verður á Ingólfstorgi en þar geta hljómsveitir troðið upp sér að kostnaðarlausu," segir Ólöf en allar græjur verða á staðnum fyrir tónlistarfólk.

Hilmir bendir á sérstaka dagskrá í tengslum við sviðlistahátíðina Art Fart sem stendur yfir í húsnæði kenndu við Ó. Johnsson & Kaaber við Sætún. „Það er Samband ungs sviðlistafólks, SUS, sem stendur fyrir henni og þar verður opið hús á Menningarnótt og sýningar á hálftíma fresti." Lára bendir einnig á ljóðakvöld sem ný upprisna útgáfufyrirtækið Nykur stendur fyrir í Hallargarðinum.

Þetta er búinn að vera mjög viðburðaríkur tími hjá hjálparkokkunum og nú er lokaspretturinn hafinn. „Við komumst fljótt að því að þetta er aðeins meiri vinna en maður hugsaði sér. Öll þessi samskipti taka sitt og maður verður að huga að viðbragðstímanum líka," segir Hilmir. „Þetta er samt búið að vera æðislega gaman," bætir Sigurður við og Ólöf áréttar að einstaklega góður andi ríki í kringum hátíðina. „Hér er enginn pirringur og stress og það var alls staðar tekið vel á móti okkur. Allir eru viljugir að láta hlutina ganga upp."

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM HÁTÍÐINA OG SPENNANDI DAGSKRÁRLIÐI MÁ FINNA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.MENNINGARNOTT.IS.**




Hve marga þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK lifandi afl

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS


# FÚTT Í GALLERÍ FOLD



Dagskrá Gallerís Foldar verður með litríkara móti og líkt og fyrri ár geta gestir reynt á lukkuna og tekið þátt í listaverkahappdrætti þar sem íslensk myndlist er í verðlaun. Fyrsta Listahappið fer fram kl. 13.45 en dregið verður á hálftíma fresti, alls sautján sinnum yfir daginn en allir gestir fá happdrættismiða og geta tekið þátt.

Dagskráin við Rauðarárstíginn hefst kl. 13 en þá verður opnuð sýning á verkum eftir Þorvald Skúlason en sýningin er haldin í tilefni að 100 ár eru liðin frá fæðingu listamannsins. Í hliðarsal verður einnig opnuð sýning á verkum eftir Kjartan Guðjónsson.

Listamenn munu sýna handverk sitt og vinnu, til dæmis mun Aðalbjörg Þórðardóttir vinna við olíumálun kl. 16 og Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sína þrykkvinnu kl. 17.

Síðdegis mun Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari flytja létt lög við undirleik en hann hefur áður troðið upp í Galleríi Fold við glimrandi undirtektir.

Líkt og í fyrra mun Guðbjörg Káradóttir hafa umsjón með listasmiðju fyrir börn og leiðbeina þeim á um klukkustundarlöngu námskeiði í skemmtilegri listsköpun. Námskeiðið er ætlað börnum 12 ára og yngri og hefst hið fyrsta kl. 13.15.

Laust eftir klukkan fimm verður síðan tendraður varðeldur í Listaportinu og munu skátar sjá um fjölskylduskemmtun og síðar um kvöldið verða gömlu dansarnir stignir við undirleik Hljómsveitar Hjördísar Geirsdóttur.




TEMPUR®

# STÓRGLÆSILEG ÁGÚSTTILBOÐ Á TEMPUR OG STILLANLEGUM RÚMUM



Að sofa er eitt, að hvílast er annað. Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI



# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

# VELKOMIN TIL STOFU



**Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, skáld og tónlistarmaður, heldur Stofutónleika í bókasal Þjóðmenningarhússins kl 16, 17, 18 og 20.**

**HVAÐ ERU STOFUTÓNLEIKAR?**

Það eru heimilislegir tónleikar. Þessir heita það af því að þeir byrjuðu í stofunni heima hjá mér fyrir nokkrum árum. Anna Pálína, konan mín, var með mér þá en ég hef haldið uppi merki tónleikanna síðan. Nafnið hefur því haldist þó ég hafi flutt mig um set í aðra stofu. Þetta er með heimilislegum brag og mikilli nánd við áhorfendur. Ég sé reyndar að fleiri eru að taka þetta nafn upp og það er gaman að það skuli vera að festa sig í sessi.

**HVERT ER UPPHAFIÐ AÐ ÞESSUM TÓNLEIKUM?**

Við hjónin vorum búsett í miðbænum og þetta var bara einhver hugdetta einn daginn að halda tónleika heima í stofu. Þannig að þetta var bara skyndiákvörðun sem okkur fannst ekki hægt að snúa til baka með. Við seldum síðan húsið árið eftir fyrstu tónleikana og fluttum okkur í Hljómskálann í Hljómskálagarðinum en þar höfðu þá ekki verið haldnir tónleikar í áratugi og svo varð Þjóðmenningarhúsið fyrir valinu og ég er mjög ánægður með samstarfið við það. Við verðum að sjálfsögðu á þjóðmenningarlegum nótum, sem fylgir náttúrlega stemningunni við húsið.

**HVAÐ HAFA VERIÐ HALDNIR MARGIR STOFUTÓNLEIKAR?**

Þetta eru sjöttu tónleikarnir í röð, en þeir fylgja þessu árhundraði þar sem fyrstu tónleikarnir voru árið 2001. Mætingin verið mjög góð og troðfullt öll árin þannig að það hefur verið alveg úrvalsmæting.

**KEMURÐU TIL MEÐ AÐ FLYTJA FRUMSAMIÐ EFNI?**

Þetta er að stórum hluta frumsamið efni og ýmsir tónlistarmenn eru með mér og þeir tengjast mér allir á einhvern hátt. Fólk, sem maður þekkir eins og á að vera heima í stofu, eins og Guðrún Gunnarsdóttir, sem ég hef starfað talsvert með í gegnum tíðina; Sigurður Flosason, einn af mínum helstu samstarfsmönnum í tónlistinni en við sendum frá okkur tvöfaldan geisladisk fyrr á árinu sem heitir Hvar er tunglið? Þar söng Kristjana Stefánsdóttir tónsmíðar Sigurðar við ljóð eftir mig. Gunnar Gunnarsson píanóleikari er líka með mér og hann hefur starfað mikið með mér að barnaefni sem verður einnig að finna á þessum tónleikum en þeir eiga einmitt að spanna allan aldurshópinn.

**MEGA GESTIR TAKA UNDIR Í SÖNGNUM?**

Já, þeir mega taka undir allt sem þeir kunna, enda lagt upp úr því að það sé þægileg og heimilisleg stemning.

**HVAÐ ERU HVERJIR TÓNLEIKAR LANGIR?**

Hverjir tónleikar eru ekki nema rúmur hálftími, enda fólk á ferðinni um miðbæinn og vill kannski ekki stoppa mjög lengi á hverjum stað. Tónleikarnir eru ólíkir innbyrðis. Það er misjafnt hverjir koma fram og hvaða efni er notað. Við horfum yfir hópinn og sjáum hvað passar samsetningu gestanna hverju sinni. Talsvert af fólki kemur á hverju ári og það er gaman að sjá en eins er alveg frábært að sjá ný andlit þannig að gamlir og nýir gestir eru hjartanlega velkomnir.


60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.




- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




## *Hið mikla maraþon ... í lestri*

Undanfarið hefur staðið yfir heljarinnar lestrarmaraþon á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur og á Menningarnótt verður haldin uppskeruhátíð í Grófarhúsinu þar sem góðir gestir líta við.

**3. Cujo (1983).** Meinleysislegur Sankti Bernharðs-hundur fær hundaæði þegar hann er bitinn af leðurblöku og snýst gegn eigendum sínum. Myndin er byggð á sögu rithöfundarins Stephens King, en þess má geta að blanda eggjahvítu og sykri var smurð á skolt hundsins svo að hann liti út fyrir að froðufella. Bragðið gafst ekki vel því hundurinn sem lék í myndinni sleikti hana í sífellu í burtu, þar sem honum þótti hún svo góð.

**4. Arachnophobia (1990).** Afrísk risakönguló, með smekk fyrir mannakjöti, er fyrir slysni flutt úr sínu náttúrulega umhverfi til bandarísks smábæjar, þar sem hún tekur að fjölga sér. Fyrr en varir er bærinn undirlagður af blóðþyrstum áttfætlingum.

**5. Day of the Animals (1977).** Umhverfisáróðurinn hefur sjaldan verið eins áberandi eins og í þessari mynd, þar sem göngugarpar berjast fyrir lífi sínu í skógi uppfullum af dýrum sem hafa orðið mannskæð í kjölfar umhverfisslyss. „Náttúran snýr vörn í sókn!", var ein setning sem var látin lýsa myndinni.




# UPPÁHALDSSTAÐURINN

## *Heima hjá fjölskyldunni*

„Uppáhaldsstaðurinn er Vestmannaeyjar í tuttugu stiga hita og sól. Ég er frá Eyjum og þar býr öll mín fjölskylda og vinir," segir Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona og er þá spurð hvers hún sakni mest frá Eyjum. „Ég sakna náttúrulega fjölskyldunnar og þess að vera frjáls í Eyjum og geta labbað út um allt. Svo sakna ég Hásteinsvallar sárt og fjallanna í kring. Ég reyni að sjálfsögðu að fara alltaf á Þjóðhátíð," segir Margrét Lára.



Margrét Lára, knattspyrnukona sem spilar með Val, saknar Hásteinsvallar í Eyjum.

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

Í dag frá kl. 11-17 og 20-23
sunnudag frá kl. 11-17

## VISSIR ÞÚ...

... að þegar breski heimspekingurinn Jeremy Bentham dó árið 1832 gaf hann líkama sinn sjúkrahúsi Lundúnaborgar? Hann setti hins vegar það skilyrði fyrir gjöfinni að beinagrind hans og vaxmynd af andliti hans yrði viðstatt alla fundi stjórnar sjúkrahússins. Þessari hefð hefur verið viðhaldið í yfir 170 ár.

... að þegar rithöfundurinn Thomas Hardy lést árið 1928 var aska hans grafin í Westminster Abbey? Hins vegar stal köttur fjölskyldunnar hjarta hans. Þegar það fannst nokkru síðar var það jarðað í Stinson á Englandi.

... að á Viktoríutímanum voru gestir kirkjugarðs New York borgar rukkaðir um aðgangseyri og gátu fengið leiðsögn í gegnum garðinn?

... að í gæludýrakirkjugarðinum í Hanover Park í Illinois ríki í Bandaríkjunum, geta eigendur gæludýranna fengið að láta jarða sig við hlið vina sinna?

... að í Hamilton grafhýsinu í Skotlandi er fimmtán sekúndna langt bergmál? Ein rödd getur því hljómað líkt og heill kór.

... að til eru margar skondnar setningar á legsteinum?

... að á legsteini í Moultrie í Georgíuríki stendur: „Hér liggur faðir 29 barna. Hann hefði getað átt fleiri en hafði ekki tíma til þess."

... að á legsteini Friðriks prins af Wales stendur: „Hér liggur Fred ... Sem lifði, og er nú dáinn, um það er ekki meira að segja."

... að á legsteini í Uniontown í Pennsylvaníuríki stendur: „Hér liggur líkami Johnathon Blake, sem steig á bensínið í stað bremsunnar."

... að á legsteini leikkonunnar Joan Hackett stendur: „Joan Hackett: 1934-1983. Farðu burt – ég er sofandi."

... að á legsteini í Oak Woods kirkjugarðinum í Chicago stendur: „Sko, ég var víst veikur."

... að á legsteini í Huddersfield kirkjugarðinum á Englandi stendur: „Hér liggur líkami Emily White, sem gaf stefnuljós til vinstri og beygði til hægri.

... að á legsteini í kirkjugarði í París stendur. „Eiginmaður: Ég bíð þín með óþreyju, 1827." „Eiginkona: Hér er ég, 1867."




vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



Danslistarskóli JSB

Jazz Contemporary Ballett

**Jazzballett – Almenn braut**
Eigum nokkur pláss laus fyrir byrjendur og framhaldsnemendur.
Innritun stendur yfir í síma **5813730**.
Einnig er hægt að nálgast umsóknir og frekari upplýsingar á vefnum www.jsb.is

**Nemendur athugið!**

Kennsla hefst 6. september samkvæmt stundarskrá.

Stundaskrá verður birt á www.jsb.is 21.ágúst.

**Kennslustaðir:**

- Danslistarskólinn í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.
- Danslistarskólinn í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.

DANSRÆKT JSB Danslist

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS**



OFURHLAUPARINN Ágúst Kvaran í 100 kílómetra hlaupi í Cleder í Frakklandi árið 2001.

## Ef maður hlypi stanslaust í sólarhring myndi þá líða yfir hann?

Afleiðingar þess að hlaupa í heilan sólarhring eru háðar líkamlegu ástandi hlauparans sem og aðstæðum við hlaupið. Illa þjálfuðum einstaklingi sem ofreyndi sig á hlaupum, jafnvel í skemmri tíma en á 24 klukkustundum, gæti vissulega orðið það um megn og hann fallið í yfirlið. Þess eru þó fjölmörg dæmi að hlauparar hafi hlaupið samtals í 24 klukkustundir og jafnvel lengur án þess að hafa orðið meint af, svo að svar við þessari spurningu er ekki einhlítt.

**Eldsneyti hlauparans**

Langhlaup sem og aðrar úthaldsíþróttir reyna verulega á líkamlegt atgervi. Hlaupari þarf orku til að knýja líkama sinn áfram, rétt eins og bílar fá orku við að brenna bensíni eða dísilolíu. „Eldsneyti" hlauparans er fengið úr fæðunni og það geymt í vefjum líkamans. Orkan losnar úr læðingi við kerfisbundinn bruna viðkomandi efna í frumum líkamans. Sá bruni gerist fyrir tilstilli súrefnisins sem við öndum að okkur í sífellu.

**Þörf á viðbótarorku**

Hæfni hlaupara til að stunda langhlaup felst því að verulegu leyti í því að geta framkvæmt slíkan bruna stöðugt og á sem skjótastan hátt meðan á hlaupi stendur. Vel þjálfaður langhlaupari hefur þróað með sér líkamsbyggingu og vöxt sem hámarkar þessa getu. Þó eru því takmörk sett hversu mikið eldsneyti mannslíkaminn getur geymt, alveg eins og eldsneytistankur í vélknúnum farartækjum er takmarkaður. Margra klukkustunda langhlaup kalla því á viðbótarorkubirgðir meðan á hlaupi stendur. Þess vegna er mikilvægt að hlaupari innbyrði næringu á borð við orkudrykki eða auðmelta fæðu meðan á löngu hlaupi stendur. Þar að auki þarf hann nauðsynlega að drekka vatn til að bæta fyrir vökvatap vegna svita.

**Maraþon og ofurmaraþon**

Með réttri þjálfun, mataræði og ástundun er því unnt að leggja stund á langhlaup sem tekið geta margar klukkustundir. Til marks um slík hlaup eru maraþonhlaup sem stunduð eru víða um heim af fjöldamörgum áhugahlaupurum. Maraþonhlaup er samtals 42,2 km og getur tekið nokkrar klukkustundir (oft 3-6). Auk þess er talsvert um að fólk stundi svonefnd ofurmaraþonhlaup, en svo nefnast hlaup sem eru lengri en hefðbundin maraþonhlaup. Þekktasta hlaup af því tagi hérlendis er Laugavegshlaupið, þar sem hlaupið er frá Landmannalaugum til Þórsmerkur, um 55 km leið í fjalllendi. Venjulega tekur slíkt hlaup um 5-10 klukkustundir.

**Enn lengri hlaup**

Víða erlendis eru þekkt enn lengri hlaup, þar með talin svonefnd 24 klukkustunda hlaup, þar sem keppendur reyna að komast sem lengst á þeim tíma. Önnur algeng ofurmaraþonhlaup á erlendri grundu eru 100 km hlaup, 100 mílna hlaup, 48 klukkustunda hlaup, sex daga hlaup og 1000 km hlaup, svo eitthvað sé nefnt. Lengsta skráða keppnishlaup í ofurmaraþoni er 1300 mílna (2092 km) hlaup sem haldið er á vegum Sri Chinmoy-samtakanna í New York á hverju ári, en einstaklingar og hópar hlaupara hafa þreytt enn lengri hlaup!

*Ágúst Kvaran, prófessor í efnafræði við HÍ og ofurhlaupari.*

## Er hafragrautur hollur?

Í fljótu bragði má svara spurningunni hvort hafragrautur sé hollur játandi. Helstu hráefni sem notuð eru í hafragraut eru vatn, sem er lífsnauðsynlegt næringarefni og haframjöl (eða hafraflögur), sem er meðal annars uppspretta flókinna kolvetna og trefja, auk ýmissa vítamína og steinefna.

**Vatnsleysanlegar trefjar**

Einn helsti kostur hafra er hversu ríkir þeir eru af vatnsleysanlegum trefjum sem hafa margvísleg heilnæm áhrif á líkamann. Meðal annars stuðla þær að lækkun blóðkólesteróls, en mikið kólesteról í blóði er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Vatnsleysanlegar trefjar virðast einnig stuðla að lækkuðu blóðsykursvari eftir máltíð og eru þannig taldar geta átt þátt í að sporna við hinum alvarlegu áhrifum sykursýki.

**Salt í grautinn**

Oft er bætt matarsalti í hafragraut, en það er líklega helsti ókostur hans út frá hollustusjónarmiðum. Mikil saltneysla er talin stuðla að háþrýstingi og bjúgmyndun ásamt fleiri einkennum. Þessi ókostur er þó léttvægur samanborið við áðurnefnda kosti hafragrauts þar sem saltmagnið er tiltölulega lítið í flestum uppskriftum, en til að hámarka hollustuna er auðvitað hægt að sleppa því að bæta salti út í grautinn eða nota minna magn. Eins er hægt að nota heldur heilsueða sjávarsalt sem inniheldur fleiri steinefni en venjulegt matarsalt og hefur minni neikvæð áhrif á blóðþrýsting.

**Rúsínur og mjólk**

Rúsínur eru stundum notaðar í hafragraut og mjólk er yfirleitt sett út á grautinn þegar hann er framreiddur. Hvorttveggja eru næringarríkt matvæli og stuðla að frekari hollustu grautsins. Það er því rík ástæða til að mæla með neyslu hafragrauts sem er einfaldur, hollur og ódýr matur.

*Björn Sigurður Gunnarsson, matvæla- og næringarfræðingur.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvaða dýr valda mestum mannskaða með beinum árásum ef frá eru talin skordýr? Hvað getið þið sagt mér um stjörnuávöxt? Hvernig dó Napóleon? Hvað er landafræði? Hvað er vitað um Paul Josef Goebbels áróðursmálaráðherra ríkisstjórnar nasista? Hvers vegna er kríuvarp svo algengt við mannabústaði eða íbúðabyggð? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.




New school year 2006

Elementary schools in Reykjavik will begin on the 22nd of August, 2006.

Check your school's website for more information regarding first school day for 2-10th graders and special welcome programs for 1st graders. Your school's website will also have schedules and lists of the supplies that must be purchased before school begins.

You may also find information by calling the Reykjavik Department of Education at 411-7007 or 411-7000 or on the website www.grunnskolar.is

Reykjavikurborg Menntasvið

VARNARLIÐSSALA GEYMSLUSVÆÐISINS

UPPBOÐ

Sunnudaginn 20. ágúst kl. 15:00

verður hadið uppboð á ýmsum munum frá Varnarliðinu.

Öllum er heimil þátttaka

Meðal þess sem boðið verður upp er:

stólar - innrammaðar landslagsljósmyndir - sófar
stálskápar - gólfmottur - skrifborð - sjónvarpsskápar
kommóður - innrömmuð plagöt - speglar
ný rúm með innbyggðum skúffum

auk þess ýmislegt óvænt og spennandi

Greiðsla við hamarshögg
- tökum öll helstu kreditkort og beinharða peninga

NÝKOMIÐ:
- Margar gerðir af ónotuðum og lítið notuðum stólum, fyrir stofnanir, stofuna, skrifstofuna eða unglingaherbergið
- Glæsileg rúm með innbyggðum skúffum, tilvalin í unglinga- eða barnaherbergið

Nýjar vörur í hverri viku - alltaf eitthvað nýtt og spennandi

GEYMSLUSVÆÐIÐ

Komið og gerið góð kaup

Varnarliðssalan Sigtúni 40

Opið:

| | |
|---|---|
| Fimmtudaga: | 12:00 - 21:00 |
| Föstudaga og laugardaga: | 10:00 - 18:00 |
| Sunnudaga: | 12:00 - 18:00 |

# Ærinn undirbúningur fyrir skólastarfið

Það er farið að styttast í að grunnskólar landsins hefji vetrarstarf sitt að nýju og undirbúningur kominn á lokastig. Ekki aðeins kennararnir þurfa að vera tilbúnir fyrir komu nemendanna, heldur einnig ýmsir aðrir sem vinna nú að undirbúningi.



**ÞARF VISSA TÆKNI** Viðar Norðfjörð, gangbrautarvörður, stendur á horni Holtavegar og Langholtsvegar þar sem hann aðstoðar nemendur við að komast heilu og höldnu yfir göturnar.

VIÐAR NORÐFJÖRÐ SIGURÐSSON, GANGBRAUTARVÖRÐUR Í LANGHOLTSSKÓLA:

## Allir þurfa að fara eftir reglum

Viðar er búinn að vera gangbrautarvörður í tíu ár og er að hefja sinn ellefta vetur í starfinu. „Það svona skiptast á skin og skúrir í þessu starfi. Upphaflega ætlaði ég að nota hnefaaflið í þetta en síðan lærði ég að það þarf vissa tækni í þetta," segir Viðar. „Ég áttaði mig síðan á því eftir fyrsta árið að það var ekki hægt að skella skuldinni á krakkana eingöngu þegar illa gekk og fór þá að líta mér nær. Eftir það hefur þetta gengið mun betur. Það eru náttúrulega alltaf einhverjir krakkar sem eru erfiðir, eins og gengur," bætir hann við en Holtavegur og Langholtsvegur eru vinnusvæði Viðars. „Það eru ákveðnar leikreglur í samfélaginu og það eru alltaf einhverjir sem eiga erfitt með að fara eftir þeim. Það þarf ekki börn til. Ég segi oft við krakkana að það sé ekki ég sem búi til reglurnar heldur þurfi ég líka að fara eftir þeim. Annars verður maður að passa sig að vera ekki ruddalegur enda vinnst yfirleitt ekkert með því."

Viðar segir andrúmsloftið svolítið mismunandi eftir því hvort hann hitti nemendurna inni á skólalóðinni eða á förnum vegi en þá sé mun léttara yfir þeim.

„Það hafa verið miklar framkvæmdir við skólann í sumar, verið að taka í gegn og breyta kjallaranum, þannig að það er búið að vera mikið um að vera. Starfsfólkið er núna í miklum undirbúningi enda byrjar kennslan á miðvikudaginn þannig að við höfum ekkert ógurlega langan tíma. Hér hafa allir ærinn starfa fram að skólabyrjun," segir Viðar.

ÞRÖSTUR HARÐARSON, FORSTÖÐUMAÐUR MÖTUNEYTIS HAGASKÓLA:

## Krakkarnir duglegir að borða

Þröstur hefur verið forstöðumaður mötuneytisins í Hagaskóla frá því það byrjaði fyrir tveimur árum síðan og hlakkar til að byrja aftur í vinnunni eftir sumarið. „Mér finnst þetta mjög gaman þrátt fyrir að oft sé dálítið agaleysi á krökkunum," segir Þröstur, sem segist ekki vera hrifinn af að skipuleggja matseðil langt fram í tímann. „Ég skipti oft um skoðun ef á þarf að halda og ef ég er ekki nógu ánægður með hráefnið sem er í boði hverju sinni. Annars eru krakkarnir almennt duglegir að borða og spyrja oft mikið um matinn ef þeir þekkja hann ekki vel. Það er bara gaman að því og margir verða miklir vinir mínir."

Þröstur beitir ýmsum aðferðum við að fá nemendur til að bragða á matnum og leyfir þeim jafnvel að smakka matinn í frímínútunum á undan ef þeir eru eitthvað efins. „Þá sleppa þau við að bíða í röðinni til einskis," segir hann og bætir því við að hann sé einnig gítarleikari og spili flestar helgar á böllum víðs vegar um landið. „Það kemur sér mjög vel því ég get notfært mér tónlistina til að ná til krakkanna," segir kokkurinn og popparinn Þröstur Harðarson í Hagaskóla.



**HLAKKAR TIL AÐ BYRJA AFTUR** Þröstur Harðarson, kokkur, leyfir nemendum oft að smakka matinn áður en matartíminn hefst svo þau séu ekki að bíða í röð í mötuneytinu að óþörfu.



**TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA** Þorsteinn Stefánsson, húsvörður, hefur í nógu að snúast í Hlíðaskóla við að halda skólanum heilum og hreinum.

ÞORSTEINN JÚLÍUS STEFÁNSSON, HÚSVÖRÐUR Í HLÍÐASKÓLA:

## Krakkarnir miklir vinir mínir

Þorsteinn er búinn að vera húsvörður í Hlíðaskóla í eitt ár og líkar æðislega vel. „Það er fínt að vera með svona fínu fólki og fullt af frábærum krökkum allan daginn," segir Þorsteinn, sem sér um að sinna skólabyggingunni, sjá um viðhald og fleira. „Það verður að halda skólanum og lóðinni fínum. Ég sé um það ásamt skólaliðunum en þeir sinna krökkunum á daginn og ræsta skólann líka."

Þorsteinn segir það voða misjafnt hvað krakkarnir séu snyrtilegir í skólanum. „Almennt eru krakkarnir alveg frábærir en inn á milli eru skemmd epli sem eyðileggja út frá sér. Annars eru nemendurnir oft miklir vinir mínir. Þeir eru alveg æðislegir og mér finnst það voða mikið atriði að vera ekki neitt upp á kant við þessi grey. Maður er nú bara að þjóna þeim, enda er þetta vinnustaðurinn þeirra," segir Þorsteinn og bætir því við að allt sé á fullu núna við að gera skólann fínan áður en önnin byrjar. „Svo koma þessar elskur og þá verður allt að vera klárt."



**FRÁBÆRT STARF** Áslaug Blöndal, ritari, er ánægð í starfi sínu þar sem hún er í daglegum samskiptum við fólk á öllum aldri.

ÁSLAUG BLÖNDAL, RITARI MELASKÓLA:

## Gaman að vera í nálægð við börn

Mér líst bara alveg rosalega vel á að hefja nýtt skólaár. Ég er mikið farin að hlakka til að fá krakkana í skólann," segir Áslaug, sem hefur það hlutverk að vera andlit og rödd skólans en öll skráning fer fram í gegnum ritarann. „Ég sé um bókhaldið, öll tengsl við kennara og aðra starfsmenn skólans, auk nemendanna og foreldra þeirra," bætir Áslaug við en henni finnst ofsalega fínt að vera í þessu starfi. „Þetta eru líka allt alveg meiriháttar fínir krakkar og ég er í miklum tengslum við þá. Til dæmis koma börnin til mín og bíða ef þau meiða sig. Þannig hef ég kynnst mörgum nemendum hér því þeir líta gjarnan við til að heilsa upp á mig eftir það. Það eru líka margir krakkar sem vinka mér yfir daginn með bros á vör þegar þeir labba hér framhjá."

Áslaug segir Melaskóla vera mjög góðan vinnustað þar sem tíminn líði hratt, enda sé hún í tengslum við fólk á öllum aldri yfir daginn. „Mér finnst þetta alveg frábært starf og gaman að vera í nálægð við börn. Ekki spillir síðan fyrir að ég var sjálf í þessum skóla."

# Ótrúlegt verð
## á skólavörum






Vinsælu Extreme Zombie skólavörurnar



Flottar trölla skólavörur



Mikið úrval af pennaveskjum



Vandaðar skólatöskur í úrvali

Gildir 19. ágúst eða á meðan birgðir endast.


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


998 kr. kg 1598
Krónu krydduð lambasteik
799 kr. kg 958
SS pylsur + pennaveski tvöfaldur pakki
Drykkjarjógúrt 4 teg
62 kr/stk
25% afsláttur
Oetker Pizza 3 tegundir
Happy Day ávaxtasafi 2L
269 kr/stk
Myllu heilhveiti-brauð
98 kr/stk
Brauðostur
10% afsláttur
Maryland kex 3 í pakka
235 kr/pk
30% afsláttur
Krónu skinka
Krónu hangiálegg
Jonagold epli
89 kr/kg
Kiwi
149 kr/kg
Íslenskir tómatar 1kg
189 kr/kg
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
1139 kr. kg
1899
Krónu lambagrillsneiðar þurrkryddaðar úr læri
40% afsláttur
959 kr. kg
1598
Krónu lambaframparts sneiðarþurrkryddaðar
41% afsláttur
999 kr. kg
1694
Goði Gourmet grísakótilettur
Krónan alltaf hagstæð!
Goði kryddaðir lambarifjabitar
287 kr/kg
40% afsláttur
Ariel þvottaefni 4 teg.
Lenor 2 ltr. fylgir frítt með.
Fylgir frítt með Ariel þvottaefni
Pantene sjampó og hárnæring
289 kr/stk
Flash hreingerninga klútar
299 kr/pk
2 fyrir 1
Bounty eldhúsrúllur
Bounty eldhúsrúllur
449 kr/2pk
Alltaf tilboð alla daga



**LOPAPEYSAN** Ein af nýjustu myndunum á Flickr-síðu Rebekku. Þar segist hún loksins hafa klárað að prjóna þessa peysu eftir tveggja mánaða vinnu og bókstaflega þurft að skjalfesta hana. MYND/ REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR







**COLGATE-STUND** Hér leikur Rebekka sér með skeytingu tveggja mynda og speglun í hversdagslegu umhverfi.

# Rebekka með eigin augum

Ljósmyndarinn og listneminn Rebekka Guðleifsdóttir hefur vakið heimsathygli í internetsamfélaginu Flickr.com. Fallegar myndir heilla þá sem heimsækja síðuna hennar svo mikið að á opinberum lista Flickr.com er síða Rebekku sú vinsælasta allra tíma, og er það ekkert smáræði í Flickr-samfélaginu þar sem eru fjórar milljónir notenda.

Innblástur í myndir sínar sækir Rebekka í sitt nánasta umhverfi og er hún sjálf oft viðfangsefni myndanna. Fréttablaðið birtir hér úrval sjálfsmynda Rebekku af síðunni hennar, www.flickr.com/photos/rebba.



**EKKI GLEYMA AÐ TEYGJA SIG** Ekki er verra þegar góður boðskapur fylgir góðri mynd.



**HVAÐ ER SVONA MERKILEGT?** Hér hengir Rebekka upp eigin myndir í ramma.



**SKÍNANDI AUGU** Sjálfsmynd af Rebekku þar sem hún leikur sér með litinn í sínum eigin augunum. FRÉTTABLAÐIÐ/REBEKKA


„OUT OF THE BLUE“ Óhætt er að fullyrða að hér er líkt og vatnið komi úr engu.


THULE Aftur leikur Rebekka sér að því að skeyta tveimur myndum saman.



# SKRÝTNAR FRÉTTIR

## REYNDI AÐ BRJÓTAST INN Í FANGELSI



*Fyrrverandi fangi í Austurríki saknaði lífsins innan fangelsisveggjanna svo mikið að hann reyndi að brjótast inn í fangelsið sem hann hafði afplánað dóm sinn í.*

Detlef Federsohn, 23 ára, slapp úr fangelsinu í Josefstadt í Vín fyrir skömmu, eftir að hafa afplánað tveggja ára dóm fyrir þjófnað. Federsohn var handtekinn í síðustu viku þar sem hann var uppi á þaki fangelsisins og var að reyna komast inn í það á ný.

„Lífið innan veggja fangelsisins er mun auðveldara en utan þeirra. Þar færðu að borða, fötin eru þvegin af þér og þú færð að horfa á sjónvarpið. Það er miklu meira en er gert fyrir mig heima hjá mömmu. Þess vegna ætlaði ég að reyna að svindla mér aftur inn án þess að verðirnir tæku eftir því,“ sagði Federsohn.

## LEITA AÐ LÉLEGUM ROLLUM



*Ástralskir bændur hafa verið beðnir um að tilkynna um allt sauðfé í hjörðum sínum, sem ekki er lagðprútt. Ástæðan er sú að vísindamenn vilja bæta ullina á fénu og hafa hrundið af stað herferð í því skyni undir nafninu Xtreme sheep.*

Vísindamenn í Ástralíu segja að gen sumra kinda geti haft slæm áhrif á ullina og því vilja þeir reyna að uppræta þær kindur eins fljótt og auðið er. Þær rollur sem draga skal í þann dilk eru með lélega ull og blettaskalla.

## HÖFÐAR MÁL GEGN VEÐURFRÆÐINGUM

*Rússnesk kona hefur höfðað mál gegn veðurfræðingum þar sem hún segir þá hafa eyðilagt fyrir sér sumarfríið með lélegri spá.*

Alyona Gabitova kom fyrir rétt í bænum Uljanovsk í Rússlandi og sagði að veðurfræðingar hefðu spáð 28 stiga hita og sólskini á nærliggjandi stað þar sem hún hugðist eyða sumarfríi sínu. Þess í stað hellirigndi og hún varð, að eigin sögn, gegnsósa sem og tjaldið hennar og allur útilegubúnaðurinn.

Gabitova hrökklaðist heim úr fríinu með kvef og hita og hefur nú höfðað mál gegn veðurfræðingunum og vill fá endurgreitt. Dómstóllinn á enn eftir að kveða upp sinn dóm.







**AFREKSMAÐUR** Bjarni þykir sleipur söngvari en hann þótti líka nokkuð góður í boltanum.

# Það er enginn þjálfari í rokkinu

Hljómsveitin Jeff Who? hefur vakið þó nokkra athygli enda þykir sveitin með þeim skemmtilegri. **Bjarni Hall** er söngvari Jeff Who? en hann er gamall fótboltakappi úr Víkingi sem lagði skóna á hilluna fyrir rokkið. Hann á ekki langt að sækja listhæfileikana en bróðir hans er gítarleikari í hljómsveitinni Ske og systir hans er dansari hjá Íslenska dansflokknum.

Ég var alltaf að meiðast og var orðinn svo leiður á því að ég hætti í fótboltanum," segir Bjarni Hall, sem byrjaði ungur að æfa knattspyrnu. Hann spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik með Víkingi sextán eða sautján ára en lagði síðan skóna á hilluna fyrir tveimur árum, þá 24 ára. „Fyrir vikið þurfti ég að finna eitthvað annað hobbý og rokkið varð fyrir valinu."

**Blái engillinn**

Bjarni hafði litla sem engu reynslu af því að syngja áður en Jeff Who? var stofnuð. „Ætli ég hafi ekki bara sungið eins og allir aðrir. Við vorum samt ansi duglegir félagarnir við að fara á Bláa engilinn forðum daga, sem var karókístaður beint á móti Subway í Austurstræti. Það voru einu skiptin sem ég hafði sungið opinberlega," segir Bjarni, sem vill þó ekki ganga svo langt að segjast hafa byrjað ferilinn þar. „Það var ekki þannig að ég hafi staðið uppi á sviði á Bláa englinum og hugsað með sjálfum mér: „Hey! Ég get sungið." Við skulum ekki ofmeta karókíið," segir hann hlæjandi. „Ætli ég hafi ekki orðið söngvari af því að það atvikaðist þannig að ég fór fyrstur upp að míkrafóninum."

Meðlimir Jeff Who? eru allir gamlir skólafélagar úr Menntaskólanum í Reykjavík. „Við vorum fjórir saman í sjötta bekk og þá varð sveitin til. Þorri trommari var kominn með pláss til að geyma trommusettið sitt. Það var fínn staður til að hittast á og fá sér öl. Við vorum að dúlla okkur saman þarna og síðan vatt þetta upp á sig. Við vorum aldrei með neina plötuútgáfu í huga," segir knattspyrnukappinn fyrrverandi.

**Frjálsræði rokksins**

Bjarni segist sakna fótboltans mikið en er þó sáttur við það frjálsræði sem fylgir rokkinu. „Í rokkinu ræð ég hvenær ég mæti á æfingu, hvenær ég fæ mér bjór og hvenær ég fer í sumarbústað. Það er enginn þjálfari í rokkinu," segir Bjarni og bætir við að meðlimir Jeff Who? taki hljómsveitarstússið þó ekki sérlega alvarlega. „Við viljum gera hlutina vel en við erum ekki massa metnaðargjarnir því þá verða hlutirnir þvingandi og leiðinlegir. Kannski höldum við þessu bara eins og þetta hefur alltaf verið, erum bara vinir sem hittumst."

Jeff Who? tók sér stutt hlé frá spilamennsku í sumar og segir Bjarni að þeir félagar hafi verið orðnir leiðir á því að spila. „Ef við höfum ekki gaman af því sem við erum að gera er enginn tilgangur með því. Okkur finnst gaman að spila en ekki þegar það er orðið of oft eða þvingandi spilarí. Við viljum bara hafa gaman af hlutunum og við reynum líka að skemmta öðrum."

**Viðtökurnar framar vonum**

Frumraun Jeff Who?, Death before disco, vakti nokkra athygli og seldist nokkuð vel. Bjarni segir að viðtökurnar hafi gengið framar vonum. „Ég veit ekki alveg hvað við erum búnir að selja mikið en ég held að það sé í kringum tvö þúsund eintök. Ef við hefðum selt 500 eintök hefði okkur þótt það gott," segir Bjarni en Jeff Who? er þegar byrjuð að semja nýtt efni. „Við semjum bara þegar við hittumst og æfum. Þannig verða lögin til hjá okkur og við erum með tvö fullkláruð lög. Svo eigum við fullt af einhverjum grunnum sem við eigum eftir að klára."

Bjarni segist ekki vita hvernig útgáfumál í öðrum löndum standi. „Þú verður að spyrja Ella bassaleikara út í það. Ég veit samt að við erum að fara að spila á einhverjum stað í Danmörku og ég er sáttur ef ég fæ frítt far til útlanda. Ég heyrði samt eitthvað af því að það ætti að fara gefa út plötuna úti en ég veit ekki alveg hvernig það stendur."

**Stærsta afrekið**

Lagið Barfly með Jeff Who? hefur notið töluverðra vinsælda á þessu ári og er meðal annars verið spilað í Víkinni, heimavelli Víkings, þegar liðið nær að skora mark. „Að lagið sé notað í þessum tilgangi er minn stærsti heiður innan tónlistarbransans og það gáfulegasta sem ég hef gert þar. Ég verð samt að viðurkenna að ég er kominn með leið á laginu. Ég fór á leik Víkings og ÍBV og þá var lagið spilað fimm sinnum enda vann Víkingur 5-0. Þá fékk ég alveg nóg og ef ég á að vera hreinskilinn var ég orðinn létt leiður á sjálfum mér. Að vísu heyrist ekkert í mér þegar þeir spila bútinn úr laginu en þetta er frægur drykkjukór sem tengist okkur félögunum," segir Bjarni sem fetar í fótspor ekki ómerkari manns en Rúnars Júlíussonar sem hætti í knattspyrnunni og sneri sér alfarið að rokkinu. Bjarna leiðist heldur ekki slík samlíking blaðamanns. „Svo þarf ég bara að ná mér í Ungfrú Ísland og þá er þetta komið."

**„Að lagið sé notað í þessum tilgangi er minn stærsti heiður innan tónlistarbransans og það gáfulegasta sem ég hef gert þar."**

kristjan@frettabladid.is

## LISTHNEIGÐ SYSTKINI

Bjarni á ekki langt að sækja listahæfileikana en bróðir hans Frank er gítarleikari í hljómsveitinni Ske og systir hans, Katrín, er dansari hjá Íslenska dansflokknum. „Addi bróðir (svo er Frank kallaður) kenndi mér á gítar þegar ég var fimmtán ára. Hann kenndi mér Paint it black en ég spila samt ekki á gítar í hljómsveitinni nema þegar við erum að grínast," segir Bjarni sem leitar ráða hjá stóra bróður. „Hann hlustar á það sem við erum að gera áður en við fullklárum það. Hann hefur gaman af því að segja hvað honum finnst og ég get tekið mark á honum. Hann hlífir mér ekki en við köllum þetta uppbyggilega gagnrýni."

Bjarni vill þó ekki meina að hann sé sérstaklega listhneigður. „Ég lít ekki á mig sem listamann þó ég syngi í rokkhljómsveit. Ég myndi segja að af okkur systkinum væri Kata mest list, svo Addi og svo ég."






ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN

# Fartölva og flug

Öllum keyptum fartölvum fylgir flugmiði fyrir einn með Icelandair til menningarborgarinnar Kaupmannahafnar.

**Aðeins þessa helgi - takmarkað magn!**



Gateway

hp invent

Í tilefni menningarnætur Reykjavíkurborgar verður ein stærsta uppblásna rennibraut landsins við verslun okkar að Höfðabakka. Hoppkastalar, lifandi tónlist, grillaðar pylsur og Emmessís í báðum verslunum okkar í Reykjavík.

*Gleðilega menningarnótt!*



Oddi hönnun vo_b6252

ODDI

www.oddi.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16
sunnudaginn 20. ágúst kl. 13-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18,
laugardaginn 19. ágúst kl. 11-16,
sunnudaginn 20. ágúst kl. 13-16

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið virka daga kl. 8-18,
laugardaginn 19. ágúst kl. 10-14



**ARNMUNDUR ERNST BJÖRNSSON, NEMI** Roger Moore Ég hef nú ekki horft mikið á James Bond-myndir en hef auðvitað séð þessar nýjustu og fannst Pierce Brosnan drullugóður og er alveg sáttur við hann en finnst nú samt Roger Moore, þessi sem kom til landsins um daginn, vera einhvern veginn vanari gæi og þannig lagað flottari. Ég hlakka svo bara til að sjá þann nýja og hvernig hann verður.

**SIGURBJÖRG SÆUNN GUÐMUNDSDÓTTIR, ANNAR STJÓRNENDA PÍPÓLA Á SIRKUS** Sean Connery Sean Connery. Pottþétt. Hann er og var brjálæðislega kynæsandi og röddin er rosaleg. Karlmennskan skín af honum og hann er ógleymanlegur en það er ástæðan fyrir því að mér datt hann strax í hug.

**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, ÍSLENSKUFRÆÐINGUR** Sean Connery Sean Connery er James Bond. Hann er sá fyrsti og er mjög töff. Mér líst rosalega vel á þennan nýja og finnst hann bara soldið sætur líka en það er fyrir öllu. Gallinn við Connery er kannski helst sá að hann hefur aldrei breyst. Hann er eins og James Bond í öllum hlutverkum sem hann hefur leikið síðan. Þegar hann lék munkinn í Nafni rósarinnar var hann til dæmis alveg eins og Bond. Hann bjó James Bond til en Bond bjó Connery svolítið til líka.

**UNNUR STEINSSON, ATHAFNAKONA** Roger Moore „Ég man einhvern veginn best eftir myndunum með honum. Hann var bæði sjarmerandi og fyndinn og kom með smá húmor í þetta. Þannig finnst mér James Bond að vera. Hann má ekki vera of alvörugefinn. Roger Moore var kannski ekki jafn myndarlegur og Connery og Brosnan en hann var mesti karakterinn.“

**EIRÍKUR JÓNSSON, BLAÐAMAÐUR** Sean Connery Sean Connery er James Bond. Hann bjó bara til þessa týpu og það hefur enginn sem kom á eftir honum komist með tærnar þar sem hann hefur hælana. Hann hefur svo, í framhaldinu, haldið áfram að vera Bond í öllu sem hann hefur gert síðan þannig að Bond hefur elst í honum og er enn á meðal okkar í hans gervi. Allir aðrir eru ómerkilegar eftirlíkingar.

**RAGNAR BJARNASON, TÓNLISTARMAÐUR** Roger Moore „Ég hafði mest gaman af Roger Moore, einfaldlega vegna þess að ég hafði gaman að húmornum sem hann kom með inn í þetta. Hann notaði andlitið svo skemmtilega í hlutverkinu og fór í gegnum þetta svo sposkur á svip.

**HALLDÓR BLÖNDAL, ALÞINGISMAÐUR** Sean Connery „Sean Connery er sá eini sem kemur upp í hugann. Hann er mjög mikill og eftirminnilegur leikari og það er auðvelt að rifja hann upp í ýmsum senum. Dýrlingurinn var á sínum tíma mjög skemmtilegur en það er einhvern veginn eins og hann eigi erfitt með að breytast í James Bond.“

# Þarfasti þjónn hennar hátignar

Bretinn Daniel Craig er sjötti leikarinn sem tekur að sér hlutverk vinsælasta njósnara kvikmyndasögunnar, sjálfs James Bond. Hann er um margt frábrugðinn forverum sínum í útliti og aðdáendur Bonds hafa gagnrýnt valið á honum harkalega og eru síður en svo tilbúnir til þess að gefa honum tækifæri til þess að sanna sig. Craig er þó hvergi banginn frekar en Bond sjálfur og hefur lýst því yfir að hann muni sanna sig. Craig verður væntanlega fyrst og fremst borinn saman við Pierce Brosnan sem lék Bond með miklum tilþrifum á undan honum. Brosnan er þó ekki sá Bond sem Craig sjálfur þarf að keppa við ef marka má lauslega könnun Fréttablaðsins á því hver sé besti Bondinn. Sean Connery trónir enn á toppnum og næstur honum kemur Roger Moore þannig að Craig þarf fyrst og fremst að sigrast á anda gömlu mannanna og þola samanburð við Connery eins og allir hinir sem fetað hafa í fótspor skoska kyntröllsins.



**ROGER MOORE** Hefur leikið Bond í sjö kvikmyndum og það er vandséð að það met verði slegið. Hann breytti ásjónu njósnara hennar hátignar töluvert og var hvergi nærri jafn alvarlegur og kaldrifjaður og Connery. Grínið og glensið heldur nafni hans enn á lofti og hann fylgir fast á hæla forvera síns þegar kemur að því að velja besta Bondinn.

**HINN EINI SANNI** Sean Connery var fyrsti Bondinn og verður líklega hinn eini sanni James Bond í huga fjöldans um ókomin ár. Hann brúar kynslóðabilið og var efstur í huga flestra álitsgjafa Fréttablaðsins þrátt fyrir að 44 ár séu liðin frá því hann steig fyrstur fram sem Bond í Dr. No.



**DANIEL CRAIG** Hefur flest það til að bera sem góður Bond þarf að hafa en harðir aðdáendur 007 hika þó ekki við að dæma hann úr leik fyrirfram. Hans bíður það vandasama verkefni að standast samanburð við Pierce Brosnan og komast undan þeim stóra skugga sem Sean Connery varpar á alla þá sem spreyta sig á hlutverkinu.

## BONDAR SEM KOMAST EKKI Á BLAÐ



**GEORGE LAZENBY** Fékk það vandasama og vanþakkláta hlutskipti að leysa Sean Connery af. Lazenby var illa tekið af aðdáendum James Bond og fékk því aðeins að spreyta sig í einni mynd, On her Majesty's Secret Service. Lazenby stóð sig með ágætum og myndin er stórlega vanmetin. Hann var engu að síður sendur með skottið milli lappana heim til Ástralíu og Sean Connery var véladur til þess að snúa aftur í Diamonds are Forever.



**TIMOTHY DALTON** Þessi ágæti leikari tók við kennitölunni 007 af Roger Moore eftir að sá síðarnefndi komst á eftirlaunaaldur og kvaddi með A View to A Kill. Eitthvað þótti vanta upp á töffið hjá Dalton en hann fékk þó tvö tækifæri til að sanna sig, í Living Daylights og A Licence to Kill.



**PIERCE BROSNAN** Kom gríðarlega sterkur inn í Goldeneye eftir að starfskraftar Daltons höfðu verið afþakkaðir. Aðdáendur Bonds vildu margir hverjir meina að hér væri loksins kominn fram raunverulegur arftaki Seans Connery. Brosnan þótti hafa allt til að bera, útlitið, hörkuna og töffið. Brosnan lék Bond í þremur myndum auk Goldeneye; Tomorrow Never Dies, The World is not Enough og Die Another Day. Brosnan vildi endilega halda áfram og fór í fússi þegar framleiðendur myndanna höfu leit að nýjum Bond.




Hver býður betur á Menningarnótt?

**Uppboð á ljósmyndunum** á útisýningu Ljósmyndasafnsins kl. 16 á Lækjartorgi, kl. 17 á Austurvelli og kl. 18 í Fógetagarði. Fallegar Reykjavíkurmyndir prentaðar á 140 x 190 cm stórar álplötur sem geta verið jafnt úti sem inni. Upphafsboð í hverja mynd er 5000 kr. Látið ekki STÓRT happ úr hendi sleppa!

**Getraun** sem krefst þess að þátttakendur skoði útisýningu Ljósmyndasafnsins og leiti þar svara. Góð fjölskylduskemmtun. Stafræn myndavél, **Fujifilm Finepix A500** frá Ljósmyndavörum í fyrstu verðlaun, auk annarra skemmtilegra verðlauna. Spurningarnar má nálgast á **www.ljosmyndasafnreykjavikur.is** og á skrifstofu safnsins að Tryggvagötu 15, 6. hæð.*

- **Stefnumót við liðna tíð.** Að venju er boðið upp á myndatöku í búningum frá fyrri tíð milli kl. 13 - 22 að Tryggvagötu 15, 6. hæð.
- **Sýningar** Andrésar Kolbeinssonar og Hildar Margrétardóttur verða einnig opnar kl. 13 - 22.

*Svörum skal skila til Ljósmyndasafnsins, Tryggvagötu 15, 6. hæð fyrir kl. 22.00 þriðjudaginn 22. ágúst eða senda þangað í pósti eða netpósti á photomuseum@reykjavik.is fyrir sama tíma.*



LJÓSMYNDAVÖRUR

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography



„Ég keypti ljón í garðinn fyrir lottóvinninginn. Gleðilega Menningarnótt!“

Lýður Oddsson

13 milljónir í fyrsta vinning!

Lottó

ENNEMM / SÍA / 23000

# Tölvur sem virka



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26341-K101-V102
**FSC AMILO XI**
- Intel Core DUO T2400
- 17" WXGA TFT Crystal View
- Upplausn 1440 x 900
- Nvidia GeForce Go 7600 skjákort
- 2 GB Vinnsluminni
- 160 GB Harður Diskur
- DVD Skrifari - Dual Layer
- Þrálaust netkort
- 4 in 1 kortalesari
- DV Ready
- Bluetooth

**ATI RadeonX1400**
Eitt kraftmesta skjákortið fyrir þunnar og léttar fartölvur. Stuðningur fyrir High Definition kvikmyndir, ljósmyndir og tölvuleiki sem keyra að sjálfsögðu á fullum hraða í High Definition. Þrátt fyrir mjög aukin kraft notar skjástýringin minna rafhlöðuafl en áður.

**Centrino Duo**
Allt að tvöföld afköst frá eldri örgjörvum.

**Betri rafhlöðuending**
með Centrino DUO – Allt að 28% meiri ending á rafhlöðu.

**Endurbætt þráðlaust net.**
Meira öryggi, lengri drægni og minni truflun frá umhverfi

- 160GB Harður diskur
- 2 GB Vinnsluminni
- DV Ready
- Þráðlaust net
- Kortalesari
- Tengdu við tvo skjái
- Centrino DUO örgjörvi
- ATI X1400 skjákort

Klikkaðir kaupaukar

BÍÓPASSI BT
Frítt í bíó út árið
•FYLGIR
•12.999

Tveir Glómóðar
SNAKES ON A PLANE
BÍÓMIÐI •FYLGIR

0% VEXTIR

Vaxtalaust
1. greiðsla 1. okt

**7.785***

| 7.785* | 17.999** | 215.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |



= **20.000 kr.** inneign fyrir nýrri fartölvu

## Tökum gamla hlunkinn uppí!



**3.460***

**TOSHIBA**

PSAA2E-05J02CED
**TOSHIBA SATELLITE A100-570**
- Intel® Celeron M 360J
- 512MB DDR Minni (Mest 2GB)
- 40GB S.M.A.R.T. Harður diskur
- 15.4" WXGA skjár (1280 x 800 upplausn)
- ATI Radeon® Xpress 200M
- DVD Super Multi brennari
- FireWire - DV Ready

| 3.460* | 7.499** | 89.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |



**4.444***

**TOSHIBA**

PSM70E-02J01YED
**TOSHIBA SATELLITE M70-378**
- Intel Pentium M735A Centrino
- 15.4" Toshiba TruBrite WXGA skjár
- Intel 915GM skjástýring
- 512MB DDR2 vinnsluminni
- 40GB Harður Diskur
- DVD Skrifari (Dual Layer)
- 5-1 Kortalesari
  -fyrir helstu gerðir minniskorta
- WiFi 802.11b/g - þráðlaust net
- DV Ready - iLink

| 4.444* | 9.999** | 119.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni •

# ...líka eftir skóla

- 100GB Harður diskur
- 1000MB Vinnsluminni
- DV Ready
- Þráðlaust net
- Kortalesari
- HD to GO
- Centrino DUO örgjörvi
- ATI X1400 skjákort

**TOSHIBA**

PSAA9E-029013ED
**TOSHIBA SATELLITE A1**
- Intel® Centrino® Duo T2300
- 15.4" WXGA TrueBrite
- ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- 1GB DDR Minni (Mest 4GB)
- 100GB Harður diskur
- DVD skrifari Dual Layer
- Þráðlaust net WiFi
- Kortalesari 4 - 1

Veldu A- tölvu



0% VEXTIR

**6.531***

Klikkaðir kaupaukar

BÍÓPASSI BT
Frítt í bíó út árið
FYLGIR 12.999

Tveir bíómiðar
BÍÓMIÐI FYLGIR

Vaxtalaust 1. greiðsla 1. okt

| 6.531* | 14.999** | 179.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## nýja og glæsilega fartölvu!



**Er ekki kominn tími á að uppfæra tölvubúnaðinn?**
**Komdu með gömlu tölvuna þína og fáðu nýja og glæsilega fartölvu með 20.000 kr. afslætti. Þetta tilboð á aðeins við FSC AMILO X og TOSHIBA SATELLITE A1**



Lækkað verð

**5.227***

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:UK-N6EAS06-A1
**FSC AMILO A1650G**
- AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
- 15.4" WXGA Widescreen TFT -with CrystalView Technology
- ATI Mobility Radeon X200 Graphics
- 1GB Vinnsluminni
- 100GB Harður diskur
- DVD skrifari - Dual Layer
- Innbyggt þráðlaust netkort

| 5.227* | Tölvukaupalán 48 mán. |
|---|---|
| 11.666** | Vaxtalaust 12 mán. |
| 139.992 | Staðgreitt |

Takmarkað magn



**5.766***

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26391-K159-V900
**FSC AMILO PI 1536**
- Intel Centrino Duo T2300E
- 15.4" WXGA Crystal View
- ATI Mobility Radeon x1400 128MB - up to 512MB Hypermemory
- 1GB DDR533 Vinnsluminni
- 100GB Harður diskur
- DVD skrifari Dual Layer
- WiFi LAN Intel 3945ABG
- Kortalesari 4 - 1
- DV Ready

| 5.766* | Tölvukaupalán 48 mán. |
|---|---|
| 12.999** | Vaxtalaust 12 mán. |
| 155.988 | Staðgreitt |

Lækkað verð





FYLGIR 11.999
FYLGIR 4.999

**5.766***

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26341-K100-V100
**FSC AMILO SI 1520**
- Intel® Centrino Duo T2300 E
- 512 MB Vinnsluminni
- 12,0" TFT WXGA -með CrystalView Tækni
- 512MB vinnsluminni
- INTEL GMA 950 skjástýring
- 80GB SATA harður diskur
- DVD brennari Dual Layer
- 4 í 1 kortalesari
- Þráðlaust netkort - WiFi
- Vegur 1,7 kg

| 5.766* | Tölvukaupalán 48 mán. |
|---|---|
| 12.999** | Vaxtalaust 12 mán. |
| 155.988 | Staðgreitt |




## STUÐ MILLI STRÍÐA Menningarleg ómenning

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR HEFUR TÍU ÞURRAR TÆR



Jæja þá er Menningarnæturdagurinn runninn upp. Útihátíð höfuðborgarinnar og landsbyggðin fær tækifæri til að míga og æla út alla borg líkt og malarbörnin gera víða um land um verslunarmannahelgi.

Menningarlegir atburðir eru víst í fyrirrúmi þennan daginn og alls konar listaspírur leggja sitt af mörkum við að menningarvæða torfkofaalinn landann með misjöfnum árangri. Framandlegir tónar berast eftir strætum og ankannalegir dansar duna á torgum. Þegar nær dregur kvöldi fer að skína í bjórflöskur hér og þar og götur þrengjast af menningarþyrstum og annars konar þyrstum Menningarnæturgestum.

Um miðnætti álpast svo einstaka byttur á listasöfnin, bera saman Mugg og Mugison með tilheyrandi handapati meðan safnvörðurinn svitnar fallegum listrænum perlum undir þýðum hljómum simbabvesks strengjakvartetts. Á sama tíma spýr síðasti flugeldurinn úr sér glitrandi skrauti, einhver rokkari segir í míkrafón yfir Hafnarbakkann „takk fyrir okkur“ og þegar bergmál rokkraddarinnar hverfur inn í nóttina brjótast út slagsmál milli byttna á listasöfnum, mæður grípa í grátandi börn sín, feður í bíllyklana, virðulegir menn með slifsi í pelsklæddar frúr og öll hersingin flýr í æpandi angist í átt að bílastæðum og frá miðbænum áður en ómenning Menningarnætur tekur við.

En skelfdir pelsar og slifsi þurfa ei að óttast. Ómenningin svokallaða sem tekur við á miðnætti er ekkert sem þarf að flýja undan. Þetta er ein hlið þeirrar sönnu íslensku menningar sem streymir um blóð vort, að djamma lengi, djamma hart og djamma stíft fram eftir mjaðarríkum sumarnóttum. Við skulum ekki afneita uppruna okkar, heldur vera stolt. Maður getur alveg notið íslensku synfóníuhljómsveitarinnar þó maður fái sér aðeins í tærnar tíu við og við.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HELGARTILBOÐ!




2CD

2.299kr.

**Pottþétt 41**
Sjúklega sveitt plata sem inniheldur 36 heitustu smellina í dag




1.799kr.

**KK – Blús**
Nýja plata KK sem inniheldur 12 af uppáhalds blúslögum hans



1.799kr.

**Sigur Rós -Takk**
Nýjasta plata Sigur Rósar lætur engan ósnortinn




1.799kr.

**Baggalútur - Aparnir í Eden**
Húmoristarnir í Baggalút halda áfram að fara á kostum á sinni annarri plötu



1.799kr.

**Bogomil Font og Flís - Bananalýðveldið**
Bogomil Font mætir tríóinu Flís á frábærri plötu sem inniheldur 14 calypso smelli




1.799kr.

**Jeff Who? - Death Before Disco**
Piltarnir í Jeff Who? hafa heillað þjóðina með laginu Barfly, lalalalalaaa la lalaaaaaaa…

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

**YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM**

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

**! Kl. 20:00**
*Páll Óskar og Monika halda tónleika í Listasafni Einars Jónssonar á Menningarnótt.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Djass undir berum himni*

Jómfrúin slær ekkert af og nú er komið að elleftu tónleikum sumarkonsertraðarinnar í Lækjargötunni. Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir flytur nýjar og gamlar söngperlur ásamt kvartett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar í dag. Auk Sigurðar skipa kvartettinn þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Leikin verður tónlist af nýlega útkomnum geisladiski hópsins, „Hvar er tunglið“, en diskurinn hefur að geyma tónsmíðar Sigurðar og ljóðskáldsins Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og fara jafnan fram utandyra enda er nú um svo hugljúfar tónsmíðar að ræða að veðurguðirnir hljóta að stilla sig. Ef í harðbakkann slær mun hljómlistarfólkið þó flytja sig í skjól.

Þess má einnig geta að Kristjana og Sigurður leika á Stofutónleikum Aðalsteins Ásbergs í Þjóðmenningarhúsinu klukkan 18.


**KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR, SÖNGKONA** Syngur á sumartónleikum Jómfrúarinnar í Lækjargötunni.

### > Ekki missa af...

grasrótartónlistarmönnum og **vonarstjörnum** framtíðarinnar sem leika á **Vegamótastíg** í dag milli 14-19.30. Tónlistarþróunarmiðstöðin tjaldar því sem til er.

leikritunum **Drekaskógi** og **Afgöngum** eftir Agnar Jón Egilsson sem sýnd eru í Austurbæ. Eitthvað fyrir alla fjölskylduna.

**Berjadögum** í **Ólafsfirði**. Eðalmúsík og einstakur félagsskapur á fögrum stað. Svo er líka hægt að týna **ber** þar.

# Fimmfaldir bravúrtónleikar á Miklatúni

**Engu er til sparað í sextugsafmæli BM-Vallár sem býður Menningarnæturgestum upp á stórsöngvara og hápunkta bestu ópera tónbókmenntanna á einum fyrstu óperutónleikum sem haldnir eru utanhúss hér á landi.**

„Hér eru samankomnir fimm einsöngvarar sem hver um sig myndi standa auðveldlega undir heilu prógrammi, og það yrði bravúrprógramm,“ segir Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri sem stýrir söngvurunum og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í kvöld. Einsöngvararnir eru þau Arndís Halla Ásgeirsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Kristinn Sigmundsson, Kolbeinn Ketilsson og Sigríður Aðalsteinsdóttir, sem eru öll í sérflokki íslenskra söngvara. „Það er stór hópur íslenskra söngvara sem er alveg í fremstu röð, og þessir eru allir í þeim flokki,“ segir Guðmundur Óli sem bætir við að það sjáist vel á því að fjórir þessara fimm söngvara sinna vinnu sinni í útlöndum.

Tónleikarnir eru haldnir á Miklatúni og segir Guðmundur Óli að tónlistin falli vel að staðnum. „Á efnisskránni eru tómir hápunktar og hefði maður gjarnan viljað hafa efnisskrána lengri, en á svona útitónleikum er ekki hægt að teygja lopann endalaust,“ segir Guðmundur Óli sem fékk aðstoð frá Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara við að útbúa efnisskránna. Fluttir verða þættir úr vinsælustu óperum tónbókmenntanna og vonast Guðmundur Óli til að þeim til heiðurs skarti Reykjavík sínu fegursta á fallegu sumarkvöldi. „Reyndar sýnist mér á öllu að það verði skýjað og rigni kannski tíu til fimmtán dropum um hádegið,“ segir Guðmundur Óli og hlær.

Tilefnið er sögulegt, hvort sem rignir eða ekki, því útitónleikar eru ekki haldnir á hverjum degi hér á landi. „Eftir því sem við vitum best er þetta í fyrsta sinn sem óperutónleikar með hljómsveit eru haldnir utandyra á Íslandi og það er gaman að fá að taka þátt í því,“ segir hann. Guðmundur Óli óttast ekki að kvöldkuldinn eigi eftir að ná til hljóðfæraleikara og söngvara enda verður komið fyrir öflugri lýsingu á sviðinu sem hann vonast til að haldi á listamönnunum hita. „Aðallega held ég að fólk leggi áherslu á að halda lipurð fingranna gangandi. Ætli verði ekki nokkur pör af grifflum á sviðinu, ég held það nú,“ bætir hann við. Guðmundur Óli óttast heldur ekki að sér verði kalt og ætlar að klæða sig eins og venjan er innanhúss. „Ég verð bara í mínum kjólfötum eins og venjulega enda er ég eini maðurinn á sviðinu sem fær að hreyfa sig almennilega.“

Sviðið er á Miklatúni og stendur eins og svið Sigur Rósar á tónleikum sveitarinnar á túninu fyrir skemmstu. Tónleikarnir hefjast klukkan tuttugu í kvöld og eru í boði BM-Vallár á sextíu ára afmæli fyrirtækisins.

**annat@frettabladid.is**


**MIKLATÚN SKARTAR SÍNU FEGURSTA** Efnisskrá tónleikanna er einstök og er þar einungis að finna hápunkta úr vinsælustu óperum tónbókmenntanna.


**GUÐMUNDUR ÓLI GUNNARSSON HLJÓMSVEITARSTJÓRI** Verið var að undirbúa sviðið á Miklatúni þegar ljósmyndari Fréttablaðsins náði Guðmundi Óla en hann leiðir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og fimm söngvara í sérflokki á tónleikunum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


## Menningarnótt í Ingólfsnausti



**Líttu við í Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Menningarnótt og upplifðu dásamlegan djass, alþjóðatónlist eða veltu fyrir þér hinni klassísku spurningu: How do you like Iceland?**

Um leið getur þú kynnst þeirri faglegu þjónustu sem veitt er árið um kring í Ingólfsnausti. Hvort sem þú leitar afþreyingarmöguleika í höfuðborginni eða upplýsinga um ferðaþjónustu á landinu öllu er Upplýsingamiðstöð ferðamanna heimsóknarinnar virði. Allar upplýsingar og bæklingar á einum stað, vingjarnlegt viðmót starfsfólks, endurgreiðsla virðisauka fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga búsetta erlendis, gjaldeyrisþjónusta, ókeypis bókunarþjónusta og miðasala.

**Vertu velkomin!**

**14:00 og 16:00**

**How do you like Iceland?** Fer með áhorfandann í bráðfyndna en fræðandi skemmtiferð um Íslandssöguna, allt frá landnámi til vorra daga. Höfundur Benóný Ægisson. Leikið á ensku.

**15:30 og 20:00**

**Jazzkvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur** leikur hressan og skemmtilegan jazz. Sunna er sögð fella saman þokka evrópsks djass og eldmóð hins bandaríska með tónsmíðum sínum sem höfða til fleiri en bara djassunnenda.

**18:30**

**Hin bráðfjöruga hljómsveit Moskvitsj** leikur tónlist frá ýmsum heimshornum þ.á.m. frá Balkanskaga, Grikklandi, Indlandi og frumsamið efni í bland.

INGÓLFSNAUST
Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík
Aðalstræti 2 · 101 Reykjavík
Sími 590 1550 · info@visitreykjavik.is

www.visitreykjavik.is

HÖFUÐBORGARSTOFA


# List fyrir fjóra flatskjái

Tumi Magnússon og pólska listakonan Aleksandra Signer opna sýningu í Listasafni ASÍ klukkan 15 í dag. Sýningin ber heitið „Vídeó-innsetningar“ og ber nafn með rentu. Tumi útskýrir að á sýningunni séu verk þeirra; innsetningar, vídeóverk og innsetningar sem eru vídeóverk, en þetta er í fyrsta sinn sem þau sýna saman.

„Við erum búin að þekkjast í nokkur ár og höfum talað um að sýna saman, nú er tækifærið og þetta small saman,“ segir Tumi og útskýrir að viss samhljómur sé með verkum þeirra. „Það er samt erfitt að segja, það er eitthvað svipað í hugsuninni, kannski húmorinn og einfaldleikinn líka.“

Tumi og Signer vinna verkin hvort í sínu lagi en þau eru sýnd saman í Ásmundarsal og í Gryfjunni. Signer vinnur mest með vídeóinnsetningar en mörg verkanna spegla pólitíska afstöðu hennar. Verkin á sýningunni eru unnin á árunum 1997-2006.

Tumi sýnir vídeóverk á fjórum skjám ásamt litlum tölvuunnum ljósmyndum en hann hefur unnið talsvert með ljósmynda- vídeó og tölvutækni á síðustu árum.

„Verkið mitt er fyrir fjóra flatskjái en það er tekið úr bíl á ferð – á fjórar tökuvélar samtímis, í fjórar áttir. Þessar myndir eru síðan sýndar samtímis en sjónarhornið er á sjóndeildarhringinn í fjarlægð.“


**TUMI MAGNÚSSON** Opnar sýningu í Listasafni ASÍ á Menningarnótt.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Í Arinstofu Listasafns ASÍ verða ennfremur sýnd verk eftir Gunnlaug Scheving, Jóhann Briem og Jóhannes S. Kjarval, en sýningarnar tvær standa til 10. september. **- khh**

# Stórútsala á húsgögnum







**Ótrúlegt verð, já nú á allt að seljast td. Sófasett, hornsófar, tungusófar borðstofuborð, borðstofustólar, skenkir, skápar, sófaborð, hornborð, körfuskenkir, stakir stólar, kommóður, skinn-mottur, lampar, hillur, speglar, kertastjakar, Innskotsborð og margt fleira...**

**Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-16**







GP gæðahúsgögn

**Dalshrauni 1**

**Sími 565 1234**

Bavaria, hollenskur gæðabjór:

Kom best út í blindprófun



Bavaria bjórinn kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögunum. 10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Bavaria | 7.4 |
| 2 | Grolsch | 6.7 |
| 3 | Best (Dirk) | 6.4 |
| 4 | Dommelsch | 6.1 |
| 5 | Amstel | 6.0 |
| 6 | Vaandel | 5.8 |
| 7 | Euroshopper | 5.0 |
| 8 | Finkbräu | 4.7 |
| 9 | Heineken | 4.6 |
| 10 | Albert Heijn | 4.3 |

LÉTTÖL



RJÓMINN AF LEIKARALIÐI HERRANÆTUR Leikhópurinn Jelena setur upp Purpura eftir Jon Fosse í Verinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gítar, bassi og trommur

**Í Verinu undir Loftkastalanum æfir unglingahljómsveit í tilvistarvanda. Þar eru gítar, bassi, trommur og hljóðnemi en hvað gerist þegar stelpa mætir á æfinguna?**

Leikritið Purpuri fjallar um unglingsárin og músíkina en kannski mest um vandann við að tjá sig. Verkið er eftir norska leikskáldið Jon Fosse en þýðandi þess, Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona, heillaðist af skrifum hans þegar hún sá verk eftir hann sett upp á leiklistarhátíð á meginlandinu. Álfrún útskýrir að áhugasamir ungir leikarar hafi leitað til Friðriks Friðrikssonar leikstjóra í leit að verðugu verkefni og þá hafi hún bent þeim á Purpura. „Ég stakk upp á þessu verki og þau samþykktu það eftir að hafa lesið það á ensku. Þá sótti ég mér frumhandritið á norsku og settist við að þýða. Þetta verk tekur aðeins 40 mínútur í flutningi og þýðingin gekk mjög vel.“



ÁLFRÚN HELGA ÖRNÓLFSDÓTTIR LEIKKONA Á ekki langt að sækja áhugann á þýðingum.

Purpuri er nýlegt verk og skrifað fyrir unga leikara. „Verkið hentar þessum leikhóp mjög vel því það fjallar um unglingahljómsveit. Viðfangsefnið er eitthvað sem allir kannast við, unglingsárin og öll þessi vandamál við að tjá sig ¿ finna ekki réttu orðin og allt það. Okkur fannst spennandi að takast á við þetta saman.“ Álfrún útskýrir að leikarahópurinn eigi það sameiginlegt að hafa kynnst í gegnum leikfélagið Herranótt í MR. „Þau hafa verið mjög virk í því starfi en Friðrik kynnist þeim þegar hann leikstýrði Herranótt í fyrra. Þetta eru fimm leikarar og alveg ótrúlega hæfileikaríkir krakkar með þvílíkan eldmóð, kraft og hugrekki, þetta er alveg rjóminn af Herranæturliðinu.“

Verkið hefur einnig fengið viðeigandi rými því Verið undir Loftkastalanum er kjörið æfingahúsnæði.„Þetta er risastór skemma sem var eitt sinn verksmiðja en hefur verið notuð sem kvikmyndaver og fyrir alls konar stórar uppákomur. Þetta er frekar hrár staður en verkið á líka að gerast í köldu og dimmu rými,“ útskýrir Álfrún.

Tónlistin skipar mikilvægan sess í verkinu og Álfrún útskýrir að leikararnir séu nokkuð liðtækir tónlistarmenn. „Ég held þau séu öll glamrandi inni í bílskúr heima hjá sér, ýmist ein eða með vinum sínum. Maður þarf stundum að biðja um hljóð á æfingum því það eru allir sestir niður og byrjaðir að spila. Hver veit nema það verði hljómsveit úr hópnum eftir að sýningum lýkur.“

Sýningartímabilið er fremur knappt enda hefur hópurinn í nógu að snúast. Sýningar eru kl. 21 öll kvöld til 23. ágúst en tvær sýningar verða á Menningarnótt í kvöld kl. 20 og 21.30 og þá er líka frítt inn, en annars má panta miða í síma 867-2476.

Álfrún segist vel geta hugsað sér að þýða meira í framtíðinni en hún á ekki langt að sækja áhugann því faðir hennar er þýðandi. „Ég er leikkona eins og mamma og svo er ég líka að reyna að vera þýðandi eins og pabbi svo ég sé ekki að taka eitt fram yfir annað.“ - khh

# Afmælisfönk á Café Oliver

Stórsveitin Jagúar fagnar átta ára afmæli sínu og heldur tónleika á skemmtistaðnum Café Oliver í nótt en sveitin var stofnuð á Menningarnótt árið 1998. Fönkið hefst á miðnætti og stendur eitthvað út í nóttina en að sögn Samúels Samúelssonar, básúnuleikara Jagúars, er hljómsveitin nýkomin úr vinnubúðum og með fullt af nýju efni. „Við erum að leggja grunn að nýrri plötu og ætlum að spila það aðeins til. Svo er líka nýr trommari genginn til liðs við okkur.“ Sveitina skipa nú auk Samúels þeir Kjartan Hákonarson, Ingi Skúlason, Einar Scheving og bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir.

„Við munum senda frá okkur nýtt efni á næstunni, eitt til tvö lög, en síðan kemur vonandi út plata með nýja árinu,“ segir Samúel og bætir því við að gestir Olivers mega búast við góðu grúvi eða villtu stuði á hinni eiginlegu Menningarnótt. - khh



HLJÓMSVEITIN JAGÚAR Von á nýju efni og heljarinnar afmælisfönkveislu á Oliver í nótt. Á myndina vantar Einar Scheving, trommuleikara.

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson



Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

| | | |
|---|---|---|
| Laugardag | 19. ágúst kl. 20 | Örfá sæti laus |
| Sunnudag | 20. ágúst kl. 15 | Uppselt |
| Sunnudag | 20. ágúst kl. 20 | Uppselt |
| Föstudag | 25. ágúst kl. 20 | Uppselt |
| Laugardag | 26. ágúst kl. 20 | Laus sæti |
| Laugardag | 2. september kl. 20 | Uppselt |
| Sunnudag | 3. september kl. 15 | |
| Sunnudag | 3. september kl. 20 | |
| Fimmtudag | 7. september kl. 20 | |
| Föstudag | 8. september kl. 20 | |
| Laugardag | 9. september kl. 20 | |
| Sunnudagur | 10. september kl. 16 | |
| Föstudagur | 15. september kl. 20 | |
| Laugardagur | 16. september kl. 20 | |

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

Footloose

24. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
25. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
31. ágúst - kl.20:00 - laust sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt!
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar

Viltu læra táknmál?
Samskiptamiðstöð

Námskeið í táknmáli hefjast 28. ágúst.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 562-7702 eða anney@shh.is

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
www.shh.is



Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!

Næstu sýningar:

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

ÁÞAKINU
LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37

# Mezzofortefélagar sameinaðir

Lokatrukkið á veglegri tónleikadagskrá Landsbankans í kvöld rekur hljómsveitin Mezzoforte sem nú verður sameinuð á ný í sinni upprunalegustu mynd en það hefur ekki gerst síðan árið 1984. Gunnlaugur Briem, trommuleikari sveitarinnar, segir félagana einkar spennta fyrir uppákomunni og þeir hlakki mikið til að stíga aftur á svið saman.

„Við erum að gera þetta til að hafa gaman af því,“ útskýrir Gunnlaugur og segir að æfingarnar hafi gengið vel og ýmsar sögur hafi rifjast upp frá þessum sérstaka tíma. Tónleikasveitina skipa nú, auk Gunnlaugs, þeir Jóhann Ásmundsson, Eyþór Gunnarsson, Friðrik Karlsson og Kristinn Svavarsson. Þeir félagarnir voru vart af unglingsaldri þegar lagið Garden Party sló í gegn á heimsvísu og í kjölfarið fylgdi ævintýri sem að sönnu má kenna við fyrstu útrásarferð íslenskra hljómlistarmanna. „Mér finnst alltaf gaman að segja frá því að við í Mezzoforte vorum fyrstir til þess að gefa út geisladisk á Íslandi. Við erum það gamlir í hettunni að þá var bara hlustað á kasettur í rútunni,“ segir hann og hlær.

„Við ætlum að taka þessi klassísku númer sem fólk man eftir og það verður enginn fyrir vonbrigðum. Við munum líka henda inn nokkrum nýjum lögum en þá verða Óskar Guðjónsson, sem að öllu jöfnu leikur með sveitinni í dag, og þeir Samúel Samúelsson og Kjartan Hákonarson úr Jagúar, okkur til fulltingis.“

Mezzoforte stígur á svið Landsbankans í Austurstrætinu klukkan 21.30.



**KJARNINN Í MEZZOFORTE** Blautir bak við eyrun árið 1984.

## DAGSPLANIÐ

**Silja Aðalsteinsdóttir,** ritstjóri Tímarits Máls og menningar kveðst vera búin að merkja við þó nokkra viðburði á dagskrá Menningarnætur. „Ég hef merkt við lífrænan útimarkað Yggdrasils á Skólavörðustíg og opnun á sýningu í Gallerí Fold á verkum Þorvaldar Skúlasonar. Síðan hef ég líka merkt við sýningu hjá Sævari Karli á verkum sem hann hefur keypt á síðustu árum.“ Silja segist einnig vera spennt fyrir færeyskri dagskrá í Bókabúð Máls og menningar og gestunum úr Fjarðarbyggð sem skemmta í Ráðhúsinu. „Það byrjar líka málþing kl. 15 í Hafnarhúsinu þar sem rætt verður um stöðu málverksins og á eftir er listamannaspjall og leiðsögn um sýningarnar þar. Þá er dagurinn næstum búinn en um kvöldið ætla ég að fara á tónleikana á Miklatúni.“



**Aron Bergmann**, myndlistarmaður og gallerísrekandi hefur í nógu að snúast og segist lítið hafa kynnt sér dagskrána. „Það verður opnuð sýning hjá okkur í Gallerí Gel kl. 20. Það er ljósmyndasýning eftir Hauk M. og Ástu Júlíu með yfir þrjú hundruð myndum sem allar eru teknar út um sama gluggann á Laugaveginum,“ útskýrir hann. „Ég ætla bara að taka röltið á þetta og finna stemninguna í bænum.“



**Jónas Sen** tónlistargagnrýnandi er á leið á tónleika í Fríkirkjunni þar sem Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Sólborg Valdimarsdóttir píanóleikari leika ljúfa klassíska efnisskrá kl. 15.0. „Síðan ætla ég að sjálfsögðu að fara á Miklatún kl. 20. Mér finnst þetta frábær hugmynd og er eiginlega hissa á því að þetta hafi ekki verið gert áður. Þetta er náttúrulega frábært framtak hjá Sigur Rós að ríða á vaðið enda er kominn tími til að við notum þetta tún,“ segir Jónas.











> Mælum með

*... Marc Newson-línunni í G Star-búðinni. Tilraunakennd snið og litrík munstur einkenna þessa flottu línu fyrir bæði kynin. Eitthvað sem vert er að skoða nánar.*

**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN SÓLMUNDUR HÓLM SÓLMUNDARSSON, VIÐSKIPTAFRÆÐINEMI OG BLAÐAMAÐUR

# *Þröngar buxur og Simmi tískuráðgjafi ómissandi*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég get ekki sagt að ég spái mikið í tískuna en ég hugsa auðvitað um hverju ég klæðist og reyni að vera ekki eins og niðursetningur til fara. Annars ræðst fatasmekkur minn mikið af því hvað Simmi tískuráðgjafi minn gefur grænt ljós á.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Hann er mjög fjölbreyttur held ég. Núna í seinni tíð, eftir að ég byrjaði að stunda líkamsrækt, hef ég klæðst þröngu í æ meiri mæli. Enda býður líkamlegt atgervi mitt upp á það.
**Uppáhaldshönnuðir og/eða fatamerki?** Þú gætir alveg eins spurt mig um uppáhalds skautadansarann minn eða uppáhalds krulluleikmanninn. Ég veit ekkert um þetta.
**Flottustu litirnir?** Ég er það lánsamur að líta vel út í nánast hvaða lit sem er. Þó eru gulur og ljósdrappaður undantekningar hvað það varðar en ég er eins og liðið lík í þessum litum.
**Hverju ertu veikastur fyrir?** Þröngum buxum.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég var að koma frá útlöndum og keypti mér svona 36 peysur og eitt stykki buxur.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Allt sem er þröngt.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir haustið?** Ætli ég fái mér ekki bara enn einar þröngu buxurnar.
**Uppáhaldsverslun?** Ég get ekki gert upp á milli Sautján og Spúútnik hér á landi. Sem Íslendingur og gyðingur þá missi ég mig auðvitað alltaf í H&M þegar ég kemst út fyrir landsteinana.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Um það bil 10-15 þúsund að meðaltali held ég. Einu sinni keypti ég mér alltaf föt bara einu sinni á ári og þá ógeðslega mikið í einu. Nú er ég farinn að reyna að velja betur og dreifa þessu yfir árið.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ég get auðvitað ekki verið án þröngra buxna en ég er búinn að tala svo ógeðslega mikið um þær. Ég á hneppta peysu sem ég keypti í H&M fyrir nokkrum dögum og ég held ég geti ekki verið án hennar.
**Uppáhaldsflík?** Það er leðurjakki sem ég á sem stenst alla tískustrauma. Afi minn átti hann og gaf mér hann þegar ég var í heimsókn hjá honum vorið 2003. Um viku seinna laust eldingu niður í húsið hans og allt dótið var hreinsað út. Ef ég hefði ekki verið búinn að ná í jakkann þá hefði honum líklegast verið hent. Þetta er góð saga.



**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Þar sem Birgir Haralds vinur minn talar varla um annað en New York þá yrði ég að prófa að fara þangað.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ég keypti mér hvorki smellubuxur né buxur með tveimur röndum eftir hliðinni. Ef ég hefði gert það hefði ég sennilega sagt hinar síðarnefndu verstu kaupin.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

# *Fötin endurspegla veðrið og innri líðan*

Það lenda allir í því einhvern tímann á ævinni að fara í eitthvað sem þeir skammast sín fyrir eða líður illa í. Of þröngar gallabuxur eða fleginn bolur getur vakið upp þessar kenndir meðal stúlkna. Ég hef oft klætt mig á morgnana, farið í vinnuna og átt svo enga ósk heitari en að fara heim og skipta um klæðnað þegar líður á daginn. Þetta hefur áhrif á skapið og þar af leiðandi útgeislunina sem gjörsamlega er í núlli þegar fatnaðurinn sem maður klæðist er ekki í takt við innri líðan.

Ljót föt eða skrítnar litasamsetningar geta nefnilega orðið einkennilega flott ef manni líður vel í fötunum. Og öfugt, flott föt verða ljót ef manni líður illa eða er í vondu skapi. Einnig getur maður greint líðan manna eftir fatnaði. Það er svipað og með veðrið. Ef ég er í vondu skapi fer ég oftast í eitthvað svart og vítt og það sama gildir ef veðrið úti er grátt og hryssingslegt. Ef sólin skín og ég vakna með bros á vör þá verða sumarkjólarnir og litríku fötin fyrir valinu.

Ég hef alltaf prísað mig sæla yfir því að vera ekki í vinnu sem krefst einkennisklæðnaðar. Ég vann reyndar á mínum unglingsárum í sjoppu nokkurri þar sem við þurftum að klæðast bolum með merki sjoppunnar á brjóstinu. Bolirnir voru náttúrulega bara til í risastærðum þannig að ég hreinlega hvarf ofan í bolinn, leit út eins og dvergur fyrir aftan afgreiðsluborðið í stutterma bol niður á hné. Ekki boðlegt, og var ég því ávallt með afsakanir til þess að þurfa ekki að klæðast þessum viðurstyggilegu bolum. Fórnaði frekar mínum eigin fatnaði undir íssósur og tómatsósu til að vera smart við þjónustustörfin. Bolirnir voru ein aðalástæða þess að ég sagði upp starfi mínu í sjoppunni eftir stutta viðveru enda var ég alls ekki með bros á vör í risastórum karlmannsstuttermabol.






**HÁTT MITTI** Kvenlegar línur eru í fyrsta sæti á komandi ári og hátt mitti undirstrikar kvenleikann.



**KÖFLÓTT** Diane Von Furstenberg var með mikið köflótt í sýningu sinni og því köflótt að komast aftur í tísku eftir að hafa horfið í stuttan tíma.



**STÓR OG ÝKT** Blöðrusnið í kápum, kjólum og pilsum eru nýjasta „trendið“. Þessi bleika kápa er frá Chanel.



**„GOTHIC“** Drunglegar flíkur með jakkafatasniði og flottum mjúkum efnum frá Ann Demeulemeester.



**SONIA RYKIEL** Svart verður ennþá sterkur vetrarlitur og hér er flottar jakkafatabuxur.

# Kvenleg fágun og beinar línur

Loksins er einn besti tími tískunnar genginn í garð, haustið. Á þessu tímabili gerist mikið í tískuheiminum. Haustið er uppspretta tískubólanna og „trenda“ komandi árs.

Nú er rómantíkin og hippastíllinn sem réðu ríkjum fyrir ári horfin á braut og tíundi áratugurinn er farinn að segja til sín, ótrúlegt en satt. Axlapúðarnir, beinar línur í fatnaði og hið svo kallaða vansnið er komið aftur. Sixtís-stílinn með stuttpilsum og stuttum víðum kjólum er áberandi núna ásamt köflóttum efnum og jakkafata („tailored“) tísku fyrir kvenmenn með smókingjökkum og víðum skálmum. Buxurnar og pilsin eru með hærra mitti og kvenlegri snið og axlabönd eru mjög vinsæl um þessar mundir. Blöðrusnið og ýkt smáatriði í fötum er áberandi. Druslutískan, eins og spekingar vilja kalla hana, er komin aftur með risastórum pelsum og dýramunstri í fatnaði og fylgihlutum.

Það eru því margar skemmtilegar nýjungar sem haustið býður upp á þannig að tískufólk getur tekið gleði sína á ný eftir viðburðalítið sumar.

alfrun@frettabladid.is



**DRUSLUTÍSKA** „Cheap and chic“ er yfirskriftin yfir þessa tískubylgju en henni fylgir gull, silfur, pelsar og hár hælar.



**TIGERPRINT** Bolir með hlébarðamunstri í öllum litum koma sterkir inn í haustið.



**AXLABÖND** Flottar buxur frá Marc Jacobs með axlaböndum og víðum skálmum.



**DÝRAMUNSTUR** Verður áberandi í fylgihlutum næsta vetur sem og reimaðir ökklaskór eins og þessir frá Chloe.



**NÝTÍSKULEGT** Mischa á rauða dreglinum í flottum hönnunarkjól í ljósgráum lit.

# Ferskur blær á rauða dreglinum

Það er erfitt að trúa því að leikkonan Mischa Barton sé aðeins tvítug að aldri. Barton skaut upp á stjörnuhimininn þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpssápunni vinsælu OC. Þar lék hún hlutverk Marissu Cooper sem heillaði áhorfendur með flottum fatastíl og dularfullri framkomu. Barton er ensk að uppruna og hefur leikið í myndum á borð við Notting Hill og Sixth Sense.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Barton mjög fágaðan og kvenlegan stíl en hún passar sig þó á að halda í stelpuímyndina. Stuttir kjólar í nýjustu tískusniðunum við fallega opna skó eru hennar einkennisbúningur en annars fer henni eiginlega allt vel.

Barton hefur mikið dálæti á áströlskum hönnuðum sem og ungum og óreyndum hönnuðum enda leynist greinilega mikil tískuskvísa innra með henni. **- áp**



**LITUR VETRARINS** Ungstirnið sést hér í glæsilegum dökkfjólubláum kjól og silfurlitum skóm við. Frábær litasamsetning.



**PÁSKAUNGI** Flottur gulur kjóll með síðum ermum og blöðrusniði.



**BLÓMARÓS** Mischa er sæt í blómóttum kjól með silfur palliettum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FLOTT BLANDA** Barnaleg peysa í bland við dömulegt pils og fín stígvél. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**BLÁAR SOKKABUXUR** Flottur stuutur og hippalegur kjóll með fallegu munstri frá Walker.

# Frábær og einstök

Hin nýsjálenska Karen Walker hefur fengið verðskuldaða athygli tískusérfræðinga fyrir hönnun sína. Hún útskrifaðist úr hönnunarnámi árið 1990 og fimm árum síðar var Walker búin að opna tvær verslanir undir sínu eigin nafni í heimalandinu.



**SNILLINGUR** Karen Walker er sjálf mjög jarðbundin og tekur tilraunakenndina út í hönnun sinni.

Árið 1998 hélt Walker í fyrsta sinn sína eigin sýningu og fór að selja vöru sína í framhaldi af því í aðaltískuvöruverslun New York, Barneys. Þaðan lá leiðin aðeins upp á við og nú er Karen Walker mjög eftirsóttur hönnuður sem selur hönnun sína út um allan heim. Fatnaður hennar er mjög oft litaglaður, stelpulegur og kynþokkafullur í senn. Stundum jaðrar við að fötin séu barnaleg með skrítnum fígúrum og blúndum en seljast ávallt vel. Walker er vinsæl hjá stjörnum á borð við Björk, Siennu Miller og Jennifer Lopez. Því má segja að hún hanni margbreytilegan fatnað fyrir flestar týpur. **-áp**



**VETUR** Appelsínugul vetrarúlpa sem mundi sóma sér vel í vetrarhörkunni hér á landi.


Sjón er sögu ríkari...!

Útsala Útsala

Komdu og gerðu frábær kaup...

Sófasett, stakir sófar, hornsófar, svefnsófar, borðstofusett, hvíldarstólar, skenkar, stakir stólar, o.fl.o.fl...







Leður eða áklæði



Verðdæmi: Sófasett 3+1+1
Verð áður kr. 198.000.-
Verð nú kr. 99.000.-



Verðdæmi: Mjög vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri
Verð áður kr. 419.000.-
Verð nú kr. 249.000.-



Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með leðri/fætur: krisub.,hnota, svart
Verð áður kr. 16.500.-
Verð nú kr. 12.900.-

Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með slitsterku ákl./ljósir fætur
Verð áður kr. 15.900.-
Verð nú kr. 10.000.-

20-50% afsláttur

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16 / Sunnudag 13-16

www.valhusgogn.is Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

# Gibson fékk þrjú ár skilorðisbundin

Mel Gibson hlaut þriggja ára skilorðisbundinn dóm og er gert að mæta á fundi hjá AA-samtökunum fimm sinnum í viku næsta fjóran og hálfan mánuðinn fyrir að hafa verið tekinn með of hátt magn af áfengi í blóðinu. Gibson var sem kunnugt er handtekinn fyrir ölvunarakstur í lok júlí en það voru ef til vill ummæli hans um gyðinga sem voru hvað mesti fréttamaturinn. Leikarinn sagði gyðinga vera ábyrga fyrir öllum styrjöldum í heiminum og spurði í framhaldi hvort lögreglumaðurinn sem stoppaði hann væri gyðingur. Ummælin fóru mjög fyrir brjóstið á áhrifamiklu fólki í afþreyingariðnaðinum en jafnframt komu allar helstu stórstjörnur Bandaríkjanna Gibson til varnar.

Leikarinn mældist með 0,12 prómill af áfengi í blóðinu en leyfilegt magn í Kaliforníu er 0,08. Honum var engu að síður sleppt með ákæru fyrir að hafa verið drukkinn undir stýri og að hafa ekið með opna tequila-flösku í bílnum. Gibson játaði sig sekan en mætti ekki til að hlýða á úrskurðinn. Saksóknarinn í málinu, Gina Satriano, sagðist vera ánægð með niðurstöðuna og kvaðst líta á þetta sem fordæmisgefandi fyrir aðra sem ætluðu að aka undir áhrifum.

Gibson bauðst til að gera forvarnarmynd sem sýndi hörmulegar afleiðingar ölvunaraksturs en dómstóllinn gerði ekki kröfu um það. Þá var einnig úrskurðað að fjölmiðlar fengju ekki aðgang að hljóðritunum og myndbandsupptökum af handtökunni þar sem ummæli Gibsons um gyðinga hefðu ekki verið refsiverð.



**MEL GIBSON** Þarf að mæta fimm sinnum víku á fundi AA-samtakanna næstu mánuðina samkvæmt dómsuppkvaðningu. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Osment í klandri

Unglingastjarnan Haley Joel Osment er í vondum málum en hann hefur verið kærður fyrir að hafa marijúana undir höndum auk þess að hafa verið tekinn fyrir ölvunarakstur. Osment, sem er einungis átján ára, gæti átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsi ef hann verður fundinn sekur um öll ákæruatriði en upp komst um leikarann þegar hann klessti bílinn sinn í júlí með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði og brákaðist á öxl.

Talsmaður Osment fékkst ekki til að gefa út yfirlýsingu en leikarinn á að mæta fyrir dómi 19. september næstkomandi.

Saksóknarinn í málinu ákvað að kæra leikarann fyrir eign á fíkniefnum og ölvunarakstur en talið er að áfengismagnið í blóðinu á Osmount hafi verið vel yfir leyfilegu hámarki sem eru 0,08 prómill. Samkvæmt aðstoðarsaksóknaranum Ed Green er talið að áfengismagnið hjá Osment hafi verið 0,15 og var gefin út sérstök ákæra vegna þess. Osment vakti mikla athygli fyrir ótrúlega frammistöðu í kvikmyndinni Sixth Sense og var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aukahlutverki. Hann lék einnig undir stjórn Stevens Spielberg í A.I. og á móti Kevin Spacey í Pay it Forward.

Haley Joel Osment er langt því frá fyrsta barnastjarnan sem lendir í erfiðleikum með áfengi og fíkniefni. Drew Barrymore gekk næstum af sjálfri sér dauðri á unga aldri með óhóflegri áfengis- og fíkniefnaneyslu og þá hefur Edward Furlong (sem lék í Terminator 2) margoft komist í kast við lögin vegna alls konar minni háttar afbrota. Ekki má gleyma Macaulay Culkin úr Home Alone-myndunum sem má muna fífil sinn fegurri en ekki er langt síðan hann var dæmdur fyrir hassreykingar.



**HALEY JOEL OSMENT** Langt frá því að vera fyrsta barnastjarnan sem lendir í erfiðleikum með vímuefnaneyslu. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES







# Motta er máttur



**ANNAÐ SÆTIÐ** Styrmir hlaut annað sætið og skálaði við áhorfendur.



**ÞRIÐJA SÆTIÐ** Óttar Proppé er þekktur fyrir að geta brugðið sér í hin ýmsu gervi og var glæsilegur á sviðinu á Sirkus.



**DÓMNEFNDIN** Ragnheiður Gísladóttir, Svavar Örn og Björgvin Halldórsson sjást hér stíga á svið til að kunngera úrslit kvöldsins.



**ENDALAUS GLEÐI** Jóhanna, Óli Hjörtur og Ýr voru í svakalegu stuði enda Mottukeppnin orðin árlegur viðburður á Sirkus.



**SIGURVEGARI KVÖLDSINS** Erik vann og var fagnað mjög þegar úrslitin voru kunngerð. Hann hreppti glæsileg verðlaun svo ekki sé minnst á virðinguna sem fylgir titlinum motta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Hin árlega Tom Selleck-keppni var haldin á skemmtistaðnum Sirkus á fimmtudaginn var. Keppnin gengur út á það að föngulegir karlmenn keppa um hver hefur flottasta yfirvaraskeggið. Í fyrsta sæti var Erik, Styrmir hlaut annað sætið og Óttar Proppé hreppti þriðja sætið. Dómnefndin var ekki af verri endanum en hana skipuðu Ragnhildur Gísladóttir söngkona, Björgvin Halldórsson söngvari, Ragnar bassaleikari í Botnleðju og fyrrverandi sigurvegari mottukeppninnar og Svavar Örn hárgreiðslumaður. Mikil var gleðin á Sirkus og keppendur tjölduðu öllu til var, enda ekki amalegt að vera valinn motta ársins. **-áp**

# Bæjarstjóranum tekið með kostum og kynjum

„Bæjarbúar tóku mér með kostum og kynjum. Ég kom hingað í blíðskaparveðri, hitti fyrir gott fólk og fór í félagsheimilið Víkurbæ þar sem Ástarvikan fór fram og ég var settur inn í dagskrána," segir Grímur Atlason, sem tók við bæjarstjórastöðunni á Bolungarvík í fyrradag. „Ég sat með börnunum mínum og konu og fólk mærði okkur í bak og fyrir. Það var létt og góð stemmning, góð atriði og allt til fyrirmyndar."

Að sögn Gríms var meðal annars boðið upp á ástarpunga og kökur í félagsheimilinu. Honum þótti einnig vænt um að sveitarstjórinn á Súðavík talaði til hans. „Ég á rætur mínar að rekja þangað," segir Grímur.

Grímur mætti í Ráðhúsið á Bolungarvík í gærmorgun en áður en vinnudagur hófst fór hann í sundlaugina þar í bæ. „Ég er mikill sundmaður en syndi samt aldrei. Ég fer alltaf í pottinn og þar líður mér vel. Ég fór alltaf í pottinn í Reykjavík og ætla að líka að gera það hér," segir Grímur. Bæjarstjórinn þykir nokkuð liðtækur bassaleikari og telur það ekki ólíklegt að hann muni draga fram hljóðfærið á Bolungarvík. „Halli gamli trommarinn úr Rotþrónni er hérna. Við höfum tekið upp saman og síðan er Óli, fyrrverandi bæjarstjóri, búinn að bjóða mér að spila með sér. Bassinn og bassamagnarinn fylgja allavega með í flutningabílinn," segir Grímur bæjarstjóri.



**FJÖLGUN Á BOLUNGARVÍK** Með komu Gríms Atlasonar og fjölskyldu fjölgar fólki á Bolungarvík enda eiga bæjarstjórinn og Helga Vala Helgadóttir, eiginkona hans, fjögur börn.

# Ein mynd á dag í heilt ár

**Einhverjir muna eflaust eftir kvikmyndinni Smoke þar sem sjoppueigandinn Augustus ‚Auggie' Wren tók myndir af sama götuhorninu í New York. Haukur M. Hrafnsson og kona hans, Ásta Júlía Guðjónsdóttir, hafa nú gert það sama á Laugaveginum.**



**HAUKUR OG ÁSTA** Fengu þá prýðishugmynd að taka eina mynd á dag út um gluggann hjá sér og sýna afraksturinn í Gallerí Gel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hugmyndin kom eiginlega bara að sjálfu sér enda alltaf eitthvað að gerast á Laugaveginum," segir Haukur M. Hrafnsson kvikmyndagerðarmaður sem mun ásamt Ástu Júlíu Guðjónsdóttur konu sinni halda ljósmyndasýningu á Menningarnótt. Sýningin byggist upp á ljósmyndum sem þau hjónin hafa tekið á hverjum degi frá sama sjónarhorni út um gluggann heima hjá sér í heilt ár. „Við byrjuðum að taka mynd út um gluggann á Gay Pride í fyrra og enduðum seríuna á sama degi núna í ár."

Það eru 365 myndir sem verða til sýnis og viðurkennir Haukur að þær séu ekki allar jafn skemmtilegar en það er gaman að sjá árstíðabreytinguna og hversu mikil áhrif veðrið hefur fólksfjölda á Laugaveginum. „Fólk hefur oft horft upp í gluggann og undrast á myndavélinni sem beinist beint niður á götuna. Sumir halda örugglega að við séum algjörir perrar," segir Haukur hlæjandi og fullvissar blaðamann um að sú sé ekki raunin. Hann er mest spenntur fyrir því að sjá myndirnar allar saman á sýningunni en hún stendur í þrjár vikur samfleytt. Sýningin er til húsa í Gallerí Gel á Hverfisgötu 37 og byrjar klukkan 20. Myndir eru til sölu og eru hjónin með sérstök tilboð í gangi fyrir sýningargesti. „Ef fólk getur sannað fyrir okkur að þau eigi afmæli á deginum sem myndin er tekin fær það sérstakan afmælisafslátt af myndinni," segir Haukur.



**MÓTMÆLI** Margmenni gengur niður Laugaveginn um sumar í einhvers konar mótmælagöngu.



**FERÐAMENN** Veðurbarnir túristar horfa aumkunarverðir upp í myndavélina enda er þetta örugglega ekki myndamóment að þeirra mati.



**LINDSEY LOHAN** Var bannað að sækja tónleika með Justin Timberlake af útgáfufyrirtæki hans.

# Bönnuð

Leikkonan unga Lindsey Lohan hefur aldeilis lent í hrakförum undanfarna viku í kjölfar frétta af drykkju hennar og partístandi. Plötufyrirtækið sagði henni upp og framleiðendurnir að nýjustu mynd hennar gáfu leikkonunni aðvörun. í síðustu viku ætlaði svo Lohan að fara á tónleika með Justin Timberlake en útgáfufyrirtæki Justins neitaði að selja unglingsstjörnunni miða. Talsmenn þess telja Lohan vera slæma fyrir ímynd Justins og vilja ekki að hún dragi athyglina frá söngvaranum með drykkjulátum.

Lindsey Lohan hefur einmitt sætt mikillar gagnrýni undanfarið fyrir að nenna ekki að vinna og vera bara í partíum og í sólbaði alla daga.


allt
heimili
Alla fimmtudaga



Sameinaðu á þínum sælureit:
Heimilið • Vinnustofuna
Tómstundir • Sumarbústaðinn

Glæsilegar eignir á stórum eignarlóðum við Hveragerði

300-500 fm. einbýlishús á 6000 fm. eignarlóðum.
Stækka má hús í 600 fm. Byggja má 100 fm. gróðurhús
og 10 hesta hús, án gatnagerðargjalda.



SÖLUSÝNING
í Klettagljúfri
8 - 10 - 17
19 og 23
Laugardag
Kl. 10 - 16
og
Sunnudag
kl. 13 - 16



Útsýnislóðir



CasaFirma
FASTEIGNASALA
Guðmundur Þórðarson, hdl. lögg. fasteignasali

Nánari uppl. www.austurbru.is
Jónas S. 897 8599 & Örn 896 4847









**SÖNGVARINN SÍVINSÆLI** Rás 2 útvarpar beint frá tónleikum Robbie Williams á Menningarnótt, en tónleikarnir eru haldnir í Vínarborg.

# *Beint frá Vínarborg*

Popptónlistarmaðurinn Robbie Williams verður í aðalhlutverki á Rás 2 á Menningarnótt. Þá verður bein útsending frá stórtónleikum kappans í Vínarborg og stendur útsendingin yfir milli klukkan 19 og 21.

Tónleikarnir í Vínarborg eru hluti af einni viðamestu tónleikaferð sem nokkur tónlistarmaður hefur lagt upp í, og fylgir í kjölfar útgáfu plötunnar Intensive Care. Ríflega ein og hálf milljón manna fjárfesti í tónleikamiðum ferðarinnar í forsölu á fyrsta degi sem er heimsmet. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi þeirra sem sjá Robbie í tónleikaferðinni verði tæplega þrjár milljónir á tónleikunum 44 í 14 löndum. Tónleikaferðin heitir Close Encounters og eru allir tónleikarnir haldnir á risasviði sem er eftirlíking af geimskipi sem söngvarinn hannaði sjálfur af þessu tilefni.

Svo gestir miðborgarinnar á Menningarnótt missi ekki af þessum stórviðburði hefur Rás 2 ákveðið að koma upp öflugum hljómflutningstækjum fyrir utan verslun Skífunnar á Laugavegi 26. Þangað geta allir mætt sem vilja og notið tónleikanna í góðum hljómgæðum.






# Fullnægingarleysið besta Stones-lagið

**Breskir aðdáendur greiddu á dögunum atkvæði um hvaða lag Rolling Stones væri í mestum metum hjá þeim. Úrslitin komu fáum á óvart.**

I Can't Get No (Satisfaction) hlaut fimmtung þeirra þúsund atkvæða sem greidd voru í könnun American Express en fyrirtækið er aðalbakhjarl hljómsveitarinnar. Breskir voru einnig flestir sammála um að Sticky Fingers, sem kom út árið 1971, væri besta plata Rollingganna.

I Can't Get No (Satisfaction) var fyrsta lagið sem komst á toppinn í Bandaríkjunum en hið fjórða í röðinni á Bretlandi. Hið víðfræga gítarriff varð til á hótelherbergi í Kaliforníu þegar Keith Richards vaknaði eftir „erfiða" nótt. Richards hafði hins vegar töluverðar áhyggjur af því að stefið líktist laginu Dancing in the Street eftir Mörthu Reeves og Vandellas, en eins og margir muna tók söngvari Rolling Stones, Mick Jagger, einmitt lagið upp á sína arma ásamt David Bowie. I Can't Get No (Satisfaction) varð eitt af einkennislögum Rolling Stones og hefur verið endurgert af jafn ólíkum tónlistarmönnum og Britney Spears og Otis Reading.

Tónleikaferð Rolling Stones um heiminn hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig því fyrst datt Keith Richards niður úr pálmatré eftir að hafa verið að klifra í því í sumarfríi sínu. Hlaut gítarleikarinn höfuðáverka og varð að fresta nokkrum tónleikum af þeim sökum. Fyrir skömmu urðu Rolling Stones síðan að aflýsa fyrirhuguðum tónleikum á Spáni vegna veikinda Micks Jagger. Hljómsveitin er væntanleg til Bretlands á næstunni og sagði umboðsmaður sveitarinnar að hún myndi halda sínu striki þrátt fyrir veikindin. ■



**ROLLING STONES** Lagið I Can't Get No (Satisfaction) var valið besta lag sveitarinnar af breskum aðdáendum.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

**BESTU ROLLING STONES LÖGIN**

- I Can't Get No (Satisfaction)
- Brown Sugar
- Jumpin' Jack Flash
- Paint it Black
- Wild Horses
- Sympathy For The Devil

# Paris Hilton stofnar klúbb

Nú hefur hótelerfinginn og partíljónið Paris Hilton stofnað klúbb fyrir einhleypar konur. Þær stúlkur sem gerast meðlimir í klúbbnum verða að gangast undir veðmál þess efnis að þær mega ekki sofa hjá karlmönnum. Sú sem heldur lengst út vinnur veðmálið en leyfilegt er að kyssa karlmann. Paris segir að tilgangurinn með klúbbnum og veðmálinu sé að fá stelpurnar til að einbeita sér að einhverju öðru en karlmönnum eins og til dæmis vinnunni. Tennisstjarnan Serena Williams mun vera einn af meðlimum klúbbsins.



**PARIS HILTON** Hefur stofnað klúbb fyrir einhleypar konur. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS







**MADONNA** Hélt upp á 48 ára afmæli sitt á dögunum og mætti tveimur tímum of seint í eigin veislu.

# Mætti seint í afmælið

Söngkonan góðkunna Madonna átti afmæli á dögunum og hélt hún risaveislu í London.

Veislan kostaði tíu milljónir íslenskra króna og var margt um manninn. Madonna lét þó gesti sína bíða eftir sér því hún og Guy Richie eiginmaður hennar voru tveimur tímum of sein í veisluna. Leikarinn Kevin Spacey, Gwyneth Paltrow og rokkarinn Axl Rose voru meðal gesta og hélt Madonna meðal annars ræðu þar sem hún lýsti yfir ást sinni til Richie.



**BRITNEY SPEARS** Söngkonan unga viðurkennir að barnið sem hún ber undir belti hafi verið slys.

# Barnið slys

Poppprinsessan Britney Spears segir að annað barn sitt hafi verið slys og að hún hafi aldrei viljað eignast barn svona fljótt aftur. Spears er komin átta mánuði á leið af öðru barni sínu en frumburðurinn er aðeins ellefu mánaða gamall. „Það er mjög þreytandi að vera ólétt með svona lítið barn á handleggnum,“ segir Spears í viðtali við Peoples Magazine. Hún segist þó taka bara einn dag í einu og að hún muni ekki verða ólétt aftur í bráð.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Colin Farrell** mun hafa bætt svo mörgum kílóum á sig fyrir tökur á kvikmyndinni „Miami Vice“ að tökuliðið þurfti að beita ýmsum brögðum til að fela bumbuna hans í myndinni. Ástæðan mun vera óheilbrigt líferni kappans en það birtist í mikilli drykkju og óhollu mataræði. Miami Vice var frumsýnd hér á landi fyrir stuttu og ásamt Farrell leikur Jamie Foxx, aðalhlutverkið í myndinni.



Ólátabelgurinn **Pete Doherty** gisti fangageymslur lögreglu í síðustu viku eftir að hafa verið gómaður með mikið magn af eiturlyfjum í fórum sér. Þar með blæs hann á að hann muni vera edrú fyrir **Kate Moss** en parið trúlofaði sig fyrr í vikunni og Moss hélt því fram að Doherty ætlaði að hætta allri vitleysu. Óvíst er því hvort verði af brúðkaupinu. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Doherty þarf að gista fangageymslur en hann er þekktur fyrir mikið partílíferni.



**Bobby Brown**, sem er frægastur fyrir það að vera eiginmaður söngkonunnar **Whitney Houston**, er byrjaður í sambúð með klámmyndastjörnunni **Karrine Steffans**. Þetta þykir skrítið því fyrr í sumar lýsti Brown yfir ást sinni á Houston og sagði að hjónabandið væri í himnalagi. Brown mun hafa búið hjá Steffans í nokkra mánuði en Houston og Brown eru ennþá gift og ekki er vitað hvernig þau munu snúa sér í þessum málum.








### Heiðar Davíð áfram

Heiðar Davíð Bragason lék í gær annan hringinn á Landmann-mótinu í Svíþjóð á einu höggi undir pari. Hann lék hringinn í gær á 71 höggi og er því samtals á parinu eftir 36 holur. Hann var einn af fimmtíu kylfingum sem komust í gegnum niðurskurð og leika lokahringinn í dag.

**sport**

sport@frettabladid.is

EMIL HALLFREÐSSON: ÓVÍST HVAÐ TEKUR VIÐ Í HAUST

# *Áhugi hjá Malmö að semja við Emil*



Hafnfirðingurinn Emil Hallfreðsson hefur staðið sig vel hjá sænska úrvalsdeildarliðinu Malmö í ár en hann kom til liðsins um áramótin. Þangað var hann lánaður frá enska úrvalsdeildarliðinu Tottenham sem hann er samningsbundinn. Hvað tekur við í haust er enn í lausu lofti en að öllu óbreyttu heldur hann aftur til Tottenham þegar tímabilið í Svíþjóð er búið.

„Ég er samningsbundinn Tottenham út tímabilið í vor og á þá möguleika á að semja í eitt ár til viðbótar," sagði Emil við Fréttablaðið er hann var á leiðinni aftur til Svíþjóðar frá Austurríki þar sem hann lék með landsliði Íslands skipuðu leikmönnum 21 árs og yngri. „Ég veit í sjálfu sér ekki hvað tekur við og reyni eins og er að hugsa sem minnst um það. Ég hef heyrt af áhuga hjá Malmö að halda mér og semja við mig og ég veit að þeir eru ánægðir með mig. En ég veit sjálfur ekki fyrir víst hvað ég vil gera."

Aðspurður segist hann jafnvel velta fyrir sér að fara aftur í Tottenham og berjast fyrir sæti sínu þar. „Ég veit að það yrði mjög erfitt enda er liðið búið að styrkja sig mikið að undanförnu. Þetta verður tíminn einn að leiða í ljós og ætla ég að einbeita mér að því að standa mig vel með Malmö og ná sem flestum leikjum undir beltið."

Hann segist þó vera orðinn þreyttur enda hafi hann ekki fengið almennilegt frí lengi. „Þegar tímabilinu lýkur í haust verða komnir 16 mánuðir í röð og ég er orðinn svolítið þreyttur."

En hann hefur þó verið frá á þessum tíma, bæði vegna meiðsla og veikinda. „Þetta ár byrjaði ekki vel og ég missti af fyrstu fimm leikjum Malmö í vor. En síðan þá hef ég leikið vel flesta leiki liðsins."

Sem stendur er Malmö í 6. sæti sænsku úrvalsdeildarinnar, sjö stigum á eftir toppliði Hammarby.

### > Línur farnar að skýrast



Lokaspretturinn í neðri deildum Íslandsmótsins í fótbolta er farinn af stað og línur farnar að skýrast. Njarðvíkingar tryggðu sér á fimmtudag sæti í 1. deild á næsta sumri með stórsigri á Aftureldingu. Fimmtándu umferð deildarinnar lýkur í dag en það verða þrjú lið sem fara upp úr 2. deild í ár vegna fjölgunar í þeirri fyrstu. Fjarðabyggð og Reynir úr Sandgerði eru í góðum málum í sætunum fyrir neðan Njarðvík. Í dag lýkur riðlakeppninni í 3. deild með fjölda leikja í öllum riðlum en sex lið hafa þegar tryggt sæti sitt í úrslitakeppninni sem hefst með átta liða úrslitum eftir viku.



**XAVI** Meiddur með landsliðinu en ekki með Barcelona. NORDICPHOTOS/GETTY

Espanyol með ásakanir:

## Barcelona braut reglur

**FÓTBOLTI** Spænska félagið Espanyol ásakar Barcelona um að hafa brotið reglur í fyrri viðureign liðanna um spænska Ofurbikarinn. Barcelona vann leikinn 1-0 með marki Ludovic Giuly. Þeir Carles Puyol og Xavi spiluðu báðir leikinn en gátu hins vegar ekki verið með spænska landsliðinu í æfingaleiknum gegn Íslandi á þriðjudag þar sem tilkynnt var að þeir væru meiddir.

Framkvæmdastjóri Espanyol segir Barcelona hafa brotið reglur FIFA en í þeim segir að þeir leikmenn sem ekki geti verið með í landsleikjum vegna meiðsla megi ekki leika með félögum sínum næstu fimm daga eftir leik. Eiður Smári Guðjohnsen var heldur ekki með í landsleiknum en hann var hins vegar allan tímann á varamannabekk Börsunga. - egm

Khalid Boulahrouz:

## Fer til Chelsea

**FÓTBOLTI** Chelsea er við það að klófesta hollenska landsliðsmiðvörðinn Khalid Boulahrouz frá Hamborg. Hann kemur til Englands í dag og mun skrifa undir samning eftir læknisskoðun en Steve Clark, aðstoðarmaður Jose Mourinho, sagði í gær að hann væri góð viðbót við annars sterkan leikmannahóp Chelsea.

Kaupin hafa líklega engin áhrif á fyrirhuguð kaup Chelsea á Ashley Cole frá Arsenal en eru merki um að William Gallas fái loks að fara. - hþh

# Mætum sterkum Tékkum

**Í dag klukkan 16 hefst leikur Íslands og Tékklands í undankeppni HM 2007 en úrslitakeppnin fer fram í Kína. Ísland á raunhæfan möguleika á að tryggja sér sæti á mótinu en þarf að vinna þá leiki sem eftir eru. Í dag eru það Tékkar.**

**FÓTBOLTI** Þátttaka Íslands í undankeppni HM, sem fer fram í Kína á næsta ári, hófst á afar jákvæðum nótum, fyrst með sigri gegn Hvít-Rússum á heimavelli og svo jafntefli gegn einu besta liði heims, því sænska, á útivelli. Þar með var íslenska liðið komið með bullandi séns á að sigra í riðlinum og tryggja sér þannig sæti á HM í Kína en aðeins eitt lið úr riðlinum kemst í úrslitakeppnina.

Næst mætti liðið Tékkum á útivelli og tapaði leiknum. Voru það mikil vonbrigði eftir þau góðu úrslit sem náðust í Svíþjóð. „Það sló okkur alveg út af laginu," sagði Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær. „En það er núna mikill hugur í hópnum og góð stemning, vonandi eru það góð fyrirheit fyrir leikinn."

Síðan þá hafa bæði Ísland og Svíþjóð unnið alla sína leiki en Tékkar tapað á heimavelli fyrir Svíþjóð. Ísland og Tékkland eru jöfn að stigum fyrir leikinn í dag og því sigur nauðsynlegur í dag ætli íslenska liðið að ná Svíum að stigum.

„Þetta er gríðarlega mikilvægur leikur. Tékkar eru með feikilega öflugt lið og það er ekkert sjálfgefið í þessu. Þær spiluðu við Svía á heimavelli í vor og töpuðu naumlega, 3-2. Við höfum reyndar átt í vandræðum með meiðsli og veikindi í undirbúningnum en vonandi verða allir klárir í slaginn á morgun. Vonandi náum við þeim úrslitum sem við viljum og þá verður enn meiri spenna um næstu helgi," sagði Jörundur Áki.

Á laugardag eftir viku kemur sænska liðið hingað til lands og ef Ísland vinnur í dag verður það nánast hreinn úrslitaleikur um hvort liðið fer til Kína. Svíum mun þó duga jafntefli en þó að markatala þeirra sé mun betri en íslenska liðsins mun árangur innbyrðis viðureigna telja fyrst og þar stendur Ísland betur, ef liðið nær að hafa betur gegn þeim sænsku um næstu helgi.



**ÁSTHILDUR Í BARÁTTUNNI** Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir verður með í dag en hér er hún í baráttunni í leik gegn Hvíta-Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Við gerum okkur grein fyrir því að við eigum ágæta möguleika á að komast til Kína en við erum ekki að hugsa svo langt. Það þarf að passa að spennustigið í leiknum verði ekki of hátt hjá okkar leikmönnum."

Jörundur segir að árangur U-21 liðsins á Norðurlandamótinu nú fyrir skömmu sýni að það sé aðeins tímaspursmál hvenær íslenskt landslið verði með á stórmóti. „Þó að við kæmumst ekki til Kína þá mun það gerast von bráðar. Kjarninn úr U-21 liðinu er nú í landsliðinu og erum við með mjög sterka blöndu reyndari og yngri leikmanna í liðinu í dag."

Leikurinn hefst klukkan 16 á Laugardalsvelli og verður frítt á völlinn í dag.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**VILL FARA** Erfiðlega virðist ganga hjá Gallas að losna frá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY

Frakkinn William Gallas:

## Ítrekar að hann vilji fara

**FÓTBOLTI** William Gallas, varnarmaður Chelsea, hefur ítrekað það að hann vill yfirgefa enska stórliðið Chelsea. „Það er enn minn vilji að fara frá Chelsea. Ég vona að mál mín leysist sem fyrst en það hindrar mig samt ekki í að spila," sagði Gallas eftir leik Frakklands og Bosníu.

Honum finnst að hlutirnir gangi of hægt fyrir sig. „Liðsfélagar mínir sjá samt til þess að mér líður vel á æfingum," sagði Gallas sem var ekki með Chelsea í æfingaferð félagsins um Bandaríkin og var skilinn eftir utan hóps þegar Chelsea mætti Liverpool um síðustu helgi. - egm

Heiðar Geir hjá Hammarby:

## Ekki tilbúinn fyrir Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Framarinn Heiðar Geir Júlíusson var í vikunni við æfingar hjá sænska úrvalsdeildarliðinu Hammarby en með liðinu leika einnig Pétur Marteinsson og Gunnar Þór Gunnarsson. Í viðtali við heimasíðu félagsins bar hann dvölinni góða sögu en aðstoðarþjálfari liðsins, Thom Åhlund, sagði hann ekki vera tilbúinn fyrir sænsku úrvalsdeildina. „Þetta er ungur strákur og kraftmikill. Hann hleypur mikið og er góður með bolta. En hann á nokkur ár eftir þar til hann verður orðinn „tilbúinn". Það er sannarlega þess virði að fylgjast með honum." - esá


**Íþróttafélagið Gerpla**

**Upphaf vetrarstarfs Gerplu**

Skráning lýkur 21. ágúst og verða stundaskrár afhentar 26. ágúst fyrir pilta og 27. ágúst fyrir stúlkur (milli 12:00 og 15:00) í Íþróttamiðstöðinni að Versölum í Kópavogi. Æfingar hefjast samkvæmt stundaskrá 1. september.

**Opinn dagur**

Til að kynna starfssemi félagsins verður opinn dagur á milli kl. 12:00 og 15:00 sunnudaginn 20. ágúst að Íþróttamiðstöðinni í Versölum. Þar gefst börnum og foreldrum tækifæri til þess að prufa tækin og skoða þá aðstöðu sem félagið býður iðkendum sínum.

Skráning fer fram í síma 557-4925 og með tölvupósti **gerpla@gerpla.is** sjá nánar **www.gerpla.is**


Fram vann Þrótt í 1. deild karla þar sem Chris Vorenkamp skoraði eina markið:

# Framarar eru komnir upp

**FÓTBOLTI** Fram vann Þrótt 1-0 í 1. deildinni í gær. Frömurum nægði jafntefli til að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinni að ári en þeir gerðu gott betur en það og fengu öll stigin á Valbjarnarvellinum. Draumur Þróttara um að komast aftur upp fjarlægðist en þeir eru nú í fjórða sætinu, fimm stigum frá HK sem er í öðru sæti. Tvö efstu liðin komast upp í úrvalsdeildina.

Þróttarar voru skeinuhættari í fyrri hálfleiknum þó Framarar fengju sín færi en markalaust var í hálfleik. Chris Vorenkamp gekk til liðs við Fram frá ÍBV rétt áður en félagaskiptaglugganum var lokað og skoraði hann eina mark leiksins þegar sex mínútur voru liðnar af síðari hálfleik en það kom eftir horn Ingvars Ólasonar.



**SKOT AÐ MARKI** Helgi Sigurðsson fékk tvö góð færi til að innsigla sigur Fram í seinni hálfleik en náði ekki að skora. Hér á hann skot að marki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Um miðbik seinni hálfleiksins gerðust Þróttarar mjög ágengir uppi við mark Fram en herslumuninn vantaði. Úrslitin urðu því 1-0 fyrir Fram og því ljóst að liðið er aftur komið upp í Landsbankadeildina eftir stutta dvöl í fyrstu deild. HK-ingar eru líklegir til að fylgja þeim upp nú þegar efstu lið eiga aðeins eftir að leika þrjá leiki. Fjölnir er í þriðja sæti deildarinnar, fimm stigum frá HK og með stigi meira en Þróttur. - egm



# StelpurKonur

Staðurinn - Ræktin

**OPNUNARHÁTÍÐ 10. SEPTEMBER FRÁ KL. 14 - 17 40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KORTUM!**

## Opnum nýjan, stærri og enn betri stað!

**Við bjóðum fjölbreytta tíma í sal, margvísleg námskeið, tækjasal og leiðsögn**

## Innritun hafin á öll námskeið í síma 581 3730:

- **TT 1  Vertu í góðum málum!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT 2  Vertu í góðum málum!**
  Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT 1
- **TT 3 og 4  Taktu þér tak!**
  Lokuð 6 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20 og 21-30 ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **6o +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **Meðgönguleikfimi**
  Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku

**Þinn tími er kominn!**
**Opna kerfið**

1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.
8. Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl
9. Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

**Barnagæsla - Leikland JSB NÝTT**

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Norðmaðurinn Dagfinn Enerly er lamaður fyrir neðan háls eftir slys í leik:

# Óttaðist að vakna ekki aftur

**FÓTBOLTI** Fyrir um níu mánuðu, í lokaleik Fredrikstad á tímabilinu í norsku úrvalsdeildinni síðastliðið haust, varð fyrirliðinn Dagfinn Enerly fyrir óhugnanlegu slysi þegar liðsfélagi hans lenti ofan á honum eftir mikið krafs í vítateig liðsins með þeim afleiðingum að Dagfinn hálsbrotnaði og lamaðist fyrir neðan háls. Sló þetta mikinn óhug á norsku þjóðina og rigndi heillaóskaskeytum í kjölfarið.

„Ég heyrði brak og hugsaði með mér að eitthvað mikið væri að,“ sagði Enerly í nýlegu sjónvarpsviðtali en það er í fyrsta skipti sem hann hefur tjáð sig opinberlega um slysið. „Ég gat ekki hreyft mig á nokkurn hátt. Það var eins og allur líkaminn væri dauður.“

Næstu fimm vikurnar þurfti hann að vera tengdur við öndunarvél á sjúkrahúsi. „Þér finnst þú vera dauður. Þú þarft að fá hjálp til þess eins að lifa við slíkar aðstæður,“ sagði Enerly. „Mér tókst að koma út úr mér hljóðum sem Mona kona mín skildi. Dagana sem ég fékk heimsóknir var hún túlkurinn minn en hún var hjá mér alla daga. Ég var hræddur við að vera einn. Hræddur við að eitthvað myndi gerast.“



**BORINN AF VELLI** Dagfinn Enerly eftir leikinn örlagaríka í haust. NORDIC PHOTOS/AFP

Hann sagði að þúsund hugsanir hefðu leitað á sig. „Af hverju ég? Ég hef aldrei gert flugu mein, ekki satt? Og að þetta skuli hafa gerst á knattspyrnuvelli. Knattspyrnan er aðeins leikur og skemmtun.“

Enerly getur nú hreyft aðra höndina og nú dreymir hann um að geta klórað sér í hnakkanum. „Þetta tekur sinn tíma. Það er ekkert víst að þessir hlutir gangi til baka. En maður á tvo möguleika í stöðunni og annan þeirra notar maður aldrei.“

Hver skyldi sá möguleiki vera? „Að gefast upp. Þá ertu orðinn að grænmeti.“

Enerly segir að hann sé jákvæður maður þó svo að þetta hafi kúvent lífi hans. „Lífið er þess virði að lifa því. Vonandi verð ég gamall maður með sjö börn og tjaldvagn.“ - esá



**RONALDINHO** Sýnir listir sínar með brasilíska landsliðinu í næstu viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Brasilíska landsliðið:

# Ronaldinho og Kaka með á ný

**FÓTBOLTI** Carlos Dunga hefur valið brasilíska landsliðshópinn sem mætir liði Argentínu og Wales dagana 3. og 5. september næstkomandi. Báðir leikirnir verða í London, sá fyrri gegn Argentínu á heimavelli Arsenal, Emirates Stadium, og sá síðari á White Hart Lane, heimavelli Tottenham.

Allar helstu stjörnur liðsins voru fjarverandi er liðið gerði 1-1 jafntefli við Noreg í Ósló í vikunni. Nú voru þeir Ronaldinhno og Kaka aftur valdir í liðið en hvorki Ronaldo né Adriano hlutu náð fyrir augum landsliðsþjálfarans nýja. Í staðinn valdi hann ungstirnið Rafael Sobis sem í vikunni varð suður-amerískur meistari með liði sínu Porto Alegre. - esá



**BRYNJAR BJÖRN** Er hér í æfingaleik gegn Millwall í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brynjar Björn Gunnarsson:

# Er tilbúinn í slaginn í dag

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildin hefst í dag og á Íslendingaliðið Reading heimaleik gegn Middlesbrough. Reading er nýtt í deildinni en tveir íslenskir leikmenn eru í herbúðum þess, Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Sá síðarnefndi gat ekki leikið með íslenska landsliðinu gegn Spáni í vikunni vegna meiðsla en hann er þó klár í slaginn og er í leikmannahópnum í dag.

Hermann Hreiðarsson er að sjálfsögðu í leikmannahópi Charlton sem heimsækir West Ham. Heiðar Helguson og félagar hans í Fulham eiga erfitt verkefni fyrir höndum á morgun þegar þeir mæta Manchester United. - egm


ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Styrktu menntun þína

## Sæktu sjálfstæð einingarnámskeið

### EININGANÁMSKEIÐ Á GRUNNSTIGI

Nú getur þú valið um fjölmörg sjálfstæð námskeið úr“Námi samhliða starfi”. Hægt er að fá hvert þeirra metið til þriggja eininga í Viðskipta- og hagfræðideild HÍ og flest eru jafnframt kennd í fjarnámi.

Forysta og stjórnun – *einnig í fjarnámi* \
Fjármál I \
Upplýsingatækni – *einnig í fjarnámi* \
Rekstrarstjórnun \
Alþjóðamarkaðsfræði og markaðsáætlanir \
Mannauðsstjórnun – *einnig í fjarnámi* \
Lögfræði – *einnig í fjarnámi* \
Hagfræði – *einnig í fjarnámi* \
Markaðsfræði I \
Utanríkisverslun \
Reikningshald og skattskil – *einnig í fjarnámi* \

### NÁM Á MEISTARASTIGI

Úrval námskeiða á meistarastigi í samvinnu við deildir Háskóla Íslands:

**Heilsuhagfræði**
*– í samstarfi við viðskipta- og hagfræðideild*
/ Heilsuhagfræði I
/ Heilsuhagfræði II (vor 2007)
/ Kostnaðar- og nytjagreining
/ Þættir í heilsuhagfræði (vor 2007)

**Viðskiptafræði**
*– í samstarfi við viðskipta- og hagfræðideild*
/ Alþjóðamarkaðssetning
/ Fjármálalögfræði
/ Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
/ Inngangur að rekstri og stjórnun
/ Markaðsfræði I MS
/ Rannsóknir í rekstrarhagfræði
/ Skipulagsheildir og stjórnun

**Tölvunarfræði** *– í samstarfi við verkfræðideild*
/ Samskipti manns og tölvu

**Hjúkrunarfræði** *– í samstarfi við hjúkrunarfræðideild*
/ Heilsugæsla II: Samfélagið, langvinn veikindi og heilsuefling

**Læknisfræði** *– í samstarfi við læknadeild*
/ Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema



// **AÐ VAXA OG DAFNA**
Endurmenntun sinnir sí- og endurmenntun á háskólastigi og uppfyllir þarfir fólks, hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða bara skemmta sér konunglega. Í boði eru u.þ.b. 200 styttri námskeið á fjölmörgum fræðasviðum ásamt fjölbreyttu framboði á námi samhliða starfi.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is



**RAUTT SPJALD** Rooney er hér rekinn af velli í æfingaleiknum gegn Porto. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson ekki sáttur:

## Aldrei aftur á þetta mót

**FÓTBOLTI** Manchester United mun ekki taka aftur þátt í hinu svokallaða Amsterdam-móti á undirbúningstímabili sínu. Sir Alex Ferguson er allt annað sáttur en þátttaka liðsins á þessu æfingamóti nú fyrir skömmu kostaði það að Wayne Rooney og Paul Scholes fá þriggja leikja bann í ensku úrvalsdeildinni. Þeir fengu rautt spjald í leik gegn Porto og ákvað dómarinn Ruud Bossen að gefa skýrslu um það atvik með fyrrnefndum afleiðingum.

„Það er klárt mál að við tökum aldrei aftur þátt í þessu móti. Rauða spjaldið sem Rooney fékk var fáránlegt. Það eru okkur mikil vonbrigði að missa menn í bann eftir æfingaleik en við þurfum að taka þessu," sagði Ferguson. Rooney og Scholes geta tekið þátt í leiknum gegn Fulham á morgun en eftir hann fara þeir í bann. - egm

Jóhannes Karl:

## Meiddist í landsleiknum

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson verður ekki í leikmannahópi AZ Alkmaar sem hefur leik í hollensku úrvalsdeildinni um helgina er liðið mætir NAC Breda. Jóhannes meiddist í nára í landsleiknum gegn Spáni á þriðjudaginn og ákvað því þjálfari liðsins, Louis van Gaal, að gefa honum frí um helgina svo að hann gæti náð sér sem fyrst.

Grétar Rafn Steinsson verður að öllum líkindum í liði AZ en hann er nú að hefja sitt annað tímabil hjá liðinu. Jóhannes Karl gekk til liðs við AZ í sumar frá enska 1. deildarliðinu Leicester. - esá



**ASHLEY COLE** Er einn besti vinstri bakvörðurinn í Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY

Bakvörðurinn Ashley Cole:

## Skilinn eftir utan hóps

**FÓTBOLTI** Bakvörðurinn Ashley Cole er ekki í leikmannahópi Arsenal sem mætir Aston Villa í dag þrátt fyrir að hann hafi gefið til kynna að hann væri tilbúinn að spila leikinn. Þessi 25 ára enski landsliðsmaður hefur stöðugt verið orðaður við Englandsmeistara Chelsea en ekkert samkomulag hefur enn náðst. Arsene Wenger, stjóri liðsins, hefur sagt að hann væri til í að halda Cole ef hans ákvörðun væri að vera áfram hjá liðinu.

„Ég tel að ekkert vandamál sé milli mín og stuðningsmannanna eða knattspyrnustjórans. Ég hef fengið stuðning frá þeim," sagði Cole og sagðist gefa kost á sér á leikinn sem verður fyrsti alvöru leikur félagsins á hinum nýja Emirates-leikvangi. - egm

Aaron Hughes landsliðsfyrirliði Norður-Írlands og varnarmaður Aston Villa:

# Norður-Írar sigurvissir fyrir Íslandsleikinn

**FÓTBOLTI** Aaron Hughes, leikmaður norður-írska landsliðsins og enska úrvalsdeildarliðsins Aston Villa, segir sína menn fulla sjálfstrausts eftir sigur á Finnum í vináttulandsleik í vikunni en leikurinn fór fram í Finnlandi. Hughes, sem er fyrirliði Norður-Íra, er sigurviss fyrir leikinn gegn Íslandi sem verður fyrsti leikur beggja liða í undankeppni EM 2008.

„Við gerðum Finnum mjög erfitt fyrir og stjórnuðum leiknum löngum stundum," sagði Hughes en hans menn unnu 2-1 sigur á sterku liði Finna þar sem flestir bestu leikmenn liðsins voru með. „Nú er aðalatriðið að taka þennan góða árangur með okkur í undankeppnina."

Miðvallarleikmaðurinn Steven Davis og félagi Hughes hjá Aston Villa gat ekki leikið með sínum mönnum í Finnlandi vegna meiðsla en búist er við að hann verður orðinn klár fyrir leikinn gegn Íslandi. Davis var í liði Norður-Íra sem vann frægan 1-0 sigur á Englandi í undankeppni HM 2006 en hann lagði upp markið á David Healy sem skoraði annað mark Norður-Íra í vikunni. Hitt skoraði Kyle Lafferty, leikmaður Burnley.

Sextán leikmenn komu við sögu í liði Norður-Íra gegn Finnum og þar af var Hughes eini leikmaðurinn sem er á mála hjá ensku úrvalsdeildarfélagi. Annar úrvalsdeildarmaður, Roy Carroll hjá West Ham, sat á varamannabekknum og kom ekki við sögu.

Þó var enginn heimamaður í liðinu en allir norður-írsku landsliðsmennirnir leika í Englandi, utan tveir sem leika í Skotlandi. Þá er ótalinn fyrirliði Birmingham, Damien Johnson, en hann verður í banni í fyrstu tveimur leikjum liðsins í undankeppninni. - esá



**AARON HUGHES** Fyrirliði norður-írska landsliðsins sem gerði góða ferð til Finnlands í vikunni. NORDIC PHOTOS/GETTY




## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Some places are like people: some shine and some don't.“**

**Svar: Dick Hallorann úr The Shining frá 1980**

# dagskrá

**Í TÆKINU: JOHN CLEESE LEIKUR Í THE OUT-OF-TOWNERS Í SJÓNVARPINU KL. 20.45**

# *Notaði húmor sem vörn*



John Marwood Cleese fæddist árið 1939 í Bretlandi. Honum var mikið strítt sem barni vegna hæðar sinnar en þegar hann var 12 ára var hann 183 cm á hæð. Hann komst fljótlega að því að með bröndurum og húmor gat hann varist stríðninni og snúið fólki á sveif með sér.

Grínferill Cleese hófst á meðan hann nam lög við Cambridge-háskóla. Hann og margir af framtíðargrínistum Bretlands settu upp grínsýningar en sú þekktasta, Cambridge Circus, varð síðar að fyrsta sjónvarpsþætti Cleese, I'm Sorry I'll Read That Again, sem sýndur var í BBC. Í kjölfarið komu nokkrar aðrar gamanseríur þangað til Monty Python's Flying Circus hóf göngu sína árið 1969.

Þátturinn varð strax vinsæll en hann var brautryðjandi í súrrealíksum konsepthúmor sem enn hefur mikil ítök í heimi grínista. Cleese tók þátt í framleiðslu þáttanna í þrjú ár og margir hafa haft það á orði að eftir að hann fór hafi húmorinn einfaldlega orðið of steiktur. Cleese hafi verið akkerið sem hélt hinum á jörðinni.

Cleese á einnig að baki fjölda mynda, þær bestu í samstarfi við Monty Python-gengið. Á síðari árum hefur hann birst í ýmsum hlutverkum, t.d. í Harry Potter, James Bond sem R og síðar Q, og Shrek 2.

Menntun hefur alltaf verið stór partur af lífi Cleese enda gekk hann í einkaskóla á barnsaldri og síðar í einn virtasta skóla Bretlandseyja. Á árunum 1973 til 1976 gengdi hann rektorsstöðu í Saint Andrews-háskólanum og enn þann dag í dag er hann prófessor við Cornell University í New York. Cleese býr nú í Santa Barbara í Kaliforníu og er giftur Alice Faye Eichelberger.

**ÞRJÁR BESTU MYNDIR CLEESE:** **Monty Python's Flying Circus** - 1969 **Monty Python and the Holy Grail** - 1975 A **Fish Called Wanda** - 1988



▶ **20.45** *Gaman*

THE OUT-OF-TOWNERS



▶ **19.40** *Gaman*

HOT PROPERTIES



▶ **19.00** *Gaman*

SEINFELD



▶ **21.00** *Gaman*

RUN OF THE HOUSE



▶ **10.10** *Jafnrétti*

ÓÞEKKT

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára **8.06** Bú! **8.17** Lubbi læknir **8.30** Bitte nú! **8.55** Sigga ligga lá **9.08** Sögurnar okkar **9.15** Matta fóstra **9.37** Gló magnaða **10.00** Spæjarar **10.25** Latibær **10.55** Flokksþing Framsóknarflokksins **11.20** Kastljós **11.50** Íþróttakvöld **12.10** Mótorsport **12.40** Flokksþing Framsóknarflokksins **13.00** Íslandsmótið í vélhjólaakstri**13.30** Gullmót í frjálsum íþróttum **14.30** Flokksþing Framsóknarflokksins **14.45** Gullmót í frjálsum íþróttum **15.50** Landsleikur í fótbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith **18.25** Búksorgir

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Kvöldstund með Jools Holland (6:6)**
▶ **20.45 Utanbæjarfólkið** (The Out-Of-Towners) Bandarísk gamanmynd frá 1999 um ævintýri hjóna sem verða fyrir ýmsum óhöppum meðan þau dvelja í New York. Meðal leikenda eru Steve Martin, Goldie Hawn og John Cleese.
**22.15 Stór** (Large) Bandarísk bíómynd frá 2001. Sonur rokkstjörnu sem var vinsæl á áttunda áratugnum þarf að standast stranga skilmála erfðaskrár til að erfa auðæfi föður síns. Leikstjóri er Justin Edgar og meðal leikenda eru Luke de Woolfson, Melanie Gutteridge, Simon Lowe, Lee Oakes og Mirren Delaney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.

**23.35** Taggart – Sárabætur (65) **0.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Andy Pandy **7.05** Kærleiksbirnirnir (e) **7.15** Töfravagninn **7.40** Engie Benjy **7.50** Ruff's Patch **8.00** Gordon the Garden Gnome **8.30** Animaniacs **8.50** Leðurblökumaðurinn **9.10** Kalli kanína og félagar **9.25** Kalli kanína og félagar **9.35** Titeuf **10.00** Froskafjör **10.10** Hildegarde **11.35** S Club 7 **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.10** Monk (10:16) **15.55** Hrein og bein (2:2) (e) **16.25** The Apprentice (6:14) **17.15** Örlagadagurinn (10:14) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Lottó**
**19.05 Íþróttir og veður**
**19.10 My Hero** (Hetjan mín)
▶ **19.40 Hot Properties (3:13)**
**20.05 Það var lagið**
**21.15 Pixel Perfect** (Fullkomið plat) Ungur drengir notar nýuppgötvaða myndbrellutækni föður síns til að skapa tölvugerðu poppstjörnuna Lorettu Modern fyrir hljómsveit vinkonu sinnar. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.40 Hótal Rúanda** (Hotel Rwanda) Sannsöguleg kvikmynd um hetjudáðir hóteleiganda í Rúanda sem bjargaði lífum þúsunda borgara með því að veita þeim skjól á hótelinu. Aðalhlutverk: Don Cheadle, Xolani Mali, Desmond Dube. Str. b. börnum.

**0.45** Blown Away (e) (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Bugs (Bönnuð börnum) **4.05** Monk (10:16) **4.50** My Hero **5.20** Hot Properties (3:13) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
▶ **19.00 Seinfeld (15:22)**
**19.30 Seinfeld (16:22)** (The Stand-In)
**20.00 Fashion Television (e)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn annar þáttur kynnt nýjustu tískuna jafn glæsilega og Fashion Television hefur gert.
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**21.00 Ghost Whisperer (5:22) (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu.
**21.45 Falcon Beach (11:27) (e)** (Trust This)
**22.30 Invasion (20:22) (e)** (Run And Gun)

**23.15** X-Files (e)

### SKJÁREINN

**11.30** Dr. Phil (e)

**13.45** The Bachelor VII (e) **14.45** Point Pleasant (e) **15.35** Trailer Park Boys (e) **16.00** Parental Control (e) **16.30** Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn (e) **17.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir (e) **18.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar (e)

**19.00 Beverly Hills 90210** Tvíburarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnuborgarinnar og kynnast krökkum fína og fræga fólksins í Beverly Hills.
**19.45 Melrose Place**
**20.30 All About the Andersons** Anthony er alltaf jafn óheppinn, hann klessukeyrir bíl pabba síns og Lydia, ljósið í myrkrinu, tekur á sig sökina, því hún heldur að Joe fyrirgefi henni það frekar en Anthony.
▶ **21.00 Run of the House** Kurt reynir að ná samningum við stórt fyrirtæki, en fljótlega kemst hann að því að efnuð eldri kona sem á fyrirtækið vill meira en bara viðskiptasamband, þegar hún skipuleggur nótt með honum.
**21.30 Pepsi World Challenge**
**22.20 Parkinson**

**23.15** The Contender (e) **0.10** Sleeper Cell (e) **1.00** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.50** Beverly Hills 90210 (e) **2.35** Melrose Place (e) **3.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.50** Dagskrárlok

### NFS

**10.00** Fréttir
▶ **10.10** Óþekkt
**11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt **18.00** Veðurfréttir og íþróttir **18.00** Fréttayfirlit

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.10 Fréttavikan**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**21.35 Vikuskammturinn** Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
**22.30 Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Normal (Bönnuð börnum) **8.00** David Bowie: Sound and Vision **10.00** City Slickers **12.00** Radio **14.00** David Bowie: Sound and Vision **16.00** City Slickers **18.00** Radio **20.00 Normal 22.00 Runaway Jury 0.05** Ghost Ship (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Secret Window (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Runaway Jury (Bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**9.45** Tímabilið 2006 – 2007 (e) **10.45** Upphitun (e) **11.15** Á vellinum með Snorra Má **11.45** Sheffield Utd – Liverpool **13.45** Á vellinum með Snorra Má **14.00** Arsena – Aston Villa **16.10** Bolton – Tottenham

**18.30 Portsmouth – Blackburn**
**20.30 West Ham – Charlton**
**22.30 Newcastle – Wigan**

**0.30** Everton – Watford **2.30** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Sexiest Latin Lovers **15.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **16.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **17.00** Sexiest Rock Stars **18.00** E! News Weekend **19.00** Sexiest Supermodels **20.00** Sexiest Movie Stars **21.00** Sexiest European Stars **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** What Hollywood Taught Us About Sex **2.00** Wild On Tara

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Hefur þú áhyggjur af barninu þínu?

Faðir hringdi...
Sonur okkar hefur breyst mikið undanfarið og í gær fann ég undarlega hluti í skólatöskunni sem vekur grun um að ekki sé allt með felldu. Hann er nýbyrjaður í framhaldsskóla og hefur eignast nýja vini sem hann hangir mikið með um helgar. Hann er farinn að tala um að hætta í skóla og fara að vinna, vanti pening og hluti. Síðustu nótt kom hann ekki heim fyrr en undir morgun...

Móðir hringdi...
Dóttir mín kom heim í kvöld eftir bíóferð með vinkonum sínum og var talsvert ölvuð. Hún neitaði því að hafa drukkið áfengi en við vitum að hún hefur fiktað við að reykja. Hún verður alltaf uppstökk og æst þegar við reynum að tala við hana um vímuefni og í kvöld hótaði hún því að láta sig hverfa ef við hættum ekki. Hún er 14 ára...

Foreldrasíminn opinn allan sólarhringinn...

FORELDRA síminn 581 1799

1986-2006
www.vimulaus.is
VÍMULAUS ÆSKA

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Sheffield Utd - Liverpool** **Skjár sport** kl.11.45

### *Iðagrænir sparkvellir Englands*



Enski boltinn byrjar að rúlla aftur í dag. Nú getur maður aftur horft á fjölþjóðasveitir Chelsea, Arsenal og Liverpool eftir þjóðarorrustur sumarsins á HM. Það er engum blöðum um það að fletta að enska deildin er sú stærsta í heimi og sú langvinsælasta hérlendis.
Fyrsti leikur tímabilsins er leikur rótgróna stórveldisins Liverpool og nýliðanna Sheffield Utd. Flestir spá Liverpool sigri en það er svo fallegt við knattspyrnuna að þegar á völlinn er komið fjúka allar spár út í veður og vind. Það eina sem skiptir máli er að koma boltanum yfir línuna inn í markið.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | | | |
| | 5 | 9 | 1 | | | | | 7 |
| 6 | | | 3 | | 8 | | 9 | |
| | 3 | 6 | 8 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | 9 | 5 | 7 | 1 | |
| | 2 | | 5 | | 4 | | | 9 |
| 9 | | | | | 3 | 8 | 2 | |
| | | | | | | | 4 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 8 | 6 | 2 | 5 | 1 | 7 | 3 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 3 | 7 | 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 7 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 9 | 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 5 |



▶ **18.30**

*Golf*

PGA MEISTARAMÓTIÐ

SÝN besta sætið

**8.30** England – Grikkland (England – Grikkland) **10.10** Ensku mörkin 2006-2007 **10.40** US PGA í nærmynd **11.05** PGA meistaramótið í golfi 2006

**14.05** Supercopa 2006 (Espanyol – Barcelona) **15.45** Kóngur um stund (6:16) **16.15** Pro Bull Riders **17.10** Gillette Sportpakkinn **17.40** Einvígið á Nesinu

▶ **18.30 PGA meistaramótið í golfi 2006** (US PGA Championship 2006) Bein útsending frá þriðja degi PGA meistaramótsins í golfi í Illinois í Bandaríkjunum. Nú þurfa þeir sem ætla sér að vera í baráttunni um sigur að láta til skarar skríða. Hér eru samankomnir allir bestu kylfingar heims og mikið taugastríð framundan.

**23.00** Box (Floyd Mayweather vs Zab Judah)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Sameinuð stöndum vér **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.40** Fararheill **15.10** Með laugardagskaffinu **16.10** Frjálshyggja Noams Chomsky **17.05** Jan Johansson **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Besti tíminn **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Sögur af sjó og landi **21.05** Djassgallerí New York **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan

**16.08** Helgarútgáfan **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Upphitun fyrir tónleika með Robbie Williams

**19.00** Tónleikar með Robbie Williams **21.00** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson
**16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





Lacetti

Aukahlutir á mynd: Álfelgur

Sportlegur og kröftugur, þægilegur og fjölhæfur. Öllu þessu er blandað saman í nýjan **Lacetti station.** Hvort sem þú ert á leið í fríið, versla eða á ferð með fjölskylduna þá er **Lacetti station** rétti bíllinn - við öll tækifæri.

Lacetti station 1.8 ltr. beinskiptur
Kostar aðeins kr. **1.899.000,-**

*35% útborgun og afgangur á bílasamningi í 84 mánuði

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 12
Sími 590 2000 - www.benni.is

**Bílasalan ÓS**, Akureyri - 462 1430
**Bílahorni hjá Sissa**, Keflavík - 420 3300

CHEVROLET



## HRÓSIÐ...

*... fær Elmar Geir Unnsteinsson sem vinnur nú að því að þýða heimspekirit úr forngrísku yfir á íslensku en hann lærir heimspeki og klassísk fræði í Háskóla Íslands.*

# Fjórum gámum af flugeldum skotið upp

„Þetta verður talsvert öðruvísi sýning í ár því við verðum úti á sjó og munum skjóta upp móts við Sólfarið á Sæbrautinni,“ segir Svava Ólafsdóttir, einn af aðalskipuleggjendum flugeldasýningarinnar sem haldin verður í kvöld og er lokaatburður Menningarnætur.

Sýningin í kvöld verður með talsvert breyttu sniði frá síðustu árum því auk nýrrar staðsetningar verður skotið upp af dýpkunarpramma sem staðsettur verður úti á sjó. „Við byrjuðum púðurvinnuna í síðustu viku en í henni felst að tengja allar bomburnar saman,“ útskýrir Svava. „Í hverri bombu er seinkari sem þýðir að það líða tvær til þrjár sekúndur á milli þess sem bomburnar fara upp. Hver bomba fer síðan ofan í hólk og hver hólkur ofan í gám.“



SVAVA ÓLAFSDÓTTIR Svava er ein þeirra sem mun sprengja upp herlegheitin í kvöld.

Alls verða fjórir opnir ruslagámar fylltir af sprengiefni og gámarnir síðan settir út á dýpkunarprammann. „Í útlöndum eru bomburnar bara settar í hólka en á Íslandi verðum við að setja hólkana ofan í gáma,“ segir Svava. Auk dýpkunarprammans verður varðskipið Ægir notað við sýninguna. „Við munum setja foss á varðskipið og það verður notað sem hluti af sýningunni.“

Svava hefur verið viðloðandi þó nokkrar flugeldasýningar. „Ég er búin að vera í þessu í fimmtán ár og hef því gert þetta áður,“ segir Svava en það er flugeldasýningahópur Hjálparsveita skáta í Reykjavík sem hefur veg og vanda af sýningunni og er hún í boði Orkuveitunnar.

„Við erum með sjö stærðir af bombum og þær eru misþungar. Þær eru frá þremur og upp í tólf tommur og með mismunandi innihaldi. Sumar mynda hringi aðrar pálmatré,“ segir Svava sem er þó ekki viss hversu margar bombur verða sprengdar. „Ég veit ekki alveg hvað þær eru margar en þetta eru nýjar tegundir af bombum og sýningin verður töluvert stærri en í fyrra.“ -kh



SVAKA KRAFTUR Sprengjur flugeldasýningarhóps Hjálparsveita í skáta í Reykjavík eru ekkert smáræði eins og sést.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2 jurt 6 klukka 8 umfram 9 sæti 11 slá 12 samansafn 14 nuddast 16 í röð 17 lítill sopi 18 þrep í stiga 20 kusk 21 ármynni.

**LÓÐRÉTT** 1 teikniblek 3 guð 4 nískupúki 5 skjön 7 vanir 10 traust 13 fálm 15 traðkaði 16 augnhár 19 eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 gras, 6 úr, 8 auk, 9 set, 11 rá, 12 syrpa, 14 núast, 16 bd, 17 tár, 18 rím, 20 ló, 21 árós.

**LÓÐRÉTT:** 1 túss, 3 ra, 4 aurasál, 5 ská, 7 reyndir, 10 trú, 13 pat, 15 tróð, 16 brá, 19 mó.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hyhedsavisen.
2. Hermann Gunnarsson, öðru nafni Hemmi Gunn.
3. Frá Litháen.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



ÍSGERÐUR ELFA Fetar í fótspor Bryndísar Schram í Stundinni okkar í vetur. Ísgerður leikur auk þess í kvikmyndinni Heiðin og í leikriti hjá Leikfélagi Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR: STJÓRNAR STUNDINNI OKKAR

# Frá Taílandi í Stundina okkar

Leikararnir Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Ívar Örn Sverrisson hafa verið ráðin til að stjórna Stundinni okkar í Sjónvarpinu í vetur. Síðustu vetur hafa þau Þóra Sigurðardóttir og Jóhann G. Jóhannsson haldið um stjórnartaumana í Stundinni en þau hafa haldið á önnur mið og það kemur í hlut Ísgerðar og Ívars að fylla skarðið. Ísgerði líst vel á þetta verkefni: „Það spyrja mig reyndar allir að því hvernig það sé að feta í fótspor Bryndísar Schram. En jú, mér líst mjög vel á þetta.“

Tökur á þáttunum hefjast í næstu viku en undanfarið hafa æfingar staðið yfir og þau Ísgerður og Ívar hafa fengið að skoða tökustaðinn og fleira. Leikurunum er ekki ætlað að taka við hlutverkum Birtu og Bárðar heldur verða nýjar persónur kynntar til leiks. Ísgerður fæst ekki til að upplýsa neitt um nýju persónurnar í Stundinni okkar, segir að það verði að koma í ljós síðar. Einhverjir aukaleikarar koma fram í þáttunum en ekki hefur verið gengið frá ráðningu þeirra allra. Að þessu sinni er bryddað upp á þeirri nýbreytni að stjórnendurnir skrifa ekki handrit þáttanna. Það verða Þorgeir Tryggvason, Ármann Guðmundsson og Sævar Sigurgeirsson sem skrifuðu leikritið Klaufar og kóngsdætur, sem hafa fengið það verkefni að skrifa handrit Stundarinnar okkar. „Þetta er mjög skemmtilegt hjá þeim,“ segir Ísgerður, en fyrstu þættirnir með nýju fólki fara í loftið í október. Þættirnir verða teknir upp í törnum, sem bindur leikarana ekki eins mikið niður og verið hefur. Það gefur Ísgerði líka tækifæri til að vinna að öðrum verkefnum.

„Ég verð að leika í kvikmyndinni Heiðin sem Einar Þór Gunnlaugsson gerir, þar fæ ég alveg ágæta rullu. Svo verð ég í einu stykki hjá Leikfélagi Akureyrar. Það verður fínt að prófa að búa á Akureyri,“ segir Ísgerður sem hefur notað sumarið til að ferðast. „Ég fór til Tælands með vinkonum mínum. Það var gott að stelast aðeins í burtu í sólina.“

hdm@frettabladid.is



ÍVAR ÖRN Annar stjórnandi Stundarinnar okkar. Hér sést hann í hlutverki sínu í Kallakaffi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttamaðurinn **Gísli Einarsson** þykir með fyndnari mönnum og það skín oft í gegn í fréttunum sem hann flytur í Ríkissjónvarpinu. Á fimmtudagskvöld bauð Gísli landsmönnum upp á frétt um menn sem vinna í hæstu byggingakrönum landsins. Fréttamaðurinn skaut inn skemmtilegum punktum að hætti hússins, til að mynda að ekki væri nú fullvíst að laun kranamannanna væru í samræmi við lofthæðina sem þeir vinna í og fleira í þeim dúr. Gísli endaði svo fréttina á því að minnast á hugtakið kranablaðamennsku, sem alþekkt sé í íslenskum fjölmiðlum, og viðurkenndi fúslega að frétt hans félli í þann flokk, í orðsins fyllstu merkingu.



Kvikmyndaleikstjórinn **Eli Roth** er staddur á Íslandi um þessar mundir. Roth hefur leigt sér glæsilega svítu á Hótel Borg og hyggst fylgjast með flugeldasýningunni á Menningarnótt þaðan auk þess sem hann hyggst snæða kvöldverð ásamt því fólki sem hann hefur átt hvað mest samskipti við hérlendis. Roth kemur hingað á vegum **Eyþórs Gunnarssonar** sem lék í mynd hans Hostel en leikstjórinn undirbýr nú tökur á Hostel II.



Búist er við athyglisverðu flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina. Allra augu eru á formannskjörinu þar sem **Siv Friðleifsdóttir** og **Jón Sigurðsson** þykja líklegustu kandídatarnir. **Haukur Haraldsson** mun þó ætla að beita sér af krafti fyrir því að ná kjöri. Hermt er að í ræðu sinni hyggist hann gera upp ár sín þegar hann stjórnaði Pan-hópnum, fyrstu erótísku danssýningunni sem boðið var upp á á Íslandi. Hluti af því verður að benda flokksmönnum á að ef allir sem sáu sýningar hópsins á sínum tíma væru kjörgengir á þinginu, yrði sigurinn næsta auðveldur. - hdm





Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686 opið alla laugardaga 11-14

# Eyrún hætt í Kastljósinu

Fjölmiðlakonan Eyrún Magnúsdóttir er hætt sem einn af stjórnendum Kastljóssins. „Já, það er rétt, mér fannst bara vera kominn tími á breytingar. Nú fer ég í sumarfrí en ég sný ekki aftur á skjáinn,“ sagði Eyrún í samtali við Fréttablaðið í gær. „Mig langaði að breyta til – gera eitthvað allt annað – enda er ég búin að vera í tæp tvö mjög fín ár í Kastljósinu. Þar hef ég unnið með frábæru fólki og lært mikið af því.“

Eyrún vill ekki gefa upp hvað taki við hjá sér nú þegar hún segir skilið við skjáinn. „Ég ætla að byrja á því að hvíla mig vel,“ segir Eyrún sem ætlar að reyna við tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í dag. „Annars get ég ekki talað um neitt annað núna. Það er allt opið og ég er að skoða ákveðna möguleika.“ Eyrún er útskrifuð með BA-próf í hagfræði en starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu áður en hún hóf störf í Kastljósinu.



EYRÚN KVEÐUR Eyrún kveður nú samstarfsfólk sitt í Kastljósinu eftir tæplega tveggja ára starf.

# LAGER SALA

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Grunsemdir

Í heilsíðuauglýsingu frá Samvinnuhópi kristinna trúfélaga um síðustu helgi var því lýst í grófum dráttum hvernig lækna mætti samkynhneigð. Auglýsingin vakti þónokkra athygli ekki síst vegna þess að lækningahugtakinu var þarna beitt ansi frjálslega. Í fræðunum er almennt viðurkennt að sjúkdómur sé forsenda þess að hægt sé að lækna eitthvað. Flestir eru hins vegar alveg lausir við að sjá samkynhneigð sem sjúkdóm.

**AUGLÝSINGIN** var í besta falli hlægileg, en í versta falli ógeðsleg. Eitt þema á martraðarkenndum spennutryllum bókmenntasögunnar er þegar fullkomlega heilbrigð söguhetja er dæmd veik af ofstopafullu yfirvaldi og lokuð inni. Í raunveruleikanum hefur þetta oft gerst. Fullkomlega heilbrigðir samfélagshópar eru látnir sæta meðferð eins og þeir séu sjúkir, eða jafnvel drepnir eins og konur á miðöldum sem kirkjan áleit nornir.

**MÖNNUM** er frjálst að finnast samkynhneigð dæmi um einkennilegt háttalag sem ekki hentar þeim sjálfum neitt sérstaklega vel. Mönnum er til dæmis frjálst að finnast það furðulegt að tveir karlmenn vilji virkilega, í allri veröldinni, búa saman allt sitt líf. Spyrja má hvort ekki sé all svakaleg táfýla á svoleiðis heimilum. Skítugir sokkar út um allt. Sakleysislegir hleypidómar drepa sem sagt engan og eru oft til skemmtunar. Eftir stendur hins vegar að líferni samkynhneigðra, sem slíkra, kemur öðrum afskaplega lítið við. Hvort nágrannarnir séu samkynhneigðir kemur mér álíka mikið við og hvort þeir séu grænmetisætur.

**FREKAR** mætti mín vegna lækna ýmislegt annað, fyrst menn ætla á annað borð að fara að lækna alls konar hluti, sem er auðvitað athyglisverð hugmynd í sjálfu sér. Það fer til dæmis afskaplega í taugarnar á mér þegar fólk talar í bíó. Trúfélögin mega gjarnan lækna það. Eins fer það í mína fínustu þegar fólk smjattar. Það þarf að lækna. Svo mættu trúfélögin gjarnan líka lækna suma stjórnmálamenn af valdníðslu, yfirgangi og ofstopa. Eins mætti taka til skoðunar hvort ekki ætti að setja upp sérstaka meðferðarstofnun fyrir lagahöfunda íslenskra sveitaballahljómsveita svo þeir semji betri lög. Boða mætti á sama tíma námskeið trúfélaga til þess að hjálpa FM-hnökkum að breyta um hárgreiðslu og hætta að fara í „spray-tan“.

**AF** öllu því sem lækna mætti í veröldinni má spyrja af hverju þetta trúfólk hefur svona mikinn áhuga á samkynhneigð og telur hana til svona mikillar meinsemdar. Þessi ákefð vekur grunsemdir. Það kæmi mér ekki á óvart að fólk sem hefur svona mikinn áhuga á samkynhneigð reyndist á endanum samkynhneigt sjálft. Þannig var plottið í myndinni American Beauty. Forherti hommahatarinn var hommi sjálfur. Þannig held ég að þetta sé líka í þessu tilviki. Snorri í Babel og Gunnar í Krossinum eiga eftir að koma út úr skápnum. Sem hommar eru þeir læstir inni í forhertum líkömum bókstarfstrúarmanna, hrópandi á hjálp með heilsíðuauglýsingum.

